


TRAUSTI VALSSON OG ALBERT JÓNSSON

VIÐ ALDAHVÖRF

STAÐA ÍSLANDS Í BREYTTUM HEIMI




STAÐA ÍSLANDS Í BREYTTUM HEIMI

Íslendingar standa á krossgötum. —
Umbylting á alþjóðasviðinu. — Lok
kalda stríðsins. — Samrunaþróun
Evrópu. — Æ meiri kröfur og þörf
fyrir alþjóðleg samskipti. — Tæknileg
alheimsbylting með veraldarvef
upplýsingaflæðis.

Um síðustu aldamót ortu skáldin
innblásin hvatningarljóð um
komandi gullöld nýfrjálsrar þjóðar.
Íslendingar vélvæddust, notfærðu sér
auðlindirnar og urðu meðal ríkustu
þjóða heims.

Leita þarf nýrra ráða og staða okkar
er sterk. Ísland býr yfir fleiri
auðlindum t.d. fegurð og hreinleika.
Og „menntun opnar möguleika“.
Bók Trausta og Alberts er áskorun um
að ganga sóknðjarfir inn í nýja
„upplýsingaöld“, notfæra sér
menntun og þjóðararf sinn og vera
virkir þátttakendur í samfélagi
þjóðanna.



ISBN 9979-58-257



Við aldhvörf

Staða Íslands
í breyttum heimi

Efnisyfirlit

Formáli	4
Um efni bókarinnar	5
I Ný þróun í heiminum	
1 Umskipti í alþjóðamálum	9
2 Mikilvægi utanríkisviðskipta	17
3 Umhverfismál breyta viðhorfum	25
4 Tækni- og þekkingarumhverfi	33
5 Menningarþættir í þróun þjóðmála	41
II Ný landakort	
6 Breytingar í byggðapróun heimsins	49
7 Ný Evrópa í mótun	57
III Breytt staða Íslands	
8 Ísland í nýrri heimsmynd	65
9 Breytingar á byggðamynstri á Íslandi	73
10 Mat á leiðum til framtíðar	81
Kortaskrá	89
Skýringarmyndir	90
Ljósmyndir	90
Tímaásar framtíðar	92
Eftirmáli	94
English summary	95
Atriðisorð	95
Heimildaskrá	96


Fjölvaútgáfan,
Reykjavík 1995
 Öll réttindi áskilin
 © Fjölvi 1995
 © Trausti Valsson og
 Albert Jónsson 1995

Tölvuvinnsla:
 Macintosh Powermac
 Photoshop og
 Quark fyrir Powermac
Prentmyndastofunni hf.
 þökkun aðstaða og
 tæknileiðbeining
Hönnun og kort:
 Trausti Valsson og
 Kjartan Jónsson
Tölvuteiknun: Kjartan Jónsson
Tækniráðgjöf:
 Ólafur R. Ólafsson
Filmuvinna:
 Prentmyndastofan hf.
Prentun:
 Ísafoldarprentsmiðja hf.
 Bókband: Flatay hf.

Trausti Valsson og Albert Jónsson

VIÐ ALDAHVÖRF

Staða Íslands
í breyttum heimi



FJÖLVA⁺ÚTGÁFA

Formáli

VIÐ GREININGU á stjórnámálum og mótun stjórnmalastefnu er mikilvægt að nota rétt hugtök. Þegar bókinn *Við aldahvörf* eftir Trausta Valsson og Albert Jónsson er lesin, vaknar sú spurning, hvort það sé lengur við hæfi að nota hugtakið „utanríkismál“, þegar rætt er um samskipti Íslands við önnur lönd. Því að við mat á stöðu Íslands í breyttum heimi kemur greinilega í ljós, að það sem gerist utan íslenska ríkisins, snertir alla þætti íslensks þjóðlífs. Sá tími er fyrir löngu liðinn, að unnt sé að greina á milli þróunar innan landamæra Íslands og utan. Atvinnuhættir, menntun og líf skjör mótast af alþjóðlegum kröfum og samanburði.

Tölvan, sem notuð er til að festa þennan texta á blað, er jafnframt leið inn á upplýsingahraðbrautina og veraldarvefinn. Þangað get ég leitað, reki mig í vörðurnar og þar get ég einnig kynnt sjónarmið mín. Þeir sem búa hinum megin á hnettinum, geta nálgast mig á svipstundu og án meiri útgjalda en heimasímtal kostar. Niðurstöður sérfræðinga hníga að því, að við aukið frjálsræði í heimsviðskiptum og hrun viðskiptamára njóti smáfyrirtæki og smáríki sín betur.

Efnahagssuppsveifla og markaðsvæðing í Kína kann að marka mestu þáttaskil okkar tíma. Umskiptin eftir hrun kommúnismans í Evrópu jafnast ekki á við þetta stökk 1200

milljóna manna úr sósíalisma inn í markaðsbúskap. Takist Kínverjum að halda áfram á sömu braut, má telja atburðina í Kína mestu efnahagsbyltingu í skráðri sögu mannsins.

„Framtíðarsýn“ er tiltölulega nýtt orð í íslenskum stjórn málaumræðum og margir kvarta undan að hana vanti, ekki síst þegar staða Íslands í breyttum heimi er metin. Í þessari bók er leitast við að bregða ljósi á ýmsa grundvallarþætti, sem snerta sess Íslendinga í samfélagi þjóðanna. Greining höfunda staðfestir haldleysi stjórn máladeilna um þessa þætti. Við okkur Íslendingum blasir að nýta ný og hvetjandi tækifæri til að skipa áfram sæti meðal þeirra þjóða, þar sem líf skjör eru best. Höfundar draga upp mynd af því, hvert stefna beri til að þetta takist.

Menntun og hagnýting hennar er leidarstjarnan inn í 21. öldina. Íslenska þjóðin villist af leið, ef hún áttar sig ekki á því, að dauðahald í búsetu, atvinnuhætti og aðferðir við rekstur eigin þjóðfélagsstofnana, kann að vera framtíð hennar hættulegra en virk þátttaka í alþjóðasamstarfi og markviss aðlögun að breyttum heimi.

Björn Bjarnason

Um efni bókarinnar

HEIMSSÖGULEGIR ATBURÐIR á undanförunum árum og örur breytingar í tækni og viðskiptum vekja upp margar spurningar um hvað sé framundan. Þegar aldamót nálgaast, örvar það menn til að horfa fram um veg og skerpa og skilgreina framtíðarsýnina. Því meiri er hvötin um þessi aldamót, að nú eru það ekki aðeins aldir sem mætast, heldur árbúsund.

Hér verður leitast við að varpa ljósi á stöðu Íslands við aldahvörf og gera sér grein fyrir hvert stefnir.

Í fyrstu átta köflum bókarinnar verður reynt að gefa almenna yfirsýn yfir óðfluga breytingar sem orðið hafa á alþjóðavettvangi á örfáum árum og gera sér grein fyrir hvaða áhrif þær hafi á íslenska atvinnuvegi og þjóðlíf og hvernig bregðast eigi við þeim.

Upp á síðkastið hefur þróunin einkennt mjög af víxlverkunum og samvinnun ólíkra þátta. Myndin til hægri útskýrir með örvum þær víxlverkanir sem drepit er á í fimm fyrstu köflum bókarinnar.

Það er nokkuð óvenjulegt við framsetninguna, að margt af því sem nú er að gerast í alþjóðamálum er sýnt með skýringarmyndum og landakortum. Dæmi um þetta eru ýmis landakort, sem sýna t.d. vænlegustu ný viðskiptasvæði Íslendinga, svo sem í Mið- og Austur-Evrópu og Asíu.

Að loknu þessu yfirliti um alþjóðasviðið, hið ytra umhverfi íslensks þjóðlífs og atvinnulífs, kemur að því í síðustu köflunum að útskýra ýmis ný viðhorf og möguleika í íslenskum þjóðmálum. Það hefst með kaflanum sem ber heitið „Ísland í nýrri heimsmynd“.

Í níunda kafla er skoðað hvernig ýmis aðstaða á Íslandi og sú uppbygging og þjónustukerfi, sem við höfum komið á, henti hinum ólíku starfssviðum. Þróun þessara kerfa er rakin í sögulegu samhengi, en með því móti fæst m.a. betri skilningur á því að

hvaða leyti byggðamynstrið er orðið úrelt og hvernig það gæti tekið breytingum og þjónað nýjum viðfangsefnum.


Í tíunda og síðasta kafla eru loks settar fram í stuttu máli fimm leiðir eða möguleikar í atvinnuuppbyggingu á Íslandi og þannig sýnt, hvernig skipulagsfræðin dregur upp slíkar framtíðarmyndir. Hér er greint frá því hvaða forsendur hver leið útheimti til frekari uppbyggingar þjónustukerfa og til byggðamynsturs í framtíðinni.

Fjallað er um fimm leiðir: Sjávarútvegsleið, Orkuvinnsluleið, Verndunarleið, Hugvitsleið og Ferðaþjónustuleið.

Þar kemur m.a. fram að nokkur hætta er á árekstrum Sjávarútvegs- og Orkuvinnsluleiðar við Verndunarleiðina, en að Verndunar- og Ferðaþjónustuleiðin gætu hinsvegar farið nokkuð vel saman, m.a. vegna þess að verndunarsvæði nýtast við uppbyggingu ferðaþjónustu.



Þegar hugað er að þessum málum, verður jafnan að taka tillit til krafna fólks um lífsgæði, sem þó eru stöðugt að taka breytingum. Og hafa verður í huga, að opnun þjóðfélagsins út á við auðveldar virkari samskipti við önnur lönd og kemur okkur til góða í bættum líf skjörum. Uppbygging ferðaþjónustu auðveldar einnig samskiptin og skapar Íslendingum sjálfum jafnframt betri aðstöðu til að njóta landsins. Verndunarstefnan getur eflt ferðaþjónustu og aukið þjóðartekjur en getur orðið tvíþent.

Höfundar bókarinnar ætla sér auðvitað ekki þá dul að þeir geti afmarkað hina einu réttu leið í framtíðarþróun íslensks þjóðfélags. Þeir vilja einfaldlega lýsa helstu þáttum mála, benda á úrræði og leiðir, og draga upp nokkra mynd af því, hvernig ólíkir valkostir henta íslenskum staðháttum.



Myndrænt efnisyfirlit bókarinnar

Með opnun Ermarsundsganganna og framlengingu hraðlestakerfis Evrópu norður til Glasgow, skapast möguleiki á því fyrir Íslendinga að komast inn í þetta hraðflutningakerfi með ferjutengingu frá Reykjavík.




Grískt ljón, sem norrænir víkingar gátu ekki stillt sig um að rista á tákni í dýrastil og voru þannig engu betri en ferðamenn nú á dögum.

Íslenskt þjóðfélag stendur nú að ýmsu leyti á krossgötum: Veruleg aukning í sjávarútvegi að magni til er ekki í augnsýn, landbúnaður hefur dregist saman og orkuvinnsluleiðin hefur ekki reynst eins auðfarin og menn hugðu. Þó er langt í frá að staða landsins sé slæm. Menningar- og menntastig er gott og margt í hinna alþjóðlegu þróun kemur Íslandi til góða.

Helsta vandamálið er, að nú um sinn er ekki hægt að auka þjóðartekjurnar með aukinni hráefnisframleiðslu. Þess í stað verðum við að efla fjölbreytni atvinnulífsins og gæði þjónustu og vöru. Slík þjóðfélagsleg umskipti, frá hráefnisframleiðslu til fingerðari úrvinnslu og þjónustu, urðu víða í Evrópu fyrr á öldinni. Með því lögðu þjóðirnar niður mörg einhæf og óþrifaleg störf, t.d. í kola-vinnslu, járnbræðslu og jafnvel fiskveiði. Þannig breyttust margar óþrifalegar borgir smámsaman í snyrtilegri byggð með fjölbreytilegu mannlífi.

Ekki eru mörg ár síðan „lífið var eintómur saltfiskur“ (eða þorsklökkir) í öllum kaupstöðum á Íslandi. Þeir báru flest einkenni hráefnisvinnslubæja, þar sem um litla afþreyingu, hvað þá menningarstarfsemi, var að ræða. Jafnvel í Reykjavík voru fyrir um 15 árum einungis tvö kaffihús — Hressó og Mökkakaffi — opin á kvöldin. Nú iða hinsvegar Reykjavík, Akureyri, Hafnarfjörður og jafnvel fleiri kaupstaðir öll kvöld af kaffihúsalífi og allskyns menningarviðburðum eins og listsýningum, tónleikum, bókmenntakvöldum. Og út um allt land eru bæjarstjórnir farnar að styðja stofnun menningarstöðva.

Skýringin er ofur einföld. Nú er farið að telja félagslíf og menningarviðburði til ómissandi lífsgildis. Önnur lífsgildi sem einnig hafa vaxið að mikilvægi eru möguleikar á íþróttum og útilífi, ferðalög og auðveldari samskipti við önnur lönd. Á þessum sviðum hefur ný tækni og aukning ferðaþjónustu á allra síðustu árum komið að liði.



Kortid sýnir byggðir víkinga og siglingaleiðir þeirra eftir fljótum í Austurveg og um úfið haf til Íslands og Vesturheims. Framtak þeirra og dirfska gæti orðið okkur nútímamönnum fordæmi þó í breyttum heimi sé.

Ef þetta kæmi ekki til, er hætt við að margt af hinu kröfuharða, unga fólki flyttist til útlanda, af því að það teldi ekki fullnægjandi þau lífsgæði sem bjóðast á Íslandi.

Vegna umskipta frá einhæfri hráefnisframleiðslu til margbrotinnar þjónustu og úrvinnslu, opnast sá möguleiki að þjóðfélagið bjóði upp á störf fyrir fjölmenntað fólk. En slík þjóðfélagsbreyting er svo róttæk og vandasöm, að líklega hefðum við Íslendingar

ekki tekist á við þessa nauðsynlegu ummótun, ef ekki hefði komið til samdráttar í hráefnisframleiðslu bæði í fiskveiðum og álbræðslu. Þessi tímabundna takmörkun gæti orðið til þess að koma á rekspöl þróun sem mun gagnast okkur vel í framtíðinni.

Í nútímaþjóðfélagi gerir fólk kröfur um ódýrari og auðveldari ferðalög milli landa og samskipti við umheiminn. Hin stafræna samskiptabylting með hjálp ljósleiðara-

strengsins yfir Atlantshafið, kemur Íslendingum að miklu gagni. Þá verða flugferðir milli landa orðnar ódýrari og tíðari vegna ferðamálaþróunarinnar. Nýr ódýr samgöngu- og flutningamiðill: — ofurhraðlestirnar, er í þróun í Evrópu og með Ermarsundsgöngunum og hraðbraut þaðan norður til Glasgow, opnast möguleiki á að Ísland tengist þessu kerfi beint með ferju milli Reykjavíkur og Skotlands.

EES- og GATT-samningarnir munu stuðla að stóru aukningu alþjóðaverslun, því að með þeim munu falla niður ýmsar hindranir í samskiptum milli landa og innflutningur á ódýrri vöru og þjónustu verður auðveldari. Það mun stuðla að því að viðhalda háu neyslustigi á Íslandi, jafnvel hjá fólki með lágur tekjur. En sá böggull fylgir skammrífi, að atvinnugreinar og fyrirtæki, sem lifað hafa í skjóli hárra tollmúra verða að laga sig að breyttu viðskiptaumhverfi og taka sig á.

Þegar á heildina er litið, mun hin aukna samkeppni lækka verð á vörum og þjónustu og þannig bæta kjör fólksins í landinu. En á hinn bóginn er hætt við að greinar, þar sem ekki er hægt að viðhalda nægri framleiðni, standist ekki samkeppni og að þannig dragi úr fjölbreytni, t.d. í ýmiskonar landbúnaðarframleiðslu.

En fjölbreytnina má aftur auka með nýjum hágæðavörningi og einmitt þar er nauðsynlegt að gera stóratök til að vinna nýja markaði erlendis og ná meiri verðmætum út úr hráefnunum.

Við stöndum vel að vígi, því að við erum svo heppin að búa hér á landi að góðu og heilnæmu hráefni. Þá höfum við til að bera menntað fólk, sem getur sérhæft sig og eiginum þannig margvísleg tækifæri til hágæðaframleiðslu. En í hinu skortir á að skapa okkur aðstöðu og hæfni til að koma vöru og þjónustu á framfæri erlendis — þar erum við enn á algeru byrjendastigi.

Hér þurfum við líka að vinna bug á þeirri gömlu tilhneigingu, sem enn gætir á alltof

mörgum sviðum atvinnulífsins — að miða helst til mikið við innanlandsmarkað hvort sem er í framleiðslu búvöru, iðnvarnings eða þjónustu af ýmsu tagi. Þessi innhverfa afstaða kom m.a. í ljós, eftir að við höfðum stækkað fiskveiðilögsöguna. Þá drógu íslenskir togarar úr sókn á erlend mið, sem þeir þá höfðu aðgang að, svo að hugsanleg réttindi glötuðust. Og upp úr því hófst líka sú ofveiði á heimamíðum sem við nú súpum seyðið af, — í stað þess að tryggja verndun fiskstofnanna og viðhalda þannig hámarksafrakstri þeirra.

Til þess að víkja frá þessari „innhverfu“ þarf umskólun hugarfarsins og gæti þá reynst notadrjúgt að minnast forfeðranna og risfa upp að við Íslendingar erum komnir af einhverjum mestu sæföllum og landkönnuðum sögunnar, vikingunum. Á fyrstu öldum Íslandssögunnar voru Íslendingar þannig sóknðjarfir og sigldu um víðan sæ. Um síðustu aldamót ortu Einar Benediktsson, Hannes Hafstein og fleiri skáld innblásin hvatningarljóð um komandi gullöld hinnar nýfrjálsu þjóðar. Þeir áttu með því þátt í að efla sóknarhug á öllum sviðum þrátt fyrir efnaleysi og menntunarskort þjóðarinnar.

Efnahagur þjóðarinnar er nú ólíkt styrkari og lífsskjörin betri en við síðustu aldamót. Enn á ný standa Íslendingar við aldahvörf á krossgötum. Sóknarhugurinn þarf núna að beinast að því að gerast virkari þátttakendur í samfélagi þjóðanna og að mæta þeirri áskorun að geta boðið upp á ný og fjölbreytt störf og jafnframt eflt lífsgildi og lífsskjör á Íslandi.



Fornir peningar frá fjarlægum löndum, sem fundist hafa við Eystrasalt og jafnvel á Íslandi, bera vott um það hve víðförlir víkingarnir voru.

1 Umskipti í alþjóðamálum

Á UNÐANFÖRNUM áratugum hefur þeirrar þróunar gætt í alþjóðamálum að ríki verða að þola æ meiri utanaðkomandi áhrif. Þau verða stór sem smá að sætta sig við ótal ákvarðanir sem teknar eru í öðrum ríkjum og í alþjóðasamtökum. Þessi samvinnun á m.a. rætur að rekja til tækniframfara, einkum á sviði fjarskipta og samgangna, sem opna ríkin fyrir ytri áhrifum. Þó að þessi þróun hafi átt sér stað á nokkrum áratugum, er það örskammur tími þegar lítið er til mannkynssögunnar allrar.

Nú hafa líka á örfáum árum orðið mikil umskipti í heimspólítíkinni með lokum kalda stríðsins. Hins vegar hefur engin breyting orðið á fátæktinni og skortinum sem hrjáir meirihluta mannkyns; skortur á mat, læknishjálp, menntun, mannréttindum og skortur á mannlegri virðingu. Fylgifiskar skortsins eru tortryggni, hatur, öfund, fjarðskapur, óstöðugleiki og ófriður. Þróun hernáðartækni kann að leiða til þess að þeir sem líða skort í heiminum ráði í framtíðinni yfir öflugri vopnabúnaði, jafnvel yfir kjarnorkuvopnum.

Oft siglir óvissa og óstöðugleiki í kjölfar stórstígra breytinga í heimssögunni. Tíminn frá því að jártjaldið, sem skipti Evrópu, féll og Sovétríkin hrundu er engin undantekning frá því. Arfleifð kommúnismans og öll þau gömlu vandamál, sem hann „frysti“ og lét óleyst, valda nú meiri óvissu í Evrópu en þar hefur ríkt um langt skeið. Þar má nefna þjóðernisólgu, brothætt lýðræði, efnahagskreppu og hin stórfelldu umhverfisspjöll í mið- og austurhluta álfunnar.

Enda þótt kalda stríðinu sé lokið, er enn rík ástæða til að standa vörð um friðinn á meginlandi Evrópu. Þá hagsmuni eiga Íslendingar áfram að styðja og hefur ekki orðið breyting á því, né hernáðarlegri stöðu landsins í grundvallaratriðum.

Í því samhengi er fróðlegt að líta til löngu liðins tíma í sögu Evrópu. Í Napóleonsstríðunum á fyrstu árum nítjándu aldar tókst Bretum að knésetja Frakka og koma á því valdajafnvægi á meginlandi Evrópu að ekkert ríki yrði þar einrátt og nógu öflugt til þess að ógna öryggi Breta, yfirráðum þeirra á hafinu og nýlenduvelði. En á síðari hluta sömu aldar magnaðist nýtt stórveldi í Evrópu sem ógnaði þessu fyrirkomulagi. Það var Rússland. Bretum tókst enn um hríð í skjóli flota-veldis síns og með því að friðmælast við Frakka, að viðhalda valdajafnvægi í Evrópu, sem þeir áður komu á með sigrinum yfir Napóleoni. Auk þess gerðu Frakkar og Rússar með sér bandalag gegn uppgangi Þjóðverja.

En það hrikta í stöðum og sumarið 1914 hrundi valdakerfið á örfáum vikum. Fyrri heimsstyrjöld braust út og endi var bundinn á hinn svonefnda hundrað ára frið sem ríkt hafði áfallalítið milli stórvelda Evrópu frá lokum Napóleonsstríðanna.

Þjóðverjar gáfust upp haustið 1918, ekki af því að þeir hefðu farið hálloka á vígvöllunum fyrir evrópskum andstæðingum sínum, Bretum, Frökkum og Rússum, heldur af því að þeim síðarnefndu hafði bæst liðsauki frá nýjum bandamönnum. Þeir komu frá fjarlægum landi handan hafsins, en voru óþreyttir og svo öflugir að þeir gátu haldið styrjöldinni áfram lengur en nokkurt hinna ófriðarríkjanna. Þetta voru Bandaríkjamenn.


Þar með varð valdajafnvægið í Evrópu, sem Vesturveldin sóttust eftir, í fyrri heimsstyrjöldinni háð siglingaleiðinni yfir Norður-Atlantshaf. Það ásamt nýrri flotatækni sem meginlandsveldið í Evrópu tók að beita gegn sjóflutningum Breta og Bandaríkjamanna á Atlantshafi, átti síðan eftir að gjörbreyta hernáðarlegu vægi Íslands.

Í fyrri heimsstyrjöld takmörkuðust flota-




Kröftugt tákni fyrir þau miklu og skyndilegu umskipti í alþjóðamálum sem nú hafa orðið: hausinn af risavaxinni stytta Leníns sem velt hefur verið af stalli.

Einangrunarstefna var löngum ríkjandi meðal Bandaríkjamanna og þeir sáratregir að blanda sér í erlendar deilur og styrjaldir.




A. Bandaríkin taka þátt í fyrri heimsstyrjöldinni til að koma á valdajafnvægi í Evrópu.

Það var ekki fyrr en eftir árás Japana á Pearl Harbour á Hawaii-eyjum 1941 að Bandaríkjamenn hófu opinbera þátttöku í seinni heimsstyrjöldinni.



B. Bandaríkin skerast í leikinn í seinni heimsstyrjöldinni því að þýsk Evrópa myndi ógna þeim.

Þó dregið hafi úr hættu á stórveldastríði í Evrópu þýðir það ekki að herstöðin í Keflavík sé bandamönnum gagnslaus. Það sannast m.a. í herflutningunum til undirbúnings Flóastríðinu.



C. Bandaríkin þurfa aðstöðu á N-Atlantshafi vegna herflutninga yfir hafið, (Persaflóastríðið 1991).


aðgerðir Þjóðverja mest við Norðursjó og svæðið umhverfis Bretlandseyjar. En strax á fyrstu mánuðum síðari heimsstyrjaldarinnar veturinn 1939—40, sóttu Þjóðverjar miklu vestar út á Atlantshaf. Til þess að eiga hægara um vik að verja birgða- og vopnaflutninga frá Norður-Ameríku til Bretlands, hernámu Bretar Ísland í maí 1940. Síðan tóku Bandaríkjamenn við hervernd Íslands af Bretum í júlí 1941 með sérstökum samningi við íslensk stjórnvöld. Þeir voru nú í annað sinn á öldinni að hefja afskipti af átökum í Evrópu og nú gegndi Ísland lykilhlutverki á Norður-Atlantshafi.

Í þessari styrjöld var sjóflutningunum yfir Norður-Atlantshaf ógnað af kaþbátastöðvum Þjóðverja í Norður-Þýskalandi og á vesturströnd Frakklands, eftir að Þjóðverjar höfðu hernumið það sumarið 1940.


Í kalda stríðinu var siglingum yfir hafið hins vegar ógnað af Norðurflota Sovétríkjanna með bækistöðvum á Kólaskaga við Barentshaf. Þar með jókst hernaðarlegt mikilvægi Íslands enn frekar. Lærdómurinn sem dreginn var af heimsstyrjöldunum um öryggishagsmuni landsins leiddi til þátttöku í Atlantshafsbandalaginu (NATO) árið 1949 og varnarsamnings við Bandaríkin tveimur árum síðar.

Þó kalda stríðinu sé nú lokið hefur NATO enn miklu hlutverki að gegna fyrir öryggi Evrópu, einkum vegna þátttöku Bandaríkjaanna í bandalaginu, sem enn er ómissandi til að tryggja frið og stöðugleika á meginlandinu. Öll Mið- og Austur-Evrópuríkin hafa nú tekið upp nána samvinnu við NATO og flest sækjast eftir aðild að bandalaginu.

NATO er áfram afar mikilvægt fyrir varanlega öryggishagsmuni Íslendinga. Þeir liggja, eins og sagan sýnir, beggja vegna Atlantskála. Annars vegar er öryggi Íslands komið undir stórveldafriði á meginlandinu. Hins vegar eru varnir landsins háðar samstarfinu við Bandaríkin. Það er einungis í NATO sem



Hugmyndafræðilegur ágreiningur milli Vesturblokkar og Austurblokkar réði heimsskipun kalda stríðsins á árunum 1950–1990. Ísland var þá nálægt átakamiðjunni.



Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna ber í síauknum mæli á spennu milli auðugu ríkjanna í norðri og hinna fátæku þróunarríkja í suðri. Vegna hánorðlægrar hnattstöðu hafa Íslendingar lítið af þeim átökum að segja.

Hrun Berlínarmúrsins 1989 fól í sér lok kalda stríðsins. Síðan hefur áhugi Vestur-Evrópu beinst mjög að stuðningi og þátttöku í viðreisn Austur-Evrópu, en áhuginn minnkað á stuðningi við hin suðlægu þróunarlönd.



Íslendingar tóku forystuna í viðurkenningu nýfrjálsu ríkjanna við Eystrasalt. Þrátt fyrir það hafa þeir ekki enn fengið að taka þátt í hinu nýja Eystrasaltsráði, sem skyldi vera tengiliður við Norðurlönd.



Með gerð EES-samningsins var stigið mjög stórt skref í samhæfingu reglna og starfshátta í Evrópu. Samkvæmt fjórfrelsinu verður EES-svæðið að einum vinnumarkaði og niðurfelling tolla hefur mjög hjálpað íslenskum fiskútflytjendum.




Þessir hagsmunir beggja vegna hafsins tengjast. Lok kalda stríðsins breyta ekki þeim grundvallaratriðum.

Eftir sem áður þarf hvað sem á bjátar að vera hægt að tryggja skjóta og örugga liðs- og birgðaflutninga í lofti og á legi yfir Atlantshaf. Ísland hefði því mikla þýðingu, ef alvarlegt hættuástand skapaðist í Evrópu, og það enda þótt það fæli ekki í sér hættu á stórstyrjöld af því tagi sem menn óttuðust í kalda stríðinu, heldur væri um að ræða svæðisbundin átök. Keflavíkurstöðin er einnig mikilvæg til millilendinga fyrir herflutninga í lofti frá Norður-Ameríku til átakastaða utan Evrópu, líkt og kom í ljós í Persaflóadeilunni 1990–91.

Hins ber að gæta að hernadarleg þýðing Íslands í kalda stríðinu gaf rödd Íslands oft meira vægi en annars hefði verið. Með brottfarfi sovésku hernadarógnunarinnar og nýjum dagskrármálum á alþjóðavettvangi eftir lok kalda stríðsins hafa aðstæður þjóðarinnar til að tryggja áhrif sín breyst að þessu leyti. Þetta krefst virkari þátttöku í alþjóðasamstarfi en einnig að Íslendingar axli stærri byrðar en áður. Íslendingar geta verið þátttakendur til jafns við aðra í alþjóðasamstarfi þar sem ekki þarf að leggja fram herafli. Af þessum sökum er eðlilegt að þeir beini kröftum sínum þangað sem þeir geta lagt sitt af mörkum, svo sem að mannréttindamálum, friðargæslu og þróunarhjálp og taki þannig virkan þátt í að stuðla að friði og stöðugleika í veröldinni.

Kalda stríðið var ráðandi þáttur í alþjóðamálum í rúm fjórutíu ár. Með lokum þess gæfir óhjákvæmilega breytinga á viðfangsenum alþjóðamála. Ný öryggisvandamál koma upp sem rekja rætur til sögunnar og arfleifðar kommúnismans í Evrópu. Önnur, svo sem útbreiðsla hátæknivopna og jafnvel geryðingarvopna, stafa af þróun hertækni. Þá hafa efnahagsmál og verslunarviðskipti hvers konar orðið miklu fyrirferðarmeiri en áður í milliríkjasamskiptum. Og nýr dag-




Undanfarin ár stefndi samruna-
þróun Evrópu mest til suðurs, að
Miðjarðarhafinu. En með aukinni
þátttöku Norðurlanda og opnun
Austur-Evrópu beinist þróunin nú
til austurs og norðurs. Með því
styrkist aðstaða og áhrif þjóðverja
mjög. Því er mikilvægara en
nokkru sinni fyrr að Íslendingar
rækti góð tengsl við Þýskaland.

skrárliður, umhverfismálin, hefur rutt sér til rúms. Þau hafa nú orðið fjórða megin svið alþjóðamála, auk öryggismála, milliríkjavíðskipta og málefna þróunarriksja.


Í meginatriðum hafa lok kalda stríðsins ýtt verulega undir þá samtvinnun ríkja og heimshluta, sem hefur þau áhrif að þjóðir verða sífellt háðari hver annarri. Lengi vel gætti þessa fyrst og fremst í hinum vestræna hluta alþjóðakerfisins. En eftir lok kalda stríðsins, með eflingu markaðsbúskapar og lýðræðislegra háttá, breiðist samtvinnunin út um heiminn.

Efnahagsafkoma Íslendinga hefur um langt skeið ekki ráðist einungis af innlendum ákvörðunum heldur af ýmsum ytri þáttum sem Íslendingar hafa lítil sem engin áhrif á. Oft ráða atriði eins og verðlag á útflutningsvörum, alþjóðleg gengisþróun og vaxtastefna erlendra ríkja úrslitum á mikilvægum sviðum íslensks efnahagslífs. Þá verður íslenskt atvinnulíf og þjóðfélagið allt sífellt opnara fyrir ytri áhrifum í gegnum fjölmarga alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að. Og nú er að verða ljóst að fjarlægð landsins frá meginlöndunum í austri og vestri varnar því ekki

Hér koma tvö einföld „módel“ til að útskýra þá breytingu sem er að verða í alþjóðastjórnsmálum með myndun alþjóðakerfa í viðskiptum, umhverfismálum, tækni o.s.frv.




A. Alþjóðakerfinu mátti áður líkja við billjarð, þar sem kúlar tákna ríki sem tengdust atburðunum.




B. Alþjóðakerfið nú er samskiptavefir, þar sem fleiri aðilar koma við sögu (samtök, stofnanir og fyrirtæki).

Á líkan hátt og dró úr „fullveldi“ hertogaæma, með sameiningu í þjóðríki á síðustu öld, mun efling svæða- og alheimssamtaka draga úr „fullveldi“ þjóðríkja nútímans.



A. Fram að þessu hefur 3. stjórnsýslustigið – þjóðríkið – verið sterkast, en alþjóðastofnanir veikar.




B. Nú á dögum styrkjast 1., 2., og 4. stjórnsýslustig, en dregur á móti úr áhrifum þjóðríkja.

lengur að mengun geti borist okkur þaðan yfir hafið.

Pólitísk lögsaga og fullveldi gagnast ríkjum því æ minna til varnar gegn ytri áhrifum. Skýrt dæmi um það er hvalveiðimálið. Þar hafa Íslendingar komist að því að þó fullveldishugtakið og skilgreining þess í alþjóðalögum sé skýr og eigi formlega að tryggja margvísleg réttindi, þá er raunveruleikinn oft annar. Í hvalveiðimálinu krafðist Ísland réttar síns sem sjálfstætt og fullvalda ríki að mega ráða málum í eigin lögsögu. En allt kom fyrir ekki — Við urðum að hætta hvalveiðum.

Krafa okkar um að fá að njóta sjálfstæðis í eigin málum rakst á skuldbindingar okkar í alþjóðahvalveiðiráðinu, a.m.k. eins og önnur ríki túlkuðu þær, en líka stofnaði hún í hættu mikilvægum viðskiptahagsmunum okkar í Bandaríkjunum og víðar. Þar var þeim ógnað af vel skipulögðum og fjársterkum alþjóðasamtökum umhverfisverndarsinna, sem eru afsprengi slaukinnar umræðu og umfjöllunar um umhverfismál. Og í sumum ríkjum á Vesturlöndum eru þau jafnvel orðin að sérstöku pólitísku og menningarlegu fyrirbæri.



Samtvinnun á ólíkum sviðum knýr á um viðtækari samvinnu ríkja. Nýir ríkjahópar í Asíu, Evrópu og við Kyrrahaf munu verða mikilvægari. Samvinna Vesturveldanna mun halda áfram að þróast, en eftir er að sjá hvort ný samtök rísa á rústum Sovétríkjanna og á aðliggjandi svæðum þeirra.

Fullveldishugtakið lýsir ekki lengur aðstæðum ríkja eins og þær eru í raun í hinu alþjóðlega samfélagi. Þetta á bæði við stór og smá ríki. Spurningin er ekki hvort og hvernig koma megi í veg fyrir skert fullveldi, heldur hvernig ríki eigi sem best að tryggja hagsmunum við þessar aðstæður.

Vegna alþjóðlegrar samtvinnunar og þess að fullveldishugtakið hefur látið undan síga, grípa ríki til þess ráðs að koma á samvinnu um sífellt fleiri mál. Þau hafa því fremur kosið að takmarka forræði sitt á skipulegan hátt, þar sem þau geti jafnframt haft áhrif á þróunina og gætt hagsmuna sinna með skuldbindingum í alþjóðasamtökum og samningum, sem ná til öryggismála, umhverfismála, viðskipta, mannréttinda, nýtingar auðlinda o.s.frv.

Lengst hefur þetta gengið í Evrópu-sambandinu (ESB) og þeirri svonefndu samrunaþróun sem gerist innan vébanda þess. Auk þess sem hún vex upp úr hörmungasögu

álfunnar á þessari öld, liggur sú hugsun að baki að með því að framselja hluta af fullveldi sínu til sambandsins, auki aðildarríkin í sameiningu áhrifamátt sinn.

Meginreglan í ESB er að taka sameiginlegar ákvarðanir í þeim málum þar sem talið er að aðildarríkin geti náð meiri árangri saman en hvert fyrir sig. Eftir að komist hefur á nán samvinna á flestum sviðum efnahagslífsins, er stefnt að enn frekari samruna, sem einnig ná til utanríkis- og umhverfismála.

Í ESB eru helstu samskiptaríki okkar Íslendinga, þar á meðal stærstu viðskiptavinir okkar og allir nánustu bandamenn okkar fyrir utan Bandaríkin og Kanada. Því er Íslendingum nauðsyn að fá hlutdeild í samrunaþróuninni í Evrópu. Þess vegna gerðust Íslendingar m.a. aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og því er aðild Íslands að ESB ekki útilokuð.

Nú er það hins vegar svo að ESB hyggst ekki taka inn fleiri ný aðildarríki fyrr en lokið

er endurskoðun á skipulagi sambandsins. Slík endurskoðun er talin óhjákvæmlega áður en það stækkar frekar. Með aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar í ársbyrjun 1995 urðu aðildarríki ESB fimmtán. Til að tryggja skilvirka stjórn sambandsins með enn fleiri aðildarríkjum þarf að breyta skipulagi þess.

Mið- og Austur-Evrópuríkin sækjast mjög eftir því að komast inn í sambandið til að styrkja efnahags- og viðskiptahagsmuni sína og þá ekki síður til að tryggja pólitíska stöðu sína og öryggi við lok kalda stríðsins. En þar sem efnahagslíf þeirra á enn langt í land að líkjust því sem gerist í ríkjum ESB er afar ólíklegt að nokkurt þeirra verði tekið inn í sambandið fyrr en í fyrsta lagi eftir aldamótin.

Nú er fyrirhugað að taka ákvarðanir um skipulagsbreytingar á ESB, svo og um önnur mikilvæg mál í þróun þess, á svonefndri ríkjaráðstefnu sambandsins, sem á að hefjast árið 1996. Talið er að hún kunni að standa í 2–3 ár.

Hugsanlegir samningar við ESB um aðild Íslands koma því ekki til greina fyrr en í fyrsta lagi undir aldamótin. Aðalatriðið fyrir okkur er þá hvort ESB gæti fallist á að við höfum áfram full yfirráð í sjávarútvegsmálum okkar.


ESB hefur víðtæk afskipti af sjávarútvegsmálum aðildarríkjanna í krafti sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu sambandsins. Hún kom til sögunnar vegna þess að sjávarútvegur var, líkt og landbúnaður, talinn svo viðkvæm atvinnugrein, að hann gæti ekki lotið lög- málum markaðsbúskapar, heldur yrði hann að falla undir sameiginlegan stuðning og yfirstjórn ESB. Íslendingar eiga hins vegar einskis annars úrkosta en að reka sjávarútveg í meginatriðum á grundvelli markaðsbúskapar. Sá meginmunur er stærsta hindrunin í vegi hugsanlegrar aðildar Íslands að ESB.

En á sama tíma hafa Íslendingar áunnið sér sterkari stöðu en mörg önnur ríki utan ESB, með aðild sinni að samningnum um

EES, sem tók gildi milli ESB og ríkja í Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) í ársbyrjun 1994. Þá er þess að gæta að innganga þriggja EFTA-ríkja, Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, í ESB í ársbyrjun 1995 byggist líka á öryggishagsmunum þeirra eftir kalda stríðið. En vegna varnarsamnings við Bandaríkin hafa Íslendingar ekki af þeirri ástæðu sömu þörf fyrir aðild að ESB. Þátttaka okkar myndi vissulega veita okkur aukna pólitíska möguleika til áhrifa á fjölda mála, en á móti koma yfirgnæfandi hagsmunir Íslendinga í sjávarútvegi.

Sérstaða Íslands að þessu leyti veldur því að við hljótum að hafa takmarkaðan áhuga á samrunaþróuninni í Evrópu, þar sem hún nær til sjávarútvegs mála. Það er skilyrði fyrir aðild okkar að sambandið fallist á að veita okkur róttækar og varanlegar undanþágur frá þeim reglum þess sem snerta sjávarútveg. Um það verður fjallað í næsta kafla.

Samvinna og samruni á sér ekki aðeins stað í Evrópu. Í Norður-Ameríku er að komast á umfangsmikið samstarf á grundvelli fríverslunarsvæðis Norður-Ameríku (North American Free Trade Area — NAFTA). Þótt það snúist enn fyrst og fremst um viðskipti, felur það í sér vísi að mun víðtækara og nánara samstarfi. Á hnatræna vísu er einnig unnið að því að koma á náinni samvinnu um viðskipti á vettvangi alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organisation — WTO).



Hvalveiðimálið sýnir að jafnvel þó hvalveiðipjóðir hafi stuðst við alþjóðalög, vísindalög og almenna skynsemi, eru þær, hvort sem þær eru stórar eða smáar, orðnar svo háðar skoðanamyndun í heiminum að þær neyddust til að stöðva hvalveiðar.

2 Mikilvægi utanríkisviðskipta

ÍSLENDINGAR ERU smáþjóð með sáralítinn innanlandsmarkað á alþjóðamælikvarða. Hins vegar eru afköst útflutningsatvinnuvega okkar mjög mikil. Af því leiðir að utanríkisviðskiptin eru okkur afar mikilvæg. Við þurfum markað fyrir mikinn útflutning, en flytjum jafnframt inn mikið af hráefnum og öðrum nauðsynjum.

Það er nokkuð almenn regla, að því smærri sem ríki eru, þeim mun hærra sé hlutfall innflutnings og útflutnings af landsframleiðslu. Af því leiðir að þegar útflutningstekjur hækka eða lækka, hefur það meiri og skjótarí áhrif á þjóðarþúskapinn en ella. Sama á við um verðbreytingar á innfluttum vörum. Verði halli á viðskiptum við útlönd, er hann hlutfallslega meiri miðað við þjóðartekjur og framleiðslu en hjá stærri þjóðum.

Á Íslandi er hlutfall utanríkisviðskipta hátt, eða nálægt 40 prósentum af landsframleiðslu. Til samanburðar eru þau um 10 prósent af landsframleiðslu Bandaríkjamanna, um 20 prósent af framleiðslu Frakka og um 30 prósent hjá Þjóðverjum.

Önnur þumalfingursregla um smáríki er að auk þess að vera mjög háð erlendum mörkuðum um sölu framleiðslu sinnar, vegna smæðar heimamarkaðar, eru auðlindirnar fábreyttar og útflutningurinn einhæfur. Það á sérstaklega við um Ísland þar sem sjávarútvegur er auðvitað langmikilvægasta atvinnugreinin.

Þrátt fyrir veikleika smæðarinnar, sem einkennir íslenskan þjóðarþúskap, er það staðreynd, að Íslendingar hafa undanfarna áratugi notið mikils hagvaxtar og náð einhverjum bestu lífskjörum sem þekkjast í heiminum. Þetta byggist að miklu leyti á því að Íslendingar hafa náð góðum árangri í fjöldaframleiðslu sjávarvöru með fullkominni framleiðslutækni og litlum mannafla, þótt enn sé raunar lítil hluti afurðanna full-


unninn innanlands. Víst höfum við orðið fyrir skakkaföllum af sveiflum í verði sjávarafurða, en þó hefur, ef lítið er til lengri tíma, verið tiltölulega stöðug og vaxandi eftirspurn eftir matvælum í heiminum, þ. á m. sjávarafurðum. Enn má búast við aukinni eftirspurn eftir fiski af því að neytendur á Vesturlöndum leggja æ meira upp úr heilsusamlegu fæði. Íslenskur sjávarútvegur ætti því að hafa sterka markaðsstöðu í framtíðinni, einkum ef tekst að halda Íslandsmiðum lítt menguðum.

Hlutur utanríkisviðskipta hefur stækkað í íslenska þjóðarþúsku á undanförunum áratugum. Jafnframt því hafa lífskjörin batnað verulega. Það er undirstaða nútímalífskjara á Íslandi, forsenda frekari hagvaxtar og mótvægi við efnahagslegan veikleika Íslands sem smáríkis að frelsi ríki í milliríkjavíðskiptum.

Bætt lífskjör á Íslandi á undanförunum áratugum byggjast ekki hvað síst á hagstæðum ytri pólitískum skilyrðum, sem auðvelda okkur aðgang að mörkuðum og veita okkur frelsi til að kaupa og selja vörur þar sem það er hagkvæmast hverju sinni.


Slík skilyrði uppfyllast best á einum stað í hinu Almenna samkomulagi um viðskipti og tolla (General Agreement on Tariffs and Trade – GATT). Samkomulagið sem nú hefur náðst þar, er árangur nokkurra langra samningalota aðildarríkjanna allt frá árinu 1947. Það spratt upp af þeirri hugmynd að með auknu viðskiptafrelsi mætti koma í veg fyrir að sagan endurtæki sig í annarri heimskreppu og heimsstyrjöld. Því háðari sem ríkin yrðu hvert öðru í viðskiptum því meiri hag hlytu þjóðirnar að sjá sér í fríði og því forðast stríð. Nú er almennt talið að styrjaldir séu útilokaðar meðal vestrænna ríkja af því hve nátengd þau eru hvert öðru í viðskiptum.

Síðasta samningalotan í GATT var sonefnd Úrúgvæ-lota. Þar varð samkomulag




Ísland er flestum öðrum löndum háðara því að alþjóðaviðskipti séu frjáls eða hindrunarlítill, af því að hlutur utanríkisverslunar í landsframleiðslu er meiri en víðast annars staðar.

Á uppdrættinum eru þau lönd sýnd með brúna þar sem utanríkisverslun nemur 25% eða meira af landsframleiðslu (1992). Ísland á þá hagsmuni sameiginlega með þeim, að heimsverslunin sé sem haftaminnst. En flest þessara ríkja eru hins vegar fámenn og valdalítill.




Löndin með brúna litnum eru ríkustu lönd heims, með yfir hálftrar milljónar króna landsframleiðslu á íbúa. Grálituðu löndin eru hins vegar þau fátækustu, með undir 50 þús. kr. framleiðslu á íbúa á ári (1992).



um enn víðtækara viðskiptafrelsi og til að styrkja það var um áramótin 1994–95 komið á fót sérstakri eftirlitsstofnun, alþjóðaviðskiptastofnuninni (World Trade Organisation – WTO), sem kemur í stað GATT. Ísland hóf þátttöku í GATT árið 1967 og var meðal stofnaðila WTO.

Grunntónninn í öllu þessu samstarfi er að stefna að aukinni verkaskiptingu og hagkvæmni í milliríkjaviðskiptum. Með öðrum orðum að ríki sveigi framleiðslu sína sem mest að þeim vörum sem þau geta framleitt á hagkvæmasta hátt, en kaupi aðrar vörur af þeim sem geta framleitt þær á ódýrari hátt.





Þessari stefnu er því beint gegn tollvernd, ríkisstyrkjum, niðurgreiðslum og öðru sem skekkir markaðinn og kemur í veg fyrir verkaskiptingu og viðskiptafrelsi. Jafnframt er gengið út frá því að aukið frelsi og samkeppni milli ríkja, sem af því leiði, muni örva hagvöxt og bæta lífskjör yfir heildina.

Allt leiðir þetta til þess að Íslendingar eigi enn meira undir utanríkisviðskiptum en ella. Og því frjálsum sem heimsverslunin verður, því meiri nauðsyn er á að draga úr sveiflum í íslenskum þjódarbúskap, bæta hagstjórn og auka hagræðingu og framleiðni. Annars veikist samkeppnisstaða þjóðarinnar. Þetta er jafnframt forsenda þess að ná fullum ávinningi af viðskiptasamningum eins og EES-samningnum.


Enn er það eitt einkenni smárikja að þau selja oft vörur sínar á fáa markaði. Þá hefur

því verið haldið fram að ef meira en þriðjungur útflutnings ríkis fari á einn markað, geti allt sem gerist á honum og snertir utanríkisviðskipti, haft alvarleg áhrif á efnahag viðkomandi smárikis. Nú fara um 60% vöruútflutnings Íslendinga til ríkja ESB.


Fátt bendir til að unnt verði að draga svo nokkru nemi úr ráðandi stöðu ESB-markaðarins í íslenskum útflutningi nema á löngum tíma. Íslendingum stendur ekki til boða þátttaka í NAFTA, sem ætlunin er að ná á næstu tíu til tuttugu árum til ríkja Rómönsku-Ameríku. Þá ber þess að gæta að útflutningur Íslendinga til Bandaríkjanna, sem um langt árabíl var stærsti markaður þjóðarinnar fyrir sjávarvöru, er þegar allt að því tollfrjáls vegna GATT-samninganna. Ef auka ætti aftur sölu sjávarvöru til Bandaríkjanna byggðist það fyrst og fremst á markaðssókn

Um 60% af vöruútflutningi Íslendinga fóru til ESB-landanna árið 1993. Hin hindrunarlitlu viðskipti við þennan markað eru því geysmikilvæg.

Miðlæg lega innan hinna nýju viðskiptablokka heimsins mun skipta auknu máli í framtíðinni, líkt og áður innan hinna einstöku þjóðríkja. Áður voru strandjaðrarnir við sjó mikilvægir, en vegna hraðra flug- og lestarsamgangna, verða miðlæg landsvæði nú stöðugt mikilvægari.



Einhver mikilvægustu vaxtarsvæði framtíðarinnar eru mótin milli svæða sem hafa yfir miklu fjármagni og þekkingu að ráða og á hinn bóginn svæða með ódýru vinnuafli. Í Ameríku eru þetta svæðin milli Bandaríkjanna og Mið-Ameríku, í Evrópu jaðarinn milli Vestur-Evrópu og nýfrjálsra ríkja Austur-Evrópu og í Asíu svæðið milli Japans og Kína.




og langtímamarkmiðum fyrirtækja, en ekki á frekari tollaávilnunum. Hugsanlega má gera tvíhliða samninga við Bandaríkin til að opna nýja útflutningsmöguleika í framtíðinni.

Möguleikar til að auka verulega útflutning til Asíu eru víst fyrir hendi. En vegna sjarlægðar markaðar og ólíkrar menningar, viðskipta- og neysluháttar, má búast við að það taki langan tíma að ná þar frekari fótfestu og óvíst að sú leið dugi til að draga úr ofurvægi Evrópumarkaðarins í íslenskum útflutningi.

Á innri markaði ESB er gengið mun lengra og hraðar í átt til viðskiptafrelsis en í GATT. Samskipti Íslendinga við ESB snúast






Segja má að miðja kjarnasvæðis Evrópu sé nú komin til Suður-Þýskalands. Spánn, Norður-England, Suður-Skandinavía og Austur-Evrópa lenda í þriðja fjarlægðarhring og Norður-Skandinavía og Ísland í þeim fjórða.

Því um það að fá aðgang að þeim hagvexti og þeirri auknu eftirspurn sem komi í kjölfarið á stærsta markaði Íslendinga. Þetta var einmitt markmiðið með þátttöku Íslands í EES-samningnum, án þess að hann drægi á nokkurn hátt úr möguleikum okkar til að auka útflutning á aðra markaði. Vegna þess að Evrópumarkaðurinn er langstærstur í útflutningi okkar, þurfum við að skapa okkur möguleika til áhrifa og tryggja þar með viðskiptahagsmuni okkar. Án EES-samningsins væri slíkt ekki til staðar. En auk þess er mikilvægt að hafa sem greiðastan aðgang að Evrópu og samrunaþróuninni þar, vegna hagsmuna á sviði menningar, menntunar og tækni.


EES-samningurinn tryggir vissulega mikilvægustu viðskiptahagsmuni Íslendinga í ESB. En hitt er ljóst að markaðir Íslendinga í

Evrópu, sem og ESB sjálf, munu taka breytingum í framtíðinni. Það kynni að leiða til mismununar gagnvart Íslendingum þrátt fyrir EES-samninginn og veikja samkeppnisstöðu íslenskra útflytjenda á mikilvægasta markaði þeirra. Dæmi um slíkt er það sem gerðist varðandi tvíhliða viðskiptasamning Íslands 1972 við þáverandi Evrópubandalag. Hann var okkur mjög hagstæður þar til breytingar á fiskmörkuðum Evrópu og aðild Spánar og Portúgals að bandalaginu leiddu til þess á síðasta áratug að samningurinn uppfyllti ekki allar þarfir íslenskra útflytjenda. Þótt EES-samningurinn sé miklu yfirgripmeiri en tvíhliða samningurinn frá 1972 og þótt í honum felist að hann geti aðlagast breyttum aðstæðum, þarf áfram að standa á verði um íslenska viðskiptahagsmuni í ESB.

Þessi mynd sýnir þau lönd þar sem hagvöxtur á mann var meiri en 2% á ári á tímabilinu 1985–92. Í slíkum löndum er að jafnaði vaxandi kaupgeta og því vænlegt að leita þar eftir nýjum mörkuðum.



Til lengri tíma litið skiptir það miklu máli hve íbúunum (þ.e. viðskiptamönnum) fjölgar mikið. Grái liturinn sýnir lönd þar sem fjölgunin varð 1% eða minni á árunum 1985–92. Brúni liturinn sýnir hins vegar lönd þar sem fjölgunin var 2,2% eða meiri, á sama tímabili.




Aðild að ESB myndi vissulega auðvelda þetta. En eins og áður var vikið að, ræðst hugsanleg aðild Íslands að ESB í framtíðinni af því, hvort sambandið getur fallist á sérstök skilyrði Íslendinga í sjávarútvegsmálum.

Þótt sjávarútvegur vegi ekki þungt fyrir ESB þegar á heildina er litið, skiptir hann máli í einstökum ríkjum og er sérstaklega mikilvægur í ákveðnum héraðum þeirra. Hin sameiginlega sjávarútvegsstefna sambandsins miðar að því að auka framleiðni; tryggja skynsamlega þróun atvinnugreinarinnar og hámarksnýtingu framleiðsluþátta, einkum vinnuafis; tryggja sanngjörn lífskjör

þeirra sem við sjávarútveg starfa; koma á stöðugleika á mörkuðum og sjá til þess að neytendur geti keypt sjávarvörur á sanngjörnu verði. Tillit skal tekið til þess að sjávarútvegur er sérstaklega sveiflukennnd og óstöðug atvinnugrein.

Sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB fæli það ekki sjálfkrafa í sér að við yrðum við innngöngu að opna Íslandsmið fyrir veiðum annarra ESB-ríkja. Stefnan var endurskoðuð og henni breytt árið 1983. Samkvæmt því er nú ákveðið sameiginlega fyrir hvert ár, hve mikið megi veiða úr hverjum stofni. Þessum leyfilega heildarafla er síðan skipt í kvóta sem



Með undirritun Rómarsamningsins 1957 var Efnahagsbandalag Evrópu stofnað, sem nú er orðið að Evrópusambandinu. Stofnríkin voru: Frakkland, Ítalía, Vestur-býskaland og Benelúxlöndin þrjú, en sýnt er með ártali á uppdrættinum, hvæær önnur ríki gengu í bandalagið. Brussel (sjá ljósmynd) var á þeim tíma lítil borg í smáríki, en vegna hagkvæmrar legu varð hún fyrir valinu sem „höfuðborg“ ESB. Á þessu ári 1995 bættast svo við Svíþjóð, Finnland og Austurríki

úthlutað er til einstakra aðildarríkja. Við úthlutun er tekið tillit til tveggja þátta. Í fyrsta lagi er miðað við veiðar undanfarinna ára. Nær tveir áratugir eru nú liðnir frá síðasta þorskastríði og síðan hafa veiðar útlendinga við Ísland verið smávægilegar. Í öðru lagi skal tekið tillit til þess hve einstök ríki og svæði eru háð fiskveiðum og láta þau sem byggja mest á þeim njóta forgangs. Augljóst er að Íslendingar eru háðari sjávarútvegi en nokkurt annað Evrópuríki.

Þótt líkur séu því á að Íslendingar fengju úthlutað mestöllum veiðum á miðunum við landið yrði hið formlega ákvörðunarvald,



t.d. á sviði fiskveiðistjórnunar og kvótaúthlutunar, þó hjá framkvæmdastjórn og ráðherraráði ESB. Það gengur þvert á þá þróun í hafréttarmálum, sem Íslendingar hafa löngum barist fyrir, – að forræði yfir fiskstofnum sé fyrst og fremst hjá strandríkinu sjálfu. Þá fer sambandið með hafréttarmál fyrir hönd aðildarríkjanna og fiskveiðisamninga við ríki utan þess.

Annað vandamál, sem ekki lýtur beinlínis að sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB, er að fyrirtæki í öðrum ESB-ríkjum gætu óhindrað hafið starfsemi í sjávarútvegi á Íslandi og ekki mætti þá hindra fjárfestingar þeirra í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Ekki mætti heldur setja hömlur á útflutning eða skylda fiskiskip til að landa í íslenskum höfnum. Þetta er ekki hluti af sjávarútvegsstefnu ESB, heldur leiðir af meginreglum ESB um athafnafrelsi, fjármagnsflutninga og viðskipti.

Hættan af þessu fyrir okkur er í sjálfu sér ekki hin erlenda fjárfesting í sjávarútvegi, heldur að útlendingar keyptu íslensk skip með kvóta og flyttu svo aflann hömlulaust til vinnslu í öðrum ESB-ríkjum.

Enn hafa engar áþreifanlegar vísbendingar komið fram um að ESB gæti fallist á skilyrði Íslendinga um fullt forræði í sjávarútvegs málum. Á meðan er erfitt að meta í heild kosti og galla aðildar Íslands að sambandinu. Þá eru aðildarskilyrði Íslendinga í sjávarútvegs málum þess eðlis að ekki er unnt að bera hugsanlega aðildarsamninga Íslendinga við ESB saman við samninga þess við önnur ríki. Þau hafa auðvitað látið reyna á vilja ESB til að veita undanþágur í mörgum atriðum en ekki hefur verið um að ræða meginreglur sambandsins eða grundvallaratriði í stefnu þess.

Áður en kom til aðildarsamnings Norðmanna við ESB, sem felldur var í þjóðaratkvæði í lok nóvember 1994, höfðu norsk stjórnvöld fallist í öllum aðalatriðum á sjávarútvegsstefnu sambandsins og niðurstaða

samninganna var í samræmi við það. Aðildarviðræður Norðmanna snerust því ekki um undanþágur frá grundvallaratriðum í sjávarútvegsstefnu ESB né frá meginreglum þess um fjármagnsfrelsi, líkt og viðræður Íslendinga hlytu að gera.

Í samantekt má segja að staða Íslendinga sé sterk á helstu mörkuðum okkar, einkum vegna WTO- og EES-samninganna.

Til langs tíma litið þarf einkum að gæta að tvennu: — Áhrifa síaukinnar samvinnu og samruna á helstu mörkuðum þjóðarinnar — og þörfinni á að dreifa útflutningi meira en nú er gert.

Ef við stöndum utan ESB kann, þegar tímar líða, að reynast erfitt að gæta hagsmuna okkar fyllilega. Samt eiga Íslendingar greiða leið að samráði við ESB gegnum EES-samninginn og við búum að nánnum samskiptum við ríki í sambandinu, ekki síst við Norðurlandþjóðirnar og einnig við Þjóðverja, Breta og fleiri.

Þá eiga Íslendingar samvinnu við ESB-ríki á öðrum vettvangi en EES-samningnum, svo sem í NATO, VES og nánú samstarfi ríkisstjórna Norðurlanda. Allt er þetta til þess fallið að tryggja framkvæmd EES-samningsins og aðlögun í framtíðinni að breyttum aðstæðum og að styrkja enn frekar stöðu Íslands utan ESB. Loks eru Norðmenn áfram utan sambandsins og eiga þeir og Íslendingar sameiginlega hagsmuni í EES og öðrum evrópskum málum.

Vaðandi dreifingu útflutningsins, þurfa Íslendingar að draga úr yfirgnæfandi mikilvægi Evrópumarkaðarins. Skynsamlegt væri að auka aftur hlutdeild Bandaríkjamarkaðar, sem áður fyrr var stærsti markaður þjóðarinnar fyrir sjávarfang og vinna skipulega að því langtímamarkmiði að ná fötfestu á Asíumarkaði. Einnig þyrfti að mæta vaxandi eftirspurn fyrir sérþekkingu og búnað fyrir sjávarútveg.



Evrópusambandið heldur alla sína reikninga í ECU, mynteiningu Evrópu, en annars er hún ekki opinber mynt í neinu Evrópulandanna og engir peningaseðlar gefnir út í henni. En sterk hreyfing er fyrir því að ECU verði í framtíðinni sameiginleg mynt allra ríkja sambandsins.

3 Umhverfismál breyta viðhorfum

NÚ HEFUR VERIÐ fjallað um tvo hefðbundna flokka alþjóðamála: stjórnmál og viðskipti. Um miðja öldina fór þriðji mála flokkurinn, umhverfismálin, að mótast og ryðja sér til rúms. Tvennt var það einkum sem vakti menn til umhugsunar um að jörðin kynni að spillast svo mjög að heilbrigði manna, dýra og jurta væri stofnað í hættu.

Fyrri atriðið voru hin gífurlegu spjöll sem urðu af völdum hernaðarins í seinni heimsstyrjöld, einkum í Evrópu. Hitt var tilurð kjarnavopna og þær afleiðingar kjarnorkustríðs á fólk og umhverfi, sem komu í ljós þegar kjarnorkusprenjum var varpað á Hírósíma og Nagasaki í Japan í lok stríðsins.

Við kjarnorkukapphlaup risaveldanna eftir styrjöldina fóru vísindamenn að birta í fjölmiðlum hve mörgum sinnum hinn mikli forði kjarnorkuvopna gæti eytt lífi á jörðinni. Vísindarannsóknir á þessari vá leiddu í ljós hnattræn áhrif, eins og t.d. kjarnorkuветur, sem kæmu niður á jarðarþúum öllum.

Vegna þessa komst nú í fyrsta sinn í sögu mannkynsins á alþjóðleg hreyfing um að þrýsta á hernaðarveldin um að stöðva vígbúnaðarkapphlaupið. Jafnvel eftir að kalda stríðið rénaði, hefur þessi vísir að samvitund jarðarþúa stuðlað að setningu alþjóðalaga og ýtt undir kröfur um að komið verði á fót áhrifaríkum stofnunum til að fást við sameiginleg vandamál mannkynsins.

Umhverfisvandamál hafa komið fram á fjölmörgum sviðum. Snemma beindust augu manna að ofnýtingu auðlinda. Nærtækt dæmi og alvarleg áminning fyrir Íslendinga var þegar norsk-íslenski sildarstofninn hrundi á seinni hluta sjöunda áratugarins.

Þá tóku vísindamenn á ýmsum sviðum að birta útreikninga sem sýndu að ýmis hráefni (olía, kopar o.fl.) sem mannkynið þarfnadist kynnu að verða uppurin innan skamms. Á því sviði var eftirtektarverð starfsemi svo-


nefnds Rómarklúbbs en þekktasta rit sem runnið er undan rifjum hans er bókin *Endimörk vaxtarins* (Limits to Growth, 1972).

Um 1960 fór athyglin að beinast að öðrum meginvanda: *mengun*. Bókin *Raddir vorsins þagna* (Silent Spring) eftir Rachel Carson náði mikilli útbreiðslu og frægd. Hún sagði m.a. frá áhrifum eitrefna á fuglalíf og á lífríki í ám og vötnum, og var svo listilega skrifuð að hún vakti til umhugsunar um þennan vöða. Af þeirri vakningu spratt síðan umhverfisátak víða um heim og með þeim árangri að líf hefur nú aftur færst í mörg vatna- og landsvæði, sem áður voru nánast orðin dauð.

Umhverfisvandinn varð af þessu svo kunnur, að um miðjan sjöunda áratuginn tóku Sameinuðu þjóðirnar að sinna umhverfismálum og var fyrsta umhverfisráðstefna þeirra haldin í Stokkhólmi sumarið 1972. Alþjóðlegt starf að umhverfismálum hefur leitt til gerðar ýmissa samninga og sáttmála. Sumir eru mjög mikilvægir fyrir hagsmuni Íslendinga en aðrir takmarka athafnafrelsi okkar. Mikilvægust var þróunin í hafréttarmálum, en án hennar hefði okkur varla tekist að færa landhelgina út í tæka tíð. Ef það hefði dregist, kynni efnahagur Íslands að vera hruninn.


Þegar umhverfisvandinn blasti við jarðarþúum, tóku þeir að leita að sökudólgum. Sýndist þá mörgum það liggja í augum uppi að óvinurinn væri hröð tækniþróun og hagvöxtur. Menn hefðu orðið offari einkum í tæknivæðingu og eldsneytisnotkun og nú yrði að setja hömlur á þessa þróun. Sumir vildu helst snúa aftur til náttúrunnar.

Við rækilega skoðun á vandamálunum varð niðurstaðan þó allt önnur. Bent var á að efla mætti og endurbæta tæknina, svo að hún mengaði ekki eins út frá sér og einnig að þróa mætti nýja tækni til að vinna gegn mengun.



Sýnt hefur verið fram á að til séu takmörk vaxtar í heiminum. Meðal þeirra takmarka er „mengunarstigið“ þ.e. hve mikil mengun má fylgja efnahagslegum umsvifum á landi eða í andrúmslofti, án þess að lífverurnar sýkist og deyji.

RAMSAR-samþykktin er dæmi um alþjóðlega samþykkt sem Ísland hefur undirritað. Beinist hún að verndun votlendissvæða heimsins, sérstaklega sem lífsvæða fyrir fugla.




WASHINGTON-samþykktin, eins og margar slíkar samþykktir, er nefnd eftir borginni þar sem undirskriftin fór fram. Hún miðar að því að takmarka og stjórna verslun með dýrategundir í útrymingarhættu.



Súrt regn myndast þegar brennisteinsríkur reykur sameinast röku andrúmslofti. Á mengudustu svæðum heims drepur súrt regn tré og fisk í vötnum og étur upp mjúkan stein, svo að minnismarki og steinhöggvar skreytingar á gömlum og sögurikum byggingum hafa víða spillt mjög.



Ef hitastig andrúmslofts jarðar hækkar vegna gróðurhúsaáhrifa, gæti það leitt til þess að hafstraumar breyttust, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir lífríkið í Norður-Atlantshafi.




Þessi nýja stefna kom glöggt fram í skýrslu Sameinuðu þjóðanna: *Sameiginleg framtíð vor* (Our Common Future), sem út kom 1987 og oft er nefnd Brundtland-skýrslan (eftir Gro Harlem Brundtland forsætisráðherra Noregs). Þar er bent á það að úrbætur á umhverfisvanda heimsins krefjist svo kostnaðarsamra aðgerða, að þær séu ekki framkvæmanlegar nema jákvæð efnahagsþróun sé í gangi. Tæknin fékk líka uppreisn æru með því að skýrslan undirstrikar einmitt að bætt tækni geti styrkt efnahagsþróunina og að með tækninni þurfi að þróa umhverfisvænni aðferðir.

Þá kom fram grundvallarhugtakið „sjálfbær þróun“ (sustainable development), sem felur í sér, að ekki skuli amast við þróun meðan hún er sjálfbær, það er að segja meðan hún skaðar ekki umhverfið. Sé þeirri reglu beitt, t.d. við fiskveiðar Íslendinga, leiðir af henni að þær má stunda svo lengi sem ekki er gengið á fiskstofnana og umhverfi þeirra skaðað.


Jarðarbúar hafa verið lengi að skilja að í umhverfismálum sitja allir á sama báti og eiga mikið undir því, að hnattrænum kerfum veðurfars, lofthjúps og hafstrauma verði viðhaldið.

Helstu sameiginleg umhverfisvandamál jarðarbúa eru nú talin vera: 1) hitnandi loftslag, 2) súrt regn og 3) eyðing ózonlagsins. Talið er að takast muni að stöðva aukna ózon-eyðingu um árið 2000, og nokkur árangur hefur þegar náðst í baráttunni gegn súru regni, sem myndast aðallega vegna bruna á lélegum kolum. Við slíkan bruna sleppa út í loftið brennisteinssambönd. Það gerist einnig frá kolaskautum álvera. Á það hefur hins vegar verið bent, að þó álver séu reist á Íslandi eru áhrif þessa á gróður og lífverur á landinu tiltölulega lítil af því að vatn hér á landi er svo lútkennt (basískt), að það vinnur gegn verkun brennisteinssýrunnar.

Í fljótu bragði gæti virst að hitnun loftslags ætti að koma okkur vel á hinu kalda Íslandi. En hin hnattrænu áhrif gætu með ýmsum hætti orðið alvarleg. Þannig gætu veðurfars-



Fimmtán svæði sem alþjóðlegir samningar um verndun hafsins ná til. Þau hafsvæði sem svonefndir Parísar- og Oslóar-samningar ná til, skipta Ísland mestu máli.




Hér sést útbreiðsla mengunar af brennisteinstvíldi í míkrogrömmum á rúmmetra, en hún veldur m.a. súru regni. Útbreiðsla annarrar mengunar, sem berst með andrúmsloftinu, hefur álíka dreifingu. Hér sést að Ísland er ekki langt frá menguðustu svæðum heims í Evrópu og Norður-Ameríku.

Jarðhiti er mikil auðlind. Þessa „hreinu“ orku er nú jafnvel farið að nota til að laða að ferðamenn. Staði eins og Bláa lónið má byggja upp víða um land. Eftirsókn eftir hreinni orku af þessu tagi fer vaxandi.



Nýting vatnsafls til framleiðslu raforku er ein aðalorsök þess hve Ísland er lítt mengað land. Það gefur því einstæða mynd og styrkir stöðu þess á erlendum matvælamarkaði og í ferðapjónustu.




Hin mikla fjölgun ferðamanna sem koma til Íslands stafar ekki síst af því að umhverfisáhuginn í heiminum hefur gert ferðir til hreinna og lítt snortinna landa eftirsóttar. Þar eigum við Íslendingar enn fleiri tækifæri í framtíðinni og megum ekki spilla þeirri mynd.

breytingar haft áhrif á hafstrauma, og raskað vistkerfi hafs og lands hér á landi, eins og víðast hvar annars staðar. Of hröð og mikil lofthitnun gæti valdið slíkri kollsteypu í landbúnaði að heimskreppa skylli á. Bent hefur verið á að vistkerfin séu svo viðkvæm að alvarleg röskun yrði á þeim ef meðalhiti á jörðinni hækkaði um aðeins eina gráðu á fimmtíu árum. Geta verður þess að ekki eru allir vísindamenn sammála um að veruleg hætta sé á hitastigsbreytingu af þessu tagi.

Hitnun þessi tengist svonefndum „gróðurhúsaáhrifum“, sem eru útskýrð þannig að framleiðsla koltvísýrings við hvers kyns brennslu eldsneytis sé orðin svo mikil, að náttúran hafi ekki undan að eyða honum, heldur safnist hann saman í andrúmsloftinu og hindri eðlilega útgeislun og þar með kælingu jarðar. Mjög erfitt og dýrt er að draga úr framleiðslu gróðurhúsalofttegunda hvort sem er í jðnaði, frá húshitun, bílvelum eða öðrum aflvelum. Hér eru gífurlegir hagsmunir í veldi og ef ráðist yrði í að takmarka eldsneytisbrennslu, hvort sem er með banni, skömmtun eða háum sköttum, gæti það valdið alheims efnahagskreppu og er því ekki líklegt að gripid verði til mjög róttækra aðgerða á þessu sviði.

Ef sannaðist að gróðurhúsaáhrifin stefndu í mjög mikla hættu, myndi það, þrátt fyrir efnahagsvandann, leiða til takmarkana á framleiðslu raforku með kola- og oljubrennslu. Af því leiddi að raforkuverð hækkaði verulega á næstu öld, einkum ef jafnframt yrði að halda niðri raforkuframleiðslu með kjarnorku, vegna geislunarhættu. Þetta kynni að gera framleiðslu vetnis með vatnsorku hagkvæma hér á landi sem og útflutning rafmagns frá Íslandi um sæstreng.

Ýmsar aðrar afleiðingar umhverfisþróunarinnar eru að byrja að koma í ljós. Þar er bæði um að ræða hættur og nýja möguleika. Áhugi á hreinu umhverfi vex með aukinni mengun í fjölbýlu löndunum og myndu Íslendingar njóta þess í síaukinni aðsókn ferðamanna. En þar hjálpar okkur einnig hin forna sérstæða



norræna menning sem þykir athyglisverð svo og fegurð og sérkennileg náttúra landsins, sem heillar marga útlendinga.

Eins verður hrein og náttúruleg fæða æ eftirsóknarverðari, eftir því sem skadvænleg áhrif frá mengun, hormónum og skordýra-citri verða ljósari. Íslendingar hafa þegar notið þess að víða um lönd hafa neysluvenjur breyst til heilsufæðis. Það hefur stuðlað að aukinni fiskneyslu fólks, sem aftur hefur leitt til verulegrar verðhækkunar á sjávarfangi.


Ofveiði á fiskstofnum bæði í Evrópu og

Ameríku hefur og komið íslenskum fyrirtækjum að gagni, – með minna framboði á fiski fæst hærra verð fyrir hann. En nú stöndum við Íslendingar sjálfir frammi fyrir sama vanda og verðum að vara okkur á því, að of stór og afkastamikill fiskiskipafloti leiði ekki til alvarlegrar ofveiði á okkar eigin miðum.

Ofveiðin leiddi ekki einungis til þess að afli okkar sjálfra færi minnkandi, heldur gætum við orðið fyrir alvarlegri þrýstingi en nokkru sinni áður af hálfu erlendra aðila um verndun fiskstofna og sjávardýra. Óháð því

Á Miðhálandinu eru helstu vatnsfalla- og jarðhitasvæði landsins. Með tillitsömu og vönduðu skipulagi má komast langt í nýtingu orkunnar, án þess að það komi niður á möguleikum ferðaþjónustunnar.

Mannvirki bæta tíðum umhverfið. Gott dæmi um það var Skíða-skálinn í Hveradölum og hve mikill missir var að honum, þegar hann brann. Þá fundu menn fyrir því, að án þessa mannvirkis var náttúran hér risminni. Nú hefur nýr skáli verið reistur á gamla staðnum.



Í olíukreppunni 1973 varð slíkur skortur á bensíni í Evrópu og víðar að það leiddi til skömmunar. Samtímis stórhækkaði olíukynding húsa, sem varð þess m.a. valdandi að hafist var handa um lagningu hitaveitna víða um land.



Rafmagnsbílar eru þegar komnir á markað. Þeir eru enn dýrari en venjulegir bílar en búist er við því, að þeir verði smám saman bæði betri og ódýrari. Með almennri notkun þeirra mun draga bæði úr loftmengun og hávaða í borgum. Myndin sýnir tilrauna-rafmagnsbíl Háskólans árið 1980.




verður að gera ráð fyrir hugsanlegum alþjóðlegum þrýstingi gegn notkun ýmissa veiðarfæra svo sem botnvörpu og rekneta. Þá er hætt við að útgerð frystitoga verði fyrir gagnrýni því að 47% af þyngd fisksins er fleygt í sjóinn, en aðeins 15% af ísfiskstogurum.

Hafnar eru hér á landi tilraunir með að markaðssetja lífrænt ræktaðar búvörur og má búast við því að 20–30% hærra verð fáiast fyrir þær en aðrar búvörur. Fyrirhöfnin við framleiðslu lífrænu vörunnar er hins vegar meiri. Þar við bætist að landbúnaður og garðyrkja eru almennt óhagkvæmari á Íslandi en hjá keppinautunum, svo varla er að búast við miklum efnahagsávinningi af þessu, a.m.k. ekki í bráð.


Komið hefur upp sú hugmynd að auglýsa vörumerkið „Ísland“ fyrir ómengaða og lífrænt ræktaða íslenska framleiðslu. Í því felst þó hætta að allt sem þekkt væri undir nafni landsins, t.d. flug og ferðaiðnaður, yrði viðkvæmara og gæti lent í vandræðum ef umhverfissinnar af einhverri ástæðu hæfu ófgafull mótæmi og viðskiptaþvinganir gegn Íslandi.

Af því hugsanlegt er að erlendum aðilum sinnist við Íslendinga vegna fisk-, hval- eða selveiða þarf að hafa vissan vara á að leggja ofuráherslu á að kynna Ísland sem umhverfisvænt land, hvort sem er að framleiðslu eða sem ferðamannaland. Þar má benda á það að langflestir ferðamenn koma hingað frá löndum þar sem ófgasinnar eru mjög áhrifamiklir, svo sem Þýskalandi og Bandaríkjunum. Því er varasamt, til lengri tíma litið, að verða of háðir þessum löndum og rétt að hafa í huga að reyna heldur að laða hingað ferðamenn frá Austur- og Suður-Evrópu og Asíu sem og að freista þess að efla viðskipti við þessi svæði. En líka á að hafa í huga, að viss hætta er fólgin í að verða of háðir viðskiptum við Asíu, því ef olía hækkadi mjög í verði, yrðu flutningar þangað mjög dýrir og ferðir sömuleiðis.

Á mörgum þéttbýlum svæðum heims er mengun nú orðin svo alvarleg, að grípa hefur



Umhverfisumræðan í heiminum komst á skrið við upphaf iðnbyltingarinnar um 1800 eins og uppsveiflan á línuritinu sýnir—en hjaðnaði síðan í byrjun þessarar aldar. Sú uppsveifla sem nú er í gangi kann að minnka eftir aldamót ef menn í alvöru fara að taka á vandanum.



Áhuginn á umhverfismálum hefur verið mjög sveiflukenndur. Um þessar mundir er hann mjög mikill og „grænar hreyfingar“ láta mikið til sín taka. Herferðir þeirra eru oft öfgakenndar og sú hætta fyrir hendi að öfgafull náttúruvernd spilli fyrir skynsamlegri nýtingu landgæða.

orðið til strangra takmarkana og eftirlits. Stöðugt eru að bætast við nýir alþjóðasamningar, lög og reglugerðir um náttúruvernd og umhverfismál, sem Íslendingar eru aðilar að. Við ættum að fara varlega í það, því að e.t.v. mætti laða að erlenda fjárfestingu með minni umhverfiskröfum en í þéttbýlislöndunum, ef við gætum tekið við slíkum iðnaði án mikils umhverfisskaða. Skuldbindingar í alþjóðasamningum gætu komið í veg fyrir slíkt, þó að útfra umhverfismálum heimsins sé skynsamlegt að nýta hina hreinu orku Íslands.

Fyrir „ungt“ ríki eins og Ísland er varasamt að setja of miklar hömlur á framtíðarþróun sína með undirritun margra samþykktu af fyrrgreindu tagi. Þá er sú siðfræði vafasöm hjá þjóðum, sem hafa byggt upp allan sinn iðnað með ódýrum aðferðum á tímum lítilla mengunarvarna, að koma í veg fyrir að vanmegnugri lönd geti notið hliðstæðrar iðnþróunar og eldri iðnríkin gerðu áður. Þar verðum við Íslendingar að krefjast að sýnd sé sanngirni.

Ytri áhrif umhverfisþróunarinnar verka á innlenda stjórnsýsluaðila eftir því gildismati sem ríkir á Vesturlöndum. T.d. hafa Íslendingar nú þegar, að frumkvæði umhverfisráðuneytisins, sett ströng lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, svo sem að reisa álver og orkuver. Þó þetta sýnist virðingarvert í síðrænum skilningi, má ekki horfa fram hjá að lögin munu gera flestar stórfamkvæmdir hér á landi mun dýrari en ella og mun dýrari en nauðsyn var á samkvæmt skuldbindingum í EES-samningnum, enda eru íslensku lögin um þetta mun strangari en reglur hans.

Það er vart skynsamleg stjórnmalastefna að við göngum lengra í umhverfisvernd en alþjóðaskuldbindingar krefjast, nema við förum eindregið inn á „grænu leiðina“.

Hafa ber í huga varnaðarorð, sem fram komu þegar umhverfisráðuneytið var stofnað, að það yrði ekki í nægum tengslum við þarfir atvinnu- og efnahagslífs landsins. Benda má á að græna leiðin krefst mikilla fjárfestinga í umhverfisbótum sem skila sér


mjög hægt. Í landi þar sem fé til atvinnuuppbyggingar er af skornum skammti, virðist sú leið því illfær. Ef hið stranga umhverfismat hefði verið ríkjandi fyrr á tímum, hefði t.d. aldrei orðið af iðnbýltingunni.

Fleiri spurningar koma upp í tengslum við núverandi umhverfisstefnu: Er hugsanlegt að draga muni úr áhuga á víðtækri landgræðslu á Íslandi vegna áhuga yngri kynslóðarinnar og óska erlendra ferðamanna á að njóta auðnanna? Stór spurning, því að núverandi hugmyndir um landgræðslu krefjast 60 milljarða fjárfestingar, þó hún dreifist á marga áratugi.

Víst er nokkur hætta á auknum útgjöldum og vissum öfgum í umhverfisþróuninni. En hitt er jafn víst að sú nývakta meðvitund um heilbriggt og hreint umhverfi, sem Ísland hefur að bjóða frammar flestum löndum, mun styrkja stöðu okkar í mati á lífsgæðum.

Í tengslum við hugmyndina um mikla fjárfestingu í landgræðslu, þarf að hafa í huga að með minnkandi landbúnaðarframleiðslu verður ekki lengur þörf á öllu þessu grasi, svo að rökin fyrir dýrum áformum hljóta þá að felast í því gildismati og fegurðarsmekk að grænt land sé fallegra en svart. Þótt óumdeilanlegt sé að það þurfi að græða upp sum svæði, er hugsanlegt að þessi miklu útgjöld gætu gagnast þjóðinni betur á annan hátt. Öðru máli gegnir hér um skógrækt, því með henni fást bættir útivistarmöguleikar með skjólmyndun. Þó verður líka að fara varlega í skógrækt, t.d. gæti einhæf ræktun lerkiskóga á stórum svæðum spillt sérkennum landsins.

Í samantekt er umhverfisþróunin í heiminum hagstæðari fyrir okkur en margar aðrar þjóðir. Hrein vara hækkar í verði og fólk vill ferðast til hreinna landa. Hitt er ókostur að við þetta komumst við undir alþjóðlegt eftirlit og verðum fyrir aukinni gagnrýni öfgafullra umhverfissinna, sem skipta sér af æ fleiri málum. Afskipti þeirra geta stundum verið til ills, eins og í offriðun sela og hvala, en líka stundum til góðs, svo sem í baráttu þeirra gegn mengun hafsins.



Þótt undarlegt megi virðast, kann það að spilla ímynd Íslands í augum erlendra ferðamanna og umhverfissinna, ef gengið er of langt í því að rækta upp auðnir landsins. Sandar og eyðimerkur eru heillandi í augum þeirra, en þeim kemur á óvart mikill áhugi okkar á skógrækt.

4 Tækni- og þekkingarumhverfi

MEÐ ÍTÖLSKU endurreisninni á 15. öld varð einhver mesta bylting í sögu mannkynsins: þekkingarbyltingin fyrri. Á grunni nýrrar þekkingar fóru menn að smíða ný tæki og vélar til að létta störfin. Auk þess urðu miklar framfarir í hernaðar- og flutningatækni, bæði á sjó og landi. Með þessum nýjungum urðu borgir Ítalíu öflug ríki á ný.

Með uppfinningu Gutenbergs, prentun með lausum bókstöfum 1456, varð síðan bylting í miðlun þessarar nýju þekkingar, svo öll Evrópa fékk að njóta ávaxta hennar. Framfarir í siglingatækni leiddu til landafundanna miklu, og í ríkidæmi siglingaþjóðanna skapadist nýtt afl til að fjármagna enn frekari tækniþróun. Þar með hófst þjóðfélagsþróun, sem er kennd við svokallaða upplýsingastefnu. Undir lok hennar tóku Bretar forystuna í tækniþróun, t.d. með gufuvél Watts, járnbraut Stephensons og gufuskipi Fultons.

Þar með hófst iðnbyltingin mikla. Með nýju tækninni var hægt að flytja kol, stál og hvers kyns hráefni í stórum stíl til verksmiðja. Kringum þær risu miklar en óþrifaðlegar verksmiðjuborgir. Hófst nú myndun nútímasamfélags með borgvæðingu og samþjöppun þekkingar, sem ól af sér æ meiri þekkingu.


Í lok 19. aldar fóru vísindin að leggja grunn að næstu þekkingarbyltingu, sem kölluð er upplýsingabylting og er nú í lok 20. aldar að komast í blóma. Mun hún e.t.v. leiða til meiri umbreytinga en gamla iðnbyltingin.

Byrjun upplýsingabyltingar má rekja til uppfinninga við lok síðustu aldar. Hér má nefna símann 1876 og loftskýtin árið 1901. Það er ekki síst á sviði miðlunar upplýsinga um langar vegalengdir, sem miklar framfarir hafa átt sér stað, fyrst með sæstrengjum og loftskýtastöðvum, en síðar með þróun útvarps- og sjónvarpskerfa. Síðustu stóráfangarnir í miðlunartækni eru notkun gervitungla og nú ljósleiðara, sem margfaldar það magn upplýsinga sem hægt er að flytja.

Nú þegar tölvustýrðar vélar sjá í síauknum mæli bæði um líkamlega og huglæga starfsemi, verður afkastageta þeirra svo mikil að minna verður fyrir fólk að gera. Skortur á atvinnu er því orðið eitt af mestu vandamálum nútímasamfélags. Um atvinnuaukningu er helst að ræða í þjónustugreinum þar sem haft er ofan af fyrir fólk. Þar á meðal er þjónusta við ferðamenn, því ferðir færast sífellt í vöxt. Þau lönd standa hér vel að vígi, sem hafa eitthvað forvitnilegt upp á að bjóða, svo sem náttúrufegurð og sögustaði sem fólk vill heimsækja. Í því efni gætir nokkurrar breytingar á hugarfari, frá þeim tíma er sól og þægindi réðu mestu um ferðastraumana. Því mun staða Íslands sem ferðamannalands styrkjast og mætti þess vegna skapa fjölmörg ný störf í ferðaiðnaði. Það skemmtilega við þessa framtíðarsýn er, að hún mun um leið gera lífið í landinu fjölbreytilegra og þannig mæta lífsgildiskröfum nútímamannsins.

Þó mikill efnahagslegur ávinningur hafi orðið af iðnþróuninni, sem fyrr var lýst, hafa komið í ljós skuggahlíðar á henni og sér reyndar ekki fyrir endann á því. Þekktastur er sá vandi sem stafar af bruna kola og olíu, eins og vikið var að í síðasta kafla. Nú er reynt að bæta úr því í hinum iðnvæddu löndum með nýjum stjórns- og hátækniþúnaði.

Mikil áhersla er t.d. lögð á að efla notkun umhverfisvænna orkugjafa eins og vatnsorku og jarðgufuafli sem og að finna leiðir til að spara orku og nýta hana betur. Má segja að framtíð mannkynsins velti á því að lausn finnist á því. Ekki er þó nóg að finna tækni- legar lausnir, heldur verða þær líka að vera framkvæmanlegar efnahagslega og pólitískt. Það stafar ekki síst af því að umhverfisvandinn er nú í síauknum mæli að breiðast út til landa í þriðja heiminum, sem eru vanþróuð pólitískt og svo vanmegnug efnahagslega að þau hafa oft ekki ráð á öðru en frumstæðri og mengandi tækni.



Þessi mynd eftir Leonardo da Vinci er tákni þess hvernig hægt er að sameina hug- og raunvísindi, en minnr jafnframt á að tækni, án tillits til mannlegra gilda, getur orðið hættuleg.


Til að koma í veg fyrir sóun hráefna í neyslupjódféluginu þarf svokallaðar „hringrásir“. Endurvinnslustöðin Sorpa er dæmi um stórátak til endurnýtingar á efnum og jafnframt til að draga úr því sorpmagni sem þarf að urða.



Margir einkaaðilar taka nú þegar þátt í að koma á hringrásum efna. Gúmmivinnslan á Akureyri framleiðir t.d. gúmmihringi og gangstéttahellur fyrir leikvelli úr endurunnnum hjólbörðum.



Þar sem tekist hefur að koma á fullkomnum lokuðum hringrásum, eyðir framleiðsla vöru hvorki nýjum hráefnum né veitir skaðvænlegum úrgangsefnum út í umhverfið.




Eitt af mikilvægustu verkefnum nútímans er að koma á svonefndu hringrásaskipulagi framleiðsluferla. Með hringrásum er komið í veg fyrir að sorp og aðrir mengunarvaldar safnist upp í umhverfinu. Úrgangi er safnað, hann flokkaður og leiddur aftur inn í framleiðsluna. Dæmi um þetta er sólun hjólbarda og framleiðsla rafgeyma hér á landi. Önnur dæmi í smærri stíl eru eggjabakkar, sem búnir eru til úr gömlum dagblöðum og dyramottur búnar til úr notuðum hjólbörðum.


Á ótal sviðum mannlegs lífs má fara betur með verðmæti og draga úr magni úrgangsefna. Ekki er nóg að byggja upp hringrásakerfin, heldur þarf að efla meðal fyrirtækja og almennings þau gömlu siðferðisgildi að ganga vel um og fara sparlega með verðmæti. Það skemmtilega er, að ef þetta tekst, getur það bæði minnkað kostnað í heimilishaldi og jafnframt komið efnahag og atvinnuvegum heilla þjóða á heilbrigðari grundvöll.

Margir munu nú spyrja: Eru ekki, úr því að kolefnisbruni er svona hættulegur, góðar horfur á að koma megi hinum hreinu orkulindum Íslands í hátt verð? En svarið er: –Nei, því miður, ekki sem stendur. Þar sem ekki hefur tekist alþjóðleg samstaða um að koma böndum á skaðvænlega orkuframleiðslu úr kolum og olíu, geta fátæk ríki haldið áfram að framleiða ódýra orku með óhreinu brennsluefni. Því er ekki annað að sjá en að þau muni um langan tíma áfram halda niðri verði, t.d. á raforku. Og þó mönnum sé hætt að lítast á kjarnorkuverin, er ekki hægt að taka þau úr notkun á skömmum tíma. Því er haldið áfram rekstri flestra og jafnvel lagt í nýsmíði. Þessi hættulega orkuframleiðsla dregur því áfram úr möguleikum til að byggja upp orkufrekan iðnað í löndum eins og Íslandi. Þó verður að muna að framleiðslan á Íslandi er svo lítil, að eitt álver á Keilisnesi u.þ.b. tvöfaldar framleiðslu í orkufrekum iðnaði á landinu.

Seinni part árs 1994 tók efnahagskreppu heimsins að linna og leiddi það til hækkads álverðs vegna skyndilegrar aukningar í eftirspurn. Álbræðslur í heiminum munu aftur




Alvarlegasti umhverfisvandi stafar frá kjarnorkuúrgangi, mengun jarðvegs og grunnvatns (svartstrikuð svæði), sem og uppblæstri og stækkun eyðimarka (rauðstrikuð). Bláir hringir: menguðustu hafsvæði. Þetta er afleiðing tillitslausrar tækniþróunar og framtíðarinnar að bæta úr því.




Hér á myndinni er borið saman „gamla kerfið“ — ábyrgðarlaus framleiðsla, sem sóar landgæðum og mengar umhverfi, — og hins vegar „nýja kerfið“ þar sem framleiðslan byggir á hringrásaskipulagi.

Í skýrslu sinni til Landsvirkjunar árið 1990 komst Ágúst Valfells að þeirri niðurstöðu, að aukning þjóðartekna gæti aðeins byggst á orku, annars yrði stöðnun. Línuritid til hægri sýnir það sjónarmið.



Spár um ný álver á Íslandi samkvæmt þessu línuriti hafa ekki staðist og vetnisframleiðsla og útlutningur orku um sæstrengi er fjarlægari draumur en menn héldu áður.



Sementsverksmiðjan á Akranesi og Áburðarverksmiðjan í Gufunesi eru orðnar gamlar og úreltar og standast tæpast erlenda samkeppni. Takist ekki að auka hagkvæmni þeirra, dregst starfsemi þeirra saman eða fellur niður og um leið minnkar orkunýting á Íslandi. Möguleikar á framleiðsluaukningu gæti hinsvegar t.d. orðið í álverinu.




auka framleiðsluna en við ættum að reyna að nýta uppsveifluna til að koma framkvæmdum við Keilisnesverksmiðjuna af stað.


Þá hefur það neikvæð áhrif á orkusölmöguleika Íslendinga um sæstreng, að aðgerðir til orkusparnaðar hafa þegar skilað miklum árangri í Evrópu, svo minni þörf er fyrir utanaðkomandi raforku. Við það bætast áform um orkuflutning frá Rússlandi og frá löndunum sunnan Sahara. Vonir um nægilega hátt orkuverð til að standa undir sæstreng frá Íslandi rætast því vart í bráð og við sjáum ekki enn nema veika vísa þess að reglugerðir um brennslutakmarkanir eða grænir skattar geti stuðlað að hækkun orkuverðs í Evrópu.

Hugsanlegt er að svonefnd ofurleiðni í köplum geti í fjarlægri framtíð aukið hagkvæmni sæstrengja, þ.e. dregið úr orkutapi við flutning raforkunnar um þá. Það er einkenni ofurleiðninnar að sáralítill sem engin orka tapast í flutningi með strengjunum sjálfum, svo hægt yrði að flytja raforku um allan heim. Er þá jafnvel hugsanlegt að rafkerfi heimsálfanna verði tengd saman, t.d. sunnan Íslands, líkt og ljósleiðarasíminn núna. Með því mætti t.d. flytja ónýtt orku frá næturhlíð hnattarins til dagshlíðarinnar. Þá kæmst afskekkt orkurík lönd eins og Ísland, Grænland og Norður-Kanada, inn í allsherjar orkukerfi heimsins.

Hugsanlega má nýrta vatnsafl og jarðhita Íslands með framleiðslu vetnis og flytja það út í háþrýstítankskipum eða dýrum kæliskípum. Það mælir með vetni að það mengar ekki og gæti þannig virst vænlegt í „hreina“ bíla, flugvélar og skip. Gallinn er að meðhöndlun og geymsla vetnis undir þrýstingi er hættuleg af því að það er mjög eld- og sprengifimt, og framleiðsla þess er enn miklu dýrari en framleiðsla rafmagns. Þá eru eldsneytistankar þess um helmingi þyngri og fjórum sinnum rúm- taksmeyri en bensíntankar, miðað við sama orkumagn. Rafmagnsbílar eru því miklu vænlegri kostur en vetnisbílar. Samt eru möguleikar á að nýr markaður myndist fyrir vetni eftir nokkra áratugi á sérhæfðum sviðum.



Þróun hnattrænna tæknerfa hófst með lagningu sæstrengja fyrir síma á 19. öld. Myndirnar á síðunni sýna til gamans tvær „útópískar“ hugmyndir um hnattræn kerfi. Hér er hugmynd um lestir sem fara mundu með ofurhraða milli heimsálfa, um göng sem lægju ofan hafsbotsins.



Hér sést hugmynd um rafkerfi sem tengja mundi saman heimsálfur. Hugmyndin er teiknuð á heimskort samsett af þríhyrningum. Ef það er klippt út, brotið um línurnar og jaðrarnir límdir saman, myndast hnattlíkan.

Stofnun fiskmarkaða og þar með aukið frelsi í fiskverslun er mikilvægasta skref á síðari tímum til að auka hagkvæmni í sjávarútvegi og fá meiri verðmæti út úr hráefninu.



Þróun útbúnaðar og þjónustu fyrir erlendan markað þarfnast mikillar sérþekkingar og sprettur venjulega upp úr góðum heimamarkaði. Þær forsendur höfum við á sviði sjávarútvegs.



Þótt fiskverð á Íslandi sé oft hærra en í öðrum löndum, höfum við enn möguleika á verðmætaaukningu með þökkun fyrir sérþarfir ýmissa aðila á markaðinum og með framleiðslu á tilbúnum sjávarréttum fyrir nútímamanninn sem alltaf er í tímahraki.



Það hafa löngum verið viðtekin sannindi að Ísland eigi sér óhemju auð í fallvötnum og hverum og virkjun þeirra sé vænleg þróunarleið fyrir íslenskt þjóðfélag. En gáum betur að og áttum okkur á því að slík orkuframleiðsla og einföld hráefnavinnsla með henni, eins og álbræðsla, er lágtækniiðnaður, sem gefur til-
tölulega fá störf. Hún verður líklega í framtíðinni helst stunduð í þróunarríkjum með tilheyrandi lágu verði. Sú þróun hefur í rauninni þegar orðið í nær allri hráefnavinnslu og lágtæknivöru, svo sem í framleiðslu landbúnaðarafurða, áburðar, sements og skipasmíða. Því er nú ekki eins vænlegt og sumir halda, fyrir þjóðir sem vilja hafa háar tekjur, að fjárfesta í slíku. Líklega mun áburðar- og sementsframleiðsla leggjast að mestu niður hér.

Vegna vöntunar á fjárfestingartækifærum í bili, ættum við þó ekki að sleppa möguleikum sem bjóðast til að reisa t.d. álver eða zínkerksmiðju. Þó störfin verði ekki mörg, aukast við það tekjur þjóðarbúsins og ofurvægi sjávarfangs í útflutningi myndi minnka.

Segja má að sjávarútvegur sé líka eins konar lágtækniiðnaður. Hann er veiðimennska sem getur ausið upp auðæfum með lítilli fyrirhöfn og haldið háum lífshkjörum, ef fiskur er nógur.

Nú þegar ofveiði hefur leitt til aflsamdráttar eru blikur á lofti í íslensku efnahagslífi. Þó er mótsagnakennt að ofveiðin í höfunum gagnast okkur, því að takmarkað framboð á fiski á mörkuðum okkar heldur verðinu háu. Það er hins vegar dapurlegt hve mjög Íslendingar hafa spilt fiskstofnum sínum með ofveiði og agaleysi. Ef okkur tækist að breyta um stefnu, og byggja upp sterka fiskstofna innan fiskveiðilögsögu okkar, myndi það færa þjóðinni mikla auðsæld á komandi tímum.

Eins og ástatt er á Íslandi nú eiga flestar starfsgreinar, aðrar en þær sem tengjast sjávarfangi, erfitt uppdráttar. Sjórinn er ótrúleg gullkista, þar sem hægt er að ausa upp á nokkrum tímum tugum tonna af fiski, sem er jafnvel dýrari en nautakjöt. Tekjur af annarri atvinnustarfsemi sem við höfum nú gætu aldrei skilað sömu lífshkjörum og sjávarútvegurinn.



Siglingaleiðin með norðurströnd Rússlands til Asíu og Ameríku er verulega styttri en suðurleiðin. Rússar halda heimskautsleiðinni opinni 3–4 mánuði á ári og nú eftir að Rússar hafa brotið odd af oflæti sínu og eru orðnir samstarfsfúsari, gætu siglingar í ís á þessari leið eflst, og möguleikar orðið á að koma upp umskipunarhöfn í Norður-Noregi eða á Austfjörðum.

En hvernig horfir nú með arðinn af gullkistunni? Lengi gátum við haldið áfram að auka þjóðartekjurnar með því að auka sókn í fiskistofna. Svo fór aflinn að minnka og ýmis merki að sjást um ofveiði. Samt var skellt skollaeyrum við ráðleggingum fiskifræðinga, og það þótt enn væri í fersku minni að stærsta fiskstofni Norður-Atlantshafs, síldinni, var svo til útrýmt á sjöunda áratugnum.

Sú leið var vissulega fær á 8. og 9. áratug, að draga úr sókninni í fiskistofnana, og leita meiri tekna með hagræðingu og markaðsþróun, sem og með úthafsveiðum. Þetta var ekki gert og afleiðinguna sjá allir, því að þorskstofninn gefur nú aðeins af sér um 150

þús. tonn á ári, en við gætum fengið 400 þús. tonna, ef við hefðum forðast rányrkjuna.

En hvernig stendur þá á því að lífskjörin hafa versnað svo lítið, þrátt fyrir minnkandi afla í hefðbundnum tegundum? Ástæðan er að við höfum byrjað að nýta nýjar tegundir sjávarfangs, t.d. krabba- og skeldýr. Þá kom loðnuveiði í staðinn fyrir síldina og nú er okkur að takast að koma upp nýjum síldarstofni. Einnig hefur veiði hafist á djúpsjártegundum eins og búra, grálúðu, úthafskarfa, blálöngu og keilu. Sumar þessara tegunda notfærðu aðrar þjóðir sér rétt fyrir utan landhelgina, meðan Íslendingar voru að ofveiða þorskinn. Við áttum því kost á sömu

úrræðum og aðrar þjóðir þó að þjóðartekjurnar hefðu rýrnað um stund. Því var óþarfi að ganga hart að hefðbundnum nytjastofnun. Kom hér fram skammsýni fiskimanna og hik stjórnámálanna við stefnubreytingu.

Við áttum líka þann kost að fara út í hagræðingu, en af því að uppgrípin voru svo mikil, skeyttu menn ekki um það. Á samdráttarárunum eftir 1990 hófst mikil hagræðingaralda. Komast mætti lengra í henni, t.d. með vaktavinnu í fiskvinnslu, sem mörg verkalyðsfélög streitast á móti. Þriðja leiðin er meiri og betri tækni, t.d. við vigtun, pökkun og flökun, og þar hafa Íslendingar unnið mikið þróunarstarf. Fjórdða leið er nýting sælkerategunda, krabba, ígulkers, sæbjuga og þara. Sú fimmta er framleiðsla dýrra tilbúinna sérretta.

Enn er eftir að nefna einn mikilvægan lykil að framförum, sem er frekari þróun frjálsra fiskmarkaða á Íslandi. Þeir tryggja jafnt og stöðugt aðstreymi til fiskvinnslunnar, opna fyrir sérhæfingu eftir tegundum og stærðum og gera hráefni aðgengilegt fyrir litla sérhæfða framleiðendur. Þar fæst líka markaður fyrir sjaldgæfar tegundir, oft rándýrar, sem áður fóru í gúanó á afskekktum stöðum.

Eitt helsta vandamál sjávarútvegsins er of stór fiskveiðifloti. Að vísu hefur kvótakerfið nokkuð stuðlað að minnkun flotans og frjáls sala og kaup á kvóta gerir útgerðarmönnum kleift að stunda samfelt þá veiði sem hentar best. Ókostur við kvótakerfið er að stóru aðilarnir setja of lítinn fisk inn á fiskmarkaðina, m.a. til að halda skiptahlut sjómanna niðri. Enn er því haldið áfram að búa til „klakablokkir“ úr verulegum hluta aflans, en sú „vinnslu“ og geymsluáferð lækkar verðið á fiskinum í stað þess að hækka það.

Annar möguleiki á hagræðingu er að fækka höfnum og fiskvinnslustöðvum. Þetta gæti leitt til þess að þorpum fækkaði, en þar með gæti dregið úr ýmsum rekstrarkostnaði. Nú eru landshafnirnar, og þar með sjávarþorpin, um fimmtíu og eru allar sjárfestingar í þessum útgerðarstöðum mjög vannýttar. Líklega væri rétt að fækka þorpunum um svo sem 20, og

þó það kostaði mikla flutningsstyrki til íbúanna væri sparnaður ríkisins, t.d. í rekstri hafna, flugvalla, heilsugæslu, skóla, lögreglu o.s.frv., líklega fljóttur að borga það.


Aðalráð „strúktúr-nefndarinnar“ í Færeyjum til endurreisnar efnahag eyjanna, var að fækka fiskvinnslustöðvum úr 28 í 5 og þar með útgerðarstöðum álíka. Hliðstæðar aðgerðir mætti hugsanlega gera hér á landi, ef mönnum væri alvara í að skera niður kostnað.

Haustið 1994 gerðust þau tíðindi að samtök kúabænda settu fram kröfu um helmingsfækkun vinnslustöðva. Hvenær skyldu útgerðarmenn og sjómenn setja fram kröfu um fækkun vinnslustöðva í sjávarútvegi?

Af því sem hér hefur verið rakið, má ráða að auðvelt væri fyrir þjóðina að lifa góðu lífi af sjávarútvegi og almennt á matvælaíðnaði, ef hún einsetti sér að nýta alla þá möguleika til hagræðingar og tekjuauka sem eru fyrir hendi. Frumreglan á að vera að við þróum greinar þar sem við höfum sérstöðu. En við ættum eins og aðrar þjóðir líka að geta haslað okkur völl á nýjum sviðum. En óskipuleg vinnubrögð hafa jafnvel leitt til hrakfara í greinum þar sem við höfðum sérstöðu, eins og í fiskeldi, refarækt, graskögguln, saltverksmiðju, líftækni o.s.frv.

Hafa þarf varann á þegar upp koma tískuorð eins og nýsköpun og útflutningur hugvits. Þau geta orðið ný villuljós nema helst ef þau tengjast sjávarútvegi eða greinum sem við höfum sérþekkingu á. Undantekning frá því er ferðaiðnaður, þó honum fylgi ekki mikil uppgríp, hjálpar hann að halda uppi samgöngum og því framboði í veitingarekstri og menningu sem við viljum hafa. Þar að auki skapar hann mörg störf á tímum þegar þörf á vinnuafli í flestum öðrum greinum fer minnkandi.

Í samantekt má segja að Íslendingar séu enn lítt farnir að hagnýta sér ýmsan ávinning af þekkingu og skipulagi sem mögulegur er í hefðbundnum atvinnugreinum. Þörf er fyrir framlög vísindasjóða og menntamanna, t.d. í byggðamálum og sjávarútvegi, en þeir virðast þó ekki vera ýkja áhugasamir eða hrifnir af því að sinna slíkum viðfangsefnum.



Vanþekking er dýr. Lengi höfðum við Íslendingar enga hugmynd um að margar fisktegundir voru eftirsóttar af fjarlægum þjóðum, svo við nýttum þær ekki. Þannig var það m.a. með síldina. Nú höfum við gert okkur grein fyrir því að ýmislegt sjávarfang, sem við töldum óætt og einskis nýtt, telst dýrt lostæti annars staðar.

5 Menningarþættir í þróun þjóðmála

ÞRÓUN NÝRRRA SJÓNARMÍÐA í tækni, menningu og viðskiptum getur verið svo kröftug og mótandi að öflugustu heimsveldi og jafnvel öll heimsskipunin raskist þess vegna. Skýrasta dæmið um þetta er hvernig kommúnisminn hrundi í Evrópu og Sovétríkin leystust upp meðal annars vegna þrýstings frá fjölmiðlun og upplýsingatækni. Einnig má minna á dæmið um það hvernig þróun nýrrar umhverfisvitundar í heiminum hjálpaði Íslendingum til að víkka út landhelgina, eftir því sem skilningur á þörf verndunar fiskstofna jókst.

Hvers kyns menningarlegar hræringar í heiminum hafa þannig oft haft mikil áhrif á það, hvernig menning hinna ýmsu þjóðríkja þróast og jafnframt mikil áhrif á ummótun heimsmenningarinnar í heild sinni. Oft tengjast menningarskeið heimsins líka einhverri nýrri tækni og hafa verið kölluð eftir þeim t.d. bronsöld, járnöld og tækniöld. En líka eru tímarskeið stundum kennd við pólitísk sérkenni eins og kalda stríðið. Nú segja menn gjarnan að upplýsingaöld sé að renna upp, þar sem byltingarkenndar aðferðir í miðlun og vinnslu þekkingar og upplýsinga muni ráða úrslitum um hvernig hinar ýmsu greinar mannlífsins og heimsmenningin í heild sinni þróast.

Margir telja það einstakt happ fyrir mannkynið að þessi þekkingartækni skuli nú vera að ryðja sér til rúms. Það sé ekki seinna vænna, því að hún beri með sér bestu vonina um að bjarga megi heiminum úr þeim umhverfisvanda sem yfirgangur og skeytingarleysi tæknialdar hafi steipt honum í.

Þó grófri og mengandi tækni sé hér stillt upp sem sökudólg, er það ekki síður hið mengaða hugarfar mannanna sjálfrá sem stjórnað hafa þeim tækjum og tólum, sem spjöllunum valda. Oft er tækninni kennt um spillingu hugarfarsins og sagt að hún hafi gert

okkur að yfirgangssömum og tilfinningasljóum vélmönnum.

Sumir kenna svokölluðu „bákni“ um, en með því er átt við miðstýrðar valdastöðvar sem eru með nefið niðri í hvers manns koppi og vilja öllu ráða. Sagt er að afleiðingarnar verði þær að einstaklingarnir missi tengslið við þjóðfélagið og skynji ekki lengur ábyrgð sína né mannlegar skyldur. Enn aðrir nefna hnignun eða niðurrif trúarbragða, sem leiði af sér siðblindu. Sjálfsagt getur allt þetta í sameiningu og fleira til átt sinn þátt í því að flestum þjóðum heims hefur gengið fremur illa við að ráða við félagslegan jafnt sem umhverfislegan vanda nútímasamfélagsins.

Í umhverfis- og tækniköflunum hér á undan var tæpt á því, hvar stefni mest í óefni í tækni- og umhverfismálunum. En tekið var fram, að nú væri hvarvetna í heiminum verið að reyna að ráða bót á þessu. Verið sé að koma á umhverfisvænni tækni og að víða gæti meiri næmleika eða tilfinningar fyrir umhverfinu en áður og að tekið sé meira tillit til mannlífs og verndunar náttúrunnar í framkvæmdum.

Því er þó haldið fram að þessar „næmari“ lausnir muni aðeins verða á yfirborðinu, nema heimurinn hverfi frá hinni skeytingarlausu og ofbeldiskenndu menningu frumtæknialdar þeirrar sem við höfum lifað á. Jafnframt telja margir að grófleiki stafi af því að karlgildin hafi verið um of ráðandi. Það sem heimurinn þarfnist nú, til að komast út úr tilvistarkreppu sinni, sé ný menning næmleika, umhyggju og tillitssemi; — menning sem einkennist í mörgu af kvengildum.

Svo mikið er víst að nýir stjórnmalaflokkar sem kenna sig við umhverfismál, „græningjar“, einkennast af þessari nýju hugmyndafræði og eru að meirihluta skipaðir konum.

Til skýringar mætti líkja þessum tveimur




Þjóðfélögin eru nú að færast frá iðntækniöld inn í upplýsingaöld. Nauðsynlegt er fyrir atvinnulíf og almenning að átta sig á kröfum þessarar nýju aldar.


Þegar geimferðir hófust, varð mönnum tamt að tala um Geimskipið Jörð (Spaceship Earth) og Heimsporið (The Global Village).



Tæknipróunin hefur náð því stigi að sýna þarf æ meiri aðgæslu vegna umhverfisspjalla og félagsvanda. Af því kann að leiða, að hin varkáru og mjúku, svokölluðu kvengilda, verði mikilvægari. Hér sjást nokkrar forstukonur Kvennalistans



Austurlensk heimspeki leggur mikla áherslu á hið sívirka jafnvægi andstæðra afla, t.d. karl- og kvengilda. Merkið á suður-kóreanska fánanum á að túlka þau.




öflum — að vera vígreifur eða varkár — við bensíngjöf og bremsu á bíl. Sé of mikið gefið inn og bremsan of lítið notuð, getum við lent í árekstrum og óhöppum, eins og þeim sem hafa sett svo mikinn svip á íslenskt þjóðfélag á seinni tímum. Sé hins vegar stigið of fast á bremsuna, dregur úr framsækni og framförum. Þessu til áréttingar er því stundum haldið fram af andstæðingunum að kvengildafólkið vilji nánast „flytja upp í sveit og fara að þrjóna.“

En í sanngirni sagt er nokkuð til í því að heimsmenningin þurfi í auknum mæli að taka mið af kvengildunum. Hér á landi kostar það konurnar e.t.v. meiri átök en í öðrum vestrænum löndum að koma á þessum menningarumskiptum, af því að íslenskt þjóðfélag einkennist svo mjög af karlgildum, veiðimennsku og grófum störfum. Bremsan, þ.e. kvengildin, þyrfti að verða virkari. En það sem skiptir íslenskt samfélag mestu máli er að læra að koma jafnvægi á milli inngjafar og bremsu, svo að framgangur í þjóðfélaginu sé tryggður, en varúðin þó nógu sterk og vakandi til að forða frá slysum.

Jafnframt þessu mun mótun stjórnmála-stefnu framtíðarinnar einnig snúast um það hvernig hægt verði að koma jafnvægi á milli heimsmenningar og þjóðmenningar. Fyrr á öldinni kom til mikilla átaka milli alþjóðastefnu og þjóðernisstefnu. Þannig var það yfirlýst markmið sósíalista að afmá þjóða- og trúarbragðaeinkenni til að vinna að framgangi alþjóðastefnunnar (sbr. „Sovét-Ísland, hvenær kemur þú?“). Hægrímenn upphófu hinsvegar ástríðufullt gildi trúar og þjóðernis. Nú eru aftur á móti flestir á því að þetta tvennt: — heimsmenning og þjóðmenning eigi að fá að dafna hlið við hlið.

Fjarskipta- og flutningatæknin hefur nú stýtt allar vegalengdir í heiminum, svo að við upplifum heimsfréttir, menningarviðburði, tónlistarflutning og hvað annað sem er að gerast — oft í beinni útsendingu. Því er jafnvel farið að tala um „Þorpið Jörð.“ En þessi




Skýringarteikning þessi sýnir, hvernig hinir ólíku áhrifavaldar á alþjóðasviðinu verða til, verka hver á annan og geta haft áhrif á framtíð okkar Íslendinga. Á myndinni má m.a. sjá, hver áhrif viðskipti og tækni hafa hverju sinni á mótun heimsmenningar. Nú bætist nýtt afl í deigluna — „umhverfismál“, og hefur veruleg áhrif á alla hina þættina.

svokallaða heimsmenning, sem teygir anga sína um alla jarðarkringluna, er að meginuppistöðu vestræn og engilsaxnesk. Þessu vilja sumar Asíu- og Arabaþjóðir ekki una og reyna að einangra sig og loka úti frá henni. Íslendingar eru hins vegar í hópi þeirra þjóða, sem hafa hvað mestan hag af þessari þróun, því að þeir eiga auðvelt með að laga sig að vestrænni tækni og menningu og eru reyndar virkir þátttakendur í henni.

Annar meginríkrafurinn í þróun nýrrar alheimsmenningar er hin sameiginlega ógn

umhverfisvandans og nauðsyn þess að mæta honum með einhverjum ráðum. Þar eru allir íbúar jarðarinnar á sama báti. Við þessum vanda er m.a. brugðist með alþjóðalögum, þó þau kunni að leiða til þess að ríki verði í auknum mæli að framselja fullveldi á afmörkuðum sviðum. Nær þetta jafnt til stórra ríkja sem smárra, svo að miðað við fyrri valdastöðu verða stóru ríkin að beygja sig meira en þau smáu.

Stóru ríkin standa hins vegar áfram betur að vígi þar sem þau geta ráðist í risastór verk-



Kortið sýnir hvar öflugustu tækni-
þróunarsvæði heimsins eru nú. Þar
eru háskólarnir aflvaki allra fram-
fara og visindi hvers kyns kjarni
allrar þróunar. Það er okkur
ómetanlegt, að íslenskir stúdentar
og fræðimenn fái aðgang að allri
þessari nýsköpun og dvöl við er-
lenda háskóla.




Hönnun (Design) er nú hvarvetna
orðið lykilord til að auka verðmæti
framleiðslu. Hún er bæði til að bæta
sjálfa vöruna og nytjagildi hennar
og til að gera hana þekkillegri í útliti
og seljanlegri. Því er afar mikilvægt
fyrir okkur að eiga greiða leið að
höfuðstöðvum hönnunar í heiminum
til að menntast og fylgjast með
nýjstu straumum og tísku.

efni og byggt upp sterkar stofnanir á ýmsum
sviðum. Á hinn bóginn er líklegt að upp-
lýsingatæknin, sem stöðugt verður ódýrari,
jafni nokkuð út mun á aðstöðu og tæknigetu
stórra og smárra ríkja. Og Ísland gæti ein-
mitt haft verulegan hag af slíkri jöfnun.

Þó nú dragi smám saman úr fjárhagsleg-
um hömlum á því að njóta ávaxta hinnar
nýju upplýsingaaldar, er ekki þar með sagt
að allir nái jafn vel að nýta sér hana. Þar
getur ráðið úrslitum, hve framsækna þjóðir
eru og fljótar að koma upp hjá sér tölvufærni
og upplýsingamenntun. Það verður að segj-
ast sem er, að þar eru Íslendingar nokkuð á





Vestræn – engilsaxnesk menning er á góðri leið með að verða alþjóðamenning. Að baki því býr menntun og þjálfun og góð tök á framleiðslutækni, fjölmíðlun og markaðssetningu. Stór heimamarkaður gaf bandarísku þjóðinni forskot, svo að framleiðslufyrirtæki þeirra tóku forystu í tækni og vísindum.

eftir flestum Evrópuþjóðum og þær aftur enn lengra á eftir t.d. Japönum og Suður-Kóreu-mönnum.

Hin nýja tölvutækni og reyndar flest hátækni, virðist falla sérlega vel að menningu Austur-Asíubúa, m.a. af því að hún einkennist svo mjög af iðni og tækniáhuga. Það er furdulegt fyrirbæri, hvernig þeim hefur tekist með fyrirhyggju og djörfung að notfæra sér þessa nýju tækni til að ná forystuhlutverki. Byggist geysilegur uppgangur Asíuþjóða að hluta á þessu, meðan Evrópuþjóðir sváfu á verðinum. En þar kemur líka til hið ódýra vinnuafli og lakari lífskjör. Þó hafa ekki orðið miklar framfarir á öllum láglaunasvæðum.

Áður var rætt um að þjóðir þyrftu að breyta menningu sinni í anda umhverfisverndar svo hún yrði eins og eðlilegur hluti af lífi fólks. Einnig þurfa lítt tæknivæddar þjóðir að breyta menntakerfi sínu og menningu á þann veg að sveigja áhuga og skaplyndi þegna að tölvuheimi framtíðarinnar.


Þetta mun kosta mest átak hjá frumstæðum þjóðum og í löndum þar sem þjóðmenningin hefur mikið mótast af grófri útivinnu og veiðimennsku, eins og er á Íslandi. Hætt er við að slíkar þjóðir lendi í margvíslegum erfiðleikum eða dragist jafnvel aftur úr.

Stuðningur við skákmenningu hefur þó verið mikill hér á landi. Skákin elur af sér íhygli og þolinmæði sem nýtist vel við tölvuvinnu. Íslendingar eru almennt líka nokkuð tækjasinnnaðir, en sá áhugi virðist helst ná til tækja sem hægt er að setja fyrirhafnarlítið í gang til að skemmta sér eða til að létta tiltekin verk.

Nú þarf umfram allt að efla áhuga í þjóðfélaginu á rafeindatækjum og tölvum svo að börn venjist því frá blautu barnsbeini að beita þessum tækjum við lausn nánast allra verkefna. Tölvur þurfa að vera í öllum skólastofum og á öllum heimilum, stöðugt opnar og í stöðugri notkun.



Í heimi örra breytinga er mikil þörf á endurmenntun og stöðugri þjálfun til að taka frumkvæði í harðri samkeppni. Kennsla og starfsaðstaða í skólum þarf að taka mið af þessum þörfum.




Mikil áhersla hefur verið lögð á heilbrigðismál á Íslandi. Tengslin milli heilbrigðis mannlífs og heilsusamlegs umhverfis í menningu Íslendinga vekja athygli meðal annarra þjóða og skapa okkur forskot í svokallaðri „heilsu-ferðaþjónustu“, þar sem við gætum komið á fót alþjóðlegum heilsustofnunum til hollustu og endurhæfingar. Loftmynd af Reykjalundi í Mosfellsbæ.


Önnur ný þróun, sem getur orðið okkur Íslendingum og öðrum smáþjóðum til góðs, er að starfsemi í iðnaði og þjónustu fjarlægist nú stöðlun og einhæfni og færast í átt til fjölbreytni og fjölbreytileika. En það myndi kalla á margvíslegar breytingar á menntakerfinu ef takast ætti að gera atvinnu- og þjóðlífið fjölbreyttara og fjölbreyttara. Þá yrði t.d. að gera aðrar kröfur til undirbúnings fólks fyrir atvinnulífið. Ekki dygði lengur að mennta fólk fyrir einhæf störf, því að starfssviðin yrðu þá miklu fleiri og fjölbreytilegri en nú er. Sem dæmi um þessa stefnubreytingu yrði t.d. í iðnaði stefnt að því að hverfa frá færíbandavinnu og öðrum störfum þar sem fólk vinnur nánast sama handtakið frá morgni til kvölds.

Annað sem kallar á þá nýju stefnu, sem að ofan var nefnd, er að hinn mikli hraði breytinga í samfélagi og framleiðsluháttum, veldur því að einhæf menntun er mjög fljót að úreldast. Því er enn mikilvægara en áður að leggja áherslu fyrst og fremst á almennu undirstöðugreinararnar í skólunum og svara þörf fyrir sérhæfða menntun, ekki með mikilli sérhæfingu í námi, heldur með því að nemendur fái þjálfun sem hjálpar þeim að afla sér sérþekkingarinnar sjálfir, eftir að út í atvinnulífið er komið. Menntunin þarf því í síauknum mæli að færast úr því fari að nemandinn sitji hlutlaus á skólabeck og taki við eins og páfagaukur, en velji sér heldur sjálfur verkefni og læri að vinna þau upp á eigin spýtur.

Hið íslenska skólakerfi hefur sofið lengi á verðinum og lítið gert til að þjálfra og efla frumkvæði hjá nemendum til að vinna sjálfstætt, skapa, ummóta og breyta vinnuáferðum sínum. Enn er afstaðan til þessara mikilvægu gilda svo neikvæð í íslensku þjóðfélagi, að athafnamenn og frumkvöðlar sem beita sér fyrir nýjungum eru oft á tíðum litnir hornauga. Í samanburði við t.d. Bandaríkjamenn og Japani erum við Íslendingar skammt á veg komnir í skilningi á nýsköpun.



Þegar orkuverið við Svartsengi var stofnað, myndaði yfirfallsvatnið frá því fallett blátt lón sem varð fljótt vinsælt til baða. Vatnið í lóninu er talið hafa lækningamátt og er nú unnið þar að uppbyggingu heilsuhótels. Það er hins vegar erfitt vegna þess hve fjárfestingarkostnaður er mikill.



Í skýrslu sem unnin var af bandarísku ráðgjafarfyrtæki á vegum Sameinuðu þjóðanna 1972, var bent á mikla möguleika Íslands í heilsuferða-þjónustu. Þar voru m.a. gerð frumdrög að heilsuhóteli í Krýsuvík, sem skyldi líkjast eldfjalli að ytra útliti.

Upp á síðkastið er þó tekinn að vakna hér á landi nokkur áhugi á nýsköpun, og er allmikið starf unnið t.d. á sviði hugbúnaðar fyrir atvinnulíf og skrifstofustörf. Þetta hefur mest leitt til þeirrar tegundar hagræðingar sem fækkar störfum, en nýsköpun þarf einnig að beinast að því að búa til ný og fleiri störf í hefðbundnum greinum svo og að búa til alveg nýjar starfsgreinar. Hins vegar er ekki raunsætt að ætlast til að núverandi áttak í nýsköpun skili sér strax í fjölgun starfa og geti þannig með skjótum hætti dregið úr atvinnuleysinu.

Tölvun og ýmis ný tækni og þekking hefur sem sagt fækkað störfum í ýmsum framleiðslu- og skrifstofugreinum, en hins vegar hefur störfum stöðugt fjölgað í þjónustugreinum á borð við fjölmiðlun og ferðaþjónustu. Sumar þjónustugreinar munu þó líklega ekki taka við fleira fólki, en hins vegar er talið að aukning muni verða áfram í heilsu, menningar- og ferðageiranum. Forsendur fyrir fjölgun starfa í menningar- og ferðageiranum eru aukinn frítími, auðveldari og ódýrari ferðir og gott efnahagsástand hér á landi og í helstu viðskiptalöndum okkar.

Ísland hefur upp á það margt að bjóða á þessum þjónustusviðum, einkum ferðaiðnaði, að þar á störfum að geta fjölgað verulega. Til að ná til þeirra ferðamanna sem hafa sæmileg fjárráð og menntamanna og fólks sem hefur sérstakan áhuga á íslenskri náttúru og menningu, þyrfti sérstaklega að styrkja innlenda menningarstarfsemi, svo sem söfn og sýningar og tónleikahald og jafnvel að bæta aðstöðu veitingahúsareksturs o.fl.

Ef þetta er haft að leiðarljósi í mótun framtíðarstefnu, getur ferðamannastraumurinn hjálpað til við að lyfta þjóðlífinu á hærra menningarstig í viðum skilningi, og gera allt mannlífið skemmtilegra og jafnframt stuðla að því að þjóðin verði hæfari til að takast á við vandasamari og fjölbreyttari verkefni.

Til að rækta og styrkja menninguna þarf að veita auknu fé til skóla, bókmennta og lista

og koma upp og reka fleiri og fjölbreytilegri söfn og menningarmiðstöðvar. Allt slíkt hefur mikla þýðingu til að móta ímynd landsins út á við. Menningarstarfsemi stuðlar ekki aðeins að fjölgun ferðamanna, heldur styrkir hún almenna ímynd Íslendinga. Góð ímynd og hátt menningarstig stuðlar m.a. að því að erlendar fjármálastofnanir og fjárfestar telji óhætt að eiga viðskipti við okkur.

Annar og ekki síður mikilvægur ávinningur af aukinni fjölbreytni og meira framboði af menningu og afþreyingu er að með þessu verður auðveldara að mæta kröfum nútímasamfélags á Íslandi. Háar tekjur — sem lengi hafa verið það sem fólk hefur helst sóst eftir hér á landi — munu ekki einar sér duga til að halda í menntaða og hæfa fólkið, heldur verða stjórnvöld og aðrir aðilar að leggjast á eitt, að stuðla að uppbyggingu á öðru því sem í dag telst til lífsgæða.

Menning er því að verða einn af mikilvægustu þáttum sem samfélag framtíðarinnar á Íslandi mun byggja á. Kröfur fólks til afþreyingar, möguleikar á að stunda listnám og þroska andann eru að verða útbreidd og mikilvæg lífsgildi nútímafélks. Eftirspurnar eftir menningu gætir líka í vaxandi mæli hjá erlendum ferðamönnum. Nú eru ferðaskrifstofur ekki síður spurðar um söfn en sól.

Í sambandi við uppbyggingu á slíku menningarframboði er rétt að gefa sérstaklega gaum að hinum forna menningararfi Íslendinga, en hann nýtur mikillar virðingar meðal margra erlendra mennta- og fræðimanna. Menningararfinn getum við nýtt okkur enn frekar, t.d. í nýsköpun í minjagripaframleiðslu, í tengslum við vörुकynningar og með því að gera fornboðmenntirnar og alla menningararfleifð okkar aðgengilegri fyrir ferðamenn sem koma til landsins.



Listahátíðir og uppbygging margvislegra safna hefur lyft íslensku menningarstigi á hærra svið. Erlendir gestir sem koma hingað í tengslum við slíka starfsemi, flytja með sér menningu og mynda vináttutengsl sem hafa reynst heilladrjúg.

6 Breytingar í byggðapróun heimsins

Á MÖRGUM UPPDRÁTTANNA í undangengnum köflum bókarinnar hefur verið á það bent, hvaða þýðingu lögun landa og staða innan þróunarsvæða heimsins, getur haft á framtíðarmöguleika þeirra. Þá hefur verið rætt um það hve vel lönd og svæði liggi við samgöngum, en það gefur vísbendingu um hvar líklegast sé að uppgangur verði mestur. Skiptir verulegu máli að huga að þessu til að átta sig á stöðu Íslands og möguleikum þjóðarinnar í heimi framtíðarinnar.

Eftir að kalda stríðinu lauk, hefur það færst í aukana að ríki, sem eru landfræðilega tengd, taki upp nána samvinnu í efnahags- og viðskiptamálum. Eru í mótun stór samvinnusvæði sem með afnámi hindrana og örvun samgangs eru að verða að nýjum viðskiptaheildum. Afleiðing þess er að miðlæg svæði innan þeirra eflast. Aukið vægi lesta-, hraðbrauta- og flugsamgangna mun einnig leggja á sveif með miðsókn í byggðapróun.

Þessar aðferðir, sem nú hefur stuttlega verið lýst, eru fengnar að láni frá skipulagsfræðinni og mun verða gripið meira til þeirra í seinni hluta bókarinnar. T.d. verður fjallað um ýmis lögmál um þróun svæða, sem leynast mönnum oft, því að þau verka svo hægt og sigandi að áhrif þeirra verða ekki greind nema með því að athuga þróun yfir löng tímabil.

Þær meginþróunarlínur, sem koma í ljós við rannsóknir af þessu tagi, eru ýmist kallaðar heildartilhneiging (megatrends) eða heildarmynstur (megapatterns). Slíkar þróunarlínur eða mynstur eru í framtíðarrannsóknum oft framlengd fram í tímann. Á sviði þess háttar framtíðarrannsókna er bókin *Megatrends* eftir John Naisbitt vel þekkt, en rit um heildarmynstur eru fáttíðari.

Sem dæmi um það sem hefur komið í ljós við slíkar rannsóknir, er að í ljósi sögunnar virðist byggðapróun í heiminum gjarnan hafa færst frá austri til vesturs (sjá kort á bls. 51) sem og það að byggðapróunin stefnir nú víða inn til miðlægra landsvæða, vegna hins svo-


kallaða miðsóknarafls. Sú tilhneiging stafar af vaxandi mikilvægi land- og flugsamgangna, meðan á síðustu öld og fram um miðja þessa, stefndi byggðapróun víðast hvar í átt til strandar vegna yfirgnæfandi mikilvægis samgangna á sjó. Þróunarlönd, sem skortir fullkomnar nútíma landsamgöngur þurfa enn að reida sig á þungaflutninga á sjó, og því stefnir byggðapróun þar víða enn út að ströndinni.

Víðsvegar í þróaðri löndum hefur byggð jafnframt tekið að færast suður á bóginn. Í okkar heimshluta gildir þetta t.d. um norðurhérað Íslands, Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Bretlandseyja. Oft verður nútímatilhneiging af þessu tagi fyrst vart í Bandaríkjunum og má nánast tala þar um þjóðflutninga í suður á síðustu áratugum. Þegar komið er suður í heittempraða beltíð sveigir þessi straumur út að ströndinni við Atlantshaf og Kyrrahaf, því þar er svalinn við ströndina ákjósanlegasta loftslagið. Þessi byggðahreyfing til suðurs hefur t.d. leitt til þess að íbúum Kaliforníu hefur fjölgað um 31% og Flórída um 33% á aðeins 10 árum (1980–90).

Starfsháttabylting í þróaðri þjóðfélögum ræður miklu um þessa búferlaflutninga. Hún á sér tvær meginástæður, — að þróaðar þjóðir byggja nú orðið hlutfallslega minna á nýtingu náttúruauðlinda en þróunarríkin og — að nú þarf mun færri fólk til að skila sömu eða meiri afköstum en áður við auðlindanýtinguna.


Því er starfsemi í þróuðum ríkjum ekki eins tengd hefðbundnum atvinnusvæðum, heldur flyst fólk og fyrirtæki fremur þangað sem þægilegra er að búa og starfa: Snjóskafar norðursins eru yfirgefnir og stefnan tekin á suðrið og sólina. Það á ekki síst við um ungt fólk, sem enn er ekki bundið áttthögum sínum og um ellilífeyrisþega sem geta flutt hvert á land sem er þegar þeir eru hættir að vinna. Þannig býr nú þegar nokkur hópur aldraðra Íslendinga á Flórída og á Spáni.

Þróun af annarri gerð verkar á móti þessum nútíma „þjóðflutningum“ til suðurs, að




Meirihluti landmassa jarðarinnar er á norðurhveli hennar. Miðlæg staða Íslands á núverandi loftferðaöld sést af því að mestöill Norður-Ameríka, norðurhluti Afríku og hluti Asíu er innan 7000 km fjarlægðarhrings.

Svo virðist sem daglegur gangur sólarinnar frá austri til vesturs, valdi því að einhverju leyti að mannkynið hafi það almennt á tilfinningunni, að framtíðin biði þess í vestrinu.




Sóknin til vesturs hófst er norrænir menn fundu Ísland, Grænland og meginland Norður-Ameríku.




Uppdrátturinn sýnir helstu siglingaleiðir norrænna víkinga til Bretlandseyja, Færeyja og Íslands.

Þegar lítið er yfir mannkynssöguna má greina ýmsar tegundir fólksflutninga um lönd og álfur. Hér er leitt getum að tveimur tegundum slíkra flutninga, en óvíst er í hve miklum mæli þeir kynnu að verða.




Nú á tímum má greina nokkurn fólksflutning suður á bóginn til þéttbýlli og hlýrri svæða.

með aukinni auðlegð og fullkomnari tækni verður auðveldara að búa í kuldalöndum. Á það ekki síst við um Ísland vegna heitavatnsins, en lágur hitunarkostnaður með jarðhita gerir auðveldara að reka hér ýmiskonar starfsemi undir þaki eða gleri. Þannig getur fólk t.d. verslað í Kringlunni og öðrum slíkum stöðum allt árið eins og á sumardeggi væri. Og með fjölgun bílageymslna geta nú margir allt að því farið á skyrtu og inniskóm í bílnum úr bílskúrnum heima hjá sér, í bílageymslu við vinnustaðinn, og það jafnt í sæmilegu veðri sem kafaldsbyl og frosti.




Með mengun, eyðingu ózon-lags og hlýnandi veðri, kynni straumurinn að liggja aftur til norðurs.

Í sambandi við þetta er það norðlægum löndum eins og Íslandi í vil að sú almenna regla gildir, að landsvæði eru því minna menguð sem nær dregur heimskautunum. Ef mengun vex enn á suðlægum og þéttbýlum svæðum, kann svo að fara að straumur fólks og starfsemi hefjist í átt til kaldari og hreinni svæða. Vísir að því sjáum við þegar í auknum straumi ferðamanna hingað til lands um sumartímann. Í Bandaríkjunum færast það í vöxt, af sömu ástæðu, að auðmenn sækjast eftir að koma sér upp aukabústað í norðlægum fylkjum, t.d. Montana og Oregon.



Vagga heimsmenningarinnar er talin vera í Suðvestur-Asíu, á svæðinu frá Indlandi um Persíu og Írak. Megin menningarstraumar hafa síðan jafnan legið til vesturs og myndað ný menningarsvæði. Hér er sett fram sú tilgáta á grundvelli þessa, að næstu kjarnar nýmenningar risi í Asíu.




500 árum á eftir Íslendingum fann Kólabus Ameríku að nýju. Hann kom þangað á þriggja skipa flota árið 1492.

Ef ekki tækist að hefta loftmengun og þar með aukin gróðurhúsaáhrif, svo það færi að hitna á næstu öld, gæti orðið illvært á sumum suðrænum slóðum. Landsvæði í S-Evrópu kynnu að breytast í uppblásnar eyðimerkur en á sama tíma kæmi hlýtt Danmerkurveður á Íslandi og líkum svæðum.


Ef þetta gerðist, sem er óvíst, kynni hluti Suður-Evrópubúa að vilja flytjast til norðlægari landa. Þó ber að hafa í huga, eins og um var fjallað framar í bókinni, að loftþitnun gæti valdið röskun á vistkerfum og haft neikvæð áhrif, t.d. í hafinu við Ísland, svo að afkomumöguleikar sem tengjast sjó minnkðu, störfum fækkaði og efnahagur versnaði, og þá flyttist varla margt fólk hingað.

Snúum okkur þá aftur að þeirri byggðahreyfingu sem stefnir inn til miðsvæða og hvaða þýðingu hún gæti haft fyrir Ísland. Þess verður nú vart að miðlæg svæði eru að eflast á sama tíma og gildi ýmissa hafnarborga í Norður-Evrópu og Ameríku fer dvínandi.

Á meðan vöruflutningar fóru mest fram á sjó, var þéttbýli helst að finna á strandsvæðum. Með tilkomu járnbrauta, bíla og flugvéla hafa innhæruðin orðið mikilvægari. Sú tilhneiging er kölluð miðsóknarafl. Madrid, Mexikóborg og Brasília eiga því að nokkru leyti að þakka vöxt sinn og viðgang.



Eftirsókn eftir mildu veðurfari hefur leitt til nokkurs búferlaflutnings fólks til strandsvæða í heitu og heittempruðu beltunum. Mest hefur borð á flutningi ellilífeyrisþega til sólríkra héraða.




Með slíkri þróun í átt til miðlægni fá land- og flugsamgöngur aukid vægi í samgöngum, en flutningar á sjó hlutfallslega minna vægi.

Nýir og eftirsóknarverðir markaðir eru að þróast inni á meginlandi Evrópu, en vandinn er að koma sjávarafurðum þangað nógu fljótt svo að fiskurinn sé frambærilegur. Hraðvirkari járnbrautasamgöngur í álfunni munu þá hjálpa okkur að komast inn á þessa markaði, og útflutningur á ferskum fiski með flugi aukast, þó verulegur hluti af verðmætinu fari í farmgjöld til flugfélaganna.


Í sambandi við þessi flutningamál hefur það áhrif að æ strangari kröfur eru gerðar um að matvæli komi sem ferskust á markað.

Þannig vilja t.d. dýr veitingahús ekki lengur bjóða gestum sínum upp á kjöt eða fisk sem hafa verið fryst. Erfitt verður fyrir íslensk fyrirtæki að komast inn á dýra ferskmarkaðinn, því að þá á fiskurinn helst að vera minna en 12 klst eða jafnvel lifandi í kerjum.

Nú er að koma fram merkileg tækninýjung sem getur haft áhrif á hvernig við reukum sjávarútveg okkar; tölvustýrðar vélar með gervisjón, sem tína úr orma og snyrta flökin. Veidiskip útbúin þeim eiga auðvelt með að fullvinna gæðafisk til frystingar um borð og vinnslutogarar kynnu innan skamms að geta gengið frá flökunum í pakkningar og siglt með þau beint á Evrópumarkaðina.




Hér má sjá þrjár tegundir líklegra óróasvæða í framtíðinni. Í löngu rauðu boxin sýna svæði þar sem líklegt er að hernaðaráttök gætu brotist út. Fletir afmarkaðir með svartri línu sýna svæði með mikilli mengun og þéttbylí, og innan brúnu línanna ríkir mikil fátækt.




Þessi uppdráttur sýnir þau svæði heims sem talin eru öruggust og síst hættu á félagslegum óróa, verkföllum og uppreisnum. Fjárfestar munu líta nokkuð til þessara svæða í staðarvali til að minnka áhættu við nýframkvæmdir, og forðast líkleg óróasvæði sem sýnd eru á efri myndinni.

Afstaða manna til umheimsins byggir hverju sinni á ríkjandi heimsmynd. Skýringarteikningar þessar sýna breytinguna frá tvívíðri til þrívíðrar heimsmyndar.




Í hinni fornu flötu heimsmynd voru löndin í miðju hringsins mikilvægari, en svæði sem utar lágu.



Hnattlega heimsmynd leiddi til jöfnuðar meðal þjóða. Á kúlu eru allir staðir staðfræðilega jafnir.


Fjórða víddin, tíminn, er nú að bætask inn í vísindalega umræðu um heimsmyndina. Með því er átt við það að tíminn hafi sjálfstæð áhrif á þróunina, auk fjármagns, fjólsfjölda, landfræðilegra aðstæðna o.s.frv.



Framrás tímans fylgir oft sínusbylgju. Nú er þetta stundum notað til að spá fyrir um óorðna atburði.

Pólitískur stöðugleiki ríkir á helstu fiskmörkuðum Íslendinga í Evrópu. Ólíklegt er að sagan endurtaki sig þar með stórstyrjöldum eða annarri óáran. En óróleiki í Austur-Evrópu gæti sett strik í reikning varðandi nýja markaðssókn þangað.

Um möguleika á að fá erlenda fjárfesta til Íslands skiptir miklu máli sá stöðugleiki og stjórnarfræðileg festu sem hér ríkir. Þó fyrirætlanir um nýtt álver á Keilisnesi frestuðust á sínum tíma, er það uppörvandi að þegar hinir erlendu fjárfestar báru saman staðsetningu hér á landi og í Suður-Ameríku, voru




Nú er sínusbylgja t.d. notuð til að skipuleggja lífsferil framleiðsluvöru, einkum í 2. fjórðungi.

Þeir reiðubúnir að láta öryggið hér skipta miklu. En almennt séð er íslenskt þjóðfélag mjög stöðugt nú sem fyrr. Yfirlit um hvað fjárfestar myndu væntanlega telja öruggustu svæði heims má sjá á heimskortinu á bls. 53. Á sama korti eru til samanburðar sýnd þau svæði í heiminum sem fjárfestar vilja forðast.

Lítum á þetta frá annarri hlið og skoðum hvernig huglæg mynstur að heimsmynd okkar geta haft áhrif á þróun alþjóðamála og þjóðmála. Til að gera sér grein fyrir þeirri nýju heimsmynd, sem er í mótn, er gagnlegt að líta til eldri heimsmynda, athuga hver



Á frímerkjum Sameinuðu þjóðanna birtast oft myndir og tákni sem eiga að ýta undir samhygð í heiminum. Hér á þessu frímerki er það gert með því að leggja áherslu á fjarSKIPTI og samgöngur sem tengja álfur yfir heimshöfin. Hvalirnir eiga að veita myndinni tilfinningalega vídd.



Suðurskautslandið er feikilegt flæmi eins og sést af samanburðinum við Evrópu. Hvalir eru alfríðaðir fyrir sunnan fertugustu breiddargráðu.

voru einkenni þeirra og hvernig þær höfðu áhrif á skoðanir og athafnir manna fyrir á tíð.

Flestir kannast við hina flötu heimsmýnd sem kennd var við egypska heimspækinginn Tólemeus og var ríkjandi og viðurkennd af kirkjunni fram á miðaldir. Megineinkenni hennar var að ríkjandi heimsveldi (Rómaveldi) skilgreindi sig sem miðju heimsins en önnur lönd og svæði voru því ómerkilegri sem lengra dró frá miðjunni. Heiti Miðjarðarhafsins er leifar af þessum hugmyndum. Sömu sjónarmið voru uppi í Austur-Asíu. Þar merkir Kína „Landið í miðjunni“. Kapólska kirkjan notaði þetta með kænsku til að efla vald sitt og hélt því fram að miðja hringsins væri einmitt í miðju hásæti Péturs postula í Péturskirkjunni og að „allar leiðir lægju til Rómar.“

Andstaða kapólsku kirkjunnar við hnattlaga heimsmýnd var skiljanleg, því að á yfirborði kúlunnar er engin miðja, heldur eru allir punktar á henni þvert á móti, staðfræðilega nákvæmlega jafn rétt háir. Hin hnattlaga

heimsmynd átti síðan vafalítið þátt í að draga úr áhrifum kirkju og heimsvelða á sínum tíma, sem og að ýta undir sósíalískar jafnaðarhugmyndir síðar meir, svo að úr hófi gekk.

Skodum nú hina nýju heimsmynd sem er í móttun. Sem fyrr eru það raunvísindin sem eiga frumkvæði að breytingunum, af því að þau umbreyta skilningi okkar á eðli heimsins.

Heimsmynd Newtons sem einkenndist af kyrrstöðu og óumbreytanleika, er nú á förum. Ný mynd lýsir heiminum sem síkvikum og síbreytilegum svo að ekkert í veröldinni teljist endanlegt, allt fari í gegnum eins konar lífsferil frá fæðingu til dauða. Áhrifamikil sönnun þess fékkst 1994, er vísindamenn urðu fyrst vitni að dauða kjarneindar, sem þýðir að jafnvel efni fæðist og deyr líkt og allt annað í heiminum.

Hin nýja heimsmynd síbreytileikans eflir skilning á því, að í tímans rás er engin fullvissa fyrir neinu, nema breytingunni. Því verða menn fúsari að setta sig við og laga sig að því að ekkert er ævarandi. Það gildir jafnt um hverja hugmynd, stjórnskipun landa eða markaðsvöru. Þessi nýi skilningur gerir flesta móttækilegrí fyrir nýjum hugmyndum í framtíðinni, en hamlar um leið gegn því að menn festist í -ismum einhvers „stórasannleiks“.

Hugmyndin er þegar hagnýtt í ýmsum fræðigreinum og skipulagi. Nú er t.d. kennt í stjórnumarfræðum, að markaðsvara fari í gegnum „lífsferil“ líkt og jurtir og dýr: Fyrst fæðist hugmynd, varan er þróuð, á sinn blómatíma, hnignar og deyr. Dæmi úr stjórnmálafræði, um að ekkert sé endanlegt, er dauði kommúnismans og hrun Austur-Vestur heimsskipunarinnar sem fylgdi í kjölfarið. Þeim sem þekkja hina nýju heimsmynd stöðugs breytileika, koma atburðir minna á óvart en öðrum.

Þrátt fyrir síbreytileikann virðist sú regla til staðar, að flestar breytingarnar hnígi í ákveðna átt með stefnu tímans. Það útskýrir I. Prigogine með dæmum úr efnafræði og nefnir „Ör tímans“. Sjáum hvernig þessi „lögmál“, síbreytileikinn og Ör tímans, geta eftt skilning á þróun stjórnerka í heiminum nú á dögum.

Fyrsta reglan, sem við getum tekið mið af,

er að stjórnerki landa og svæða gildi aðeins fyrir tiltekið tímabil, en renni síðan sitt skeið á enda og hljóti að breytast. Mönnum finnst kannski erfitt að kyngja þessu fyrst í stað, en þá þarf ekki annað en að víkka útsýnina og horfa eina eða tvær aldir aftur í tímann til að sjá að núverandi ríkjahugmyndir, sem byggðar eru á sameiginlegu þjóðerni og tungumáli, voru tæpast til á tímum stóru einvaldskonunganna og gætu því aftur komist úr tísku.

Önnur reglan tengist Ör tímans. Þá athugum við í hvaða átt breytingar á nútímastjórnerki færast. Við sjáum að stjórnsýsluvald yfir stórum svæðum sem og á heimsvísu eykst en á sama tíma dregur hlutfallslega úr valdi á millistiginu, þ.e. stjórnavaldsstigi þjóðríkja: umsvif og áhrif alþjóðasamtaka fara vaxandi í málaflökkum sem stök ríki fá ekki ein valdið. Lengst hefur þetta náð í ESB. Síðan gætir aftur á neðri stigum aukinnar sjálfstjórnarkröfu, að einstök héruð sækist eftir auknu sjálfstæði. Þannig hefur svonefndri dreifræðisreglu verið komið á í ESB, til þess að sjálfstæði einstakra héraða Evrópu aukist. Skilningur á heimsmynd síbreytileikans og Ör tímans veldur e.t.v. ekki byltingu eða gerbreytingum í stjórnmálafræðum, heldur veitir hann innsýn í lögmál sem liggja að baki þess sem er að gerast.

Þó umbylting sé nú í gangi, gerast breytingar á stjórnerki oftast hægt miðað við stutt æviskeið mannsins, sérstaklega á efstu stigum. Leita verður til sögunnar til að öðlast skilning á hægfaða breytingum tímans. Þetta þarf að hafa í huga þegar meta skal líkur á sameiginlegu stjórnerki jarðarinnar í framtíðinni.

Margir gera lítið úr Sameinuðu þjóðunum og finnst svo lítið hafa áunnist þar, að það sé lélegur vísir að sameinandi stjórnsýslustigi fyrir heiminn allan. En sé það haft í huga að S.Þ. voru ekki stofnaðar fyrr en árið 1945, hefur þróun þeirra verið tiltölulega hröð. Því er eðlilegt að búast við að uppbygging slíkra alþjóðastofnana haldi áfram, og að innan fárra áratuga muni Sameinuðu þjóðirnar, eða einhver arftaki þeirra, hafa mun meiri áhrif í heiminum.



Með því að setja höfuðstöðvar S.Þ. í New York má segja að í rauninni hafi verið tekin ákvörðun um að hún skyldi verða framtíðarhöfuðborg heimsins.

7 Ný Evrópa í móttun

BÁÐUR EN VIÐ HYGGJUM nánar að þeim mörgu breytingum, sem eru að verða á skípan ýmissa mála í Evrópu, er gott að fara stuttlega yfir söguleg og menningarleg tengsl Íslands við hina ýmsu hluta álfunnar. Með því að kanna sögulegar rætur tengsla okkar við álfuna, getum við e.t.v. varpað nokkru ljósi yfir það hvaða ávinning hinar ýmsu Evrópuþjóðir sjá í áframhaldandi varanlegum og vinsamlegum tengslum við Ísland í framtíðinni.

Að uppruna eru Íslendingar norræn þjóð. Fyrstu fjórar aldirnar vorum við sjálfstæð þjóð í nýnumdu landi, en síðan í 650 ár hluti af konungsdæmi á Norðurlöndum, sem eins konar útvörður eða norðurangi germanska menningarsvæðisins í Evrópu. Til þess teljast auk Norðurlandanna Þýskaland, Austurríki, Luxemburg, Holland og nokkur hluti Frakklands, Belgíu og Sviss. Áhrif hinnar náskyldu þýsku menningar hafa alla tíð verið sterk á Norðurlöndum, en þó hefur franska og enskra áhrifa einnig gætt þar.

Eftir að rómönsk áhrif færðust norður yfir álfuna með útbreiðslu kaþólskunnar á fyrri hluta miðalda, varðveittist hin forna germanska menning lengst í einangruninni á Íslandi. Landið varð þannig varðveislustaður germanskrar og norrænnar fornmenningar og sögu. Áður en þýskir nasistar komu illu orði á germanska menningu var þetta menningarlega afrek Íslandi mikill styrkur og var jafnvel talað um Ísland sem Aþenu Norðursins. Nasisminn spillti um tíma þessum menningartengslum við Þýskaland en þau eru nú aftur að eflast.


Ef svo fer sem horfir, að germönsk lönd verði efnahagslega og stjórnmálalega hið sterka afl í hinni nýju Evrópu, gæti svo farið, að við Íslendingar ættum hark í horni þar sem Þjóðverjar og aðrar germanskar þjóðir eru.

Hér er enskukunnátta nú næstum allsráðandi og þyrftum við að hyggja vel að því að þýskan er enn á ný að ryðja sér til rúms sem helsta viðskiptatungumál Mið- og Austur-Evrópu.

Tengsl okkar við Engilsaxa og Kelta eiga sér líka sögulegar rætur, bæði vegna þess að hluti Bretlands laut Normönnum og Dönnum á Víkingaöld og eins vegna þess að hluti íslenskra landnámsmanna kom frá Bretlandseyjum. Verslunartengsl voru nokkur við Bretlandseyjar frá fyrstu tíð og Ísland var Bretum lífsnauðsynleg matvælakista í báðum heimsstyrjöldunum.


Tengslin við rómönsku löndin byggðust fyrst á hinni sameiginlegu kaþólsku trú og síðar á verslun með saltfisk en mikil eftirspurn var eftir honum í kaþólskum löndum til trúarlegs föstuhalds. Hér hefur líka gegnum tíðina orðið blóðblöndun við franska og spænska fiskimenn vegna veiða þeirra við landið, sérstaklega á Vestfjörðum og Austfjörðum. Nokkur söguleg tengsl má finna við Rússa og Finna frá því á víkingatímanum og kristniboðstímanum, og þó að við séum þeim lítt skyldir, er það líkt með okkur að búa á eins konar útjaðri álfunnar.

Þegar meta skal sögu Evrópu og stöðu hennar, er mikilvægt að gæta að samsetningu íbúafjölda hennar. Nú búa um 700 milljónir manna í Evrópu, að Austur-Evrópu og Rússlandi meðtöldu. Þó að það sýnist há tala er það þó aðeins um 15% af mannkyninu. Af þessum fjölda búa um 400 milljónir í ESB-löndum. Þegar þetta er borið saman við fólksfjölda hinna tveggja efnahagsstórveldanna: Japans með 125 milljónir og Bandaríkjanna með 260 milljónir, sést að Evrópa ætti að eiga góða möguleika í samkeppninni, ef hægt yrði að auka virkni og hagsæld allra íbúa álfunnar og forða frá sundrunu og styrjöldum.




ESB-fáninn þykir vel heppnaður. Stjórnurnar í hringnum tákna aðildarríkin og verður fjölgað eftir því sem fleiri bætast í hópinn. Þannig þróaðist einnig stjórnuháni Bandaríkjanna, stjarna fyrir hvert fylki ríkjasambandsins.

Svörtu reitirnir sýna fjölbýlustu svæði Evrópu með fleiri en 150 íbúa á km². Þéttust er byggðin á Suður-Englandi, í Rínarhéraðum og Pódal á Norður-Ítalíu. Svæði með færri en 19 íb/km² eru sýnd hvít, enda er lítið á þau nánast sem óbyggð í venjulegum skilningi.



Atvinnustyrkir ESB fara langmest til landbúnaðarhéraða. Grænu svæðin fá mesta styrki, bleiku næst mesta og gulu minnsta.



Samræmdir staðlar í samgöngum eiga að koma í veg fyrir hindranir í vegakerfinu, sem kallaðar eru flöskuhálsar. Í Suður-Evrópu er oft um að ræða of þröngar götur í gömlum borgum, en á Íslandi stendur mest í vegi hinn tiltölulega lági öxulþungi sem miðast hér við 10 tonn, á meðan krafist er 11,5 tonna fyrir vörubílaflutninga samkvæmt Evrópustaðli.




Eftir að tvær stórstyrjaldir höfðu verið háðar á evrópskri grund á fyrri hluta aldarinnar, og sú þriðja virtist yfirvofandi í kalda stríðinu, settust loks erfðafjendurnir Þjóðverjar, Frakkar og Ítalir, ásamt Benelúxlöndunum, niður til að ræða sameiginlega hagsmuni sína.

Allt frá 1949 komst á samvinna um ýmsa málaflokka meðal þessara sex ríkja, og leiddi það til Rómarsáttmálans 1957. Hann er grunnurinn að Evrópusambandinu. Síðan gengu Bretar, Írar og Danir í sambandið 1972, Grikkir 1981 og Portúgalar og Spánverjar 1986. Þá voru ESB-ríkin orðin tólf. Nú 1995 hafa þrjár þjóðir Svíar, Finnar og Austurríkismenn bæst í hópinn og eru ríkin þá orðin fimmtán.

Nokkrar þjóðir, sem voru upphaflega ekki reiðubúnar að ganga í Evrópusambandið, gerðu hinsvegar árið 1960 með sér svokölluð Fríverslunarsamtök (EFTA) og síðar gerðu þessar tvær viðskiptablokkir sín á milli samninginn um hið Evrópska Efnahagssvæði (EES) og tók hann gildi í ársbyrjun 1994. Áður en árið var á enda, voru aðeins Noregur og Íslands eftir í EES. Auk þess er búist við að Liechtenstein hefji þátttöku í EES árið 1995. Þessi ríki eru svo áfram auk Sviss í EFTA.

Hrun kommúnistablokkarinnar er heimssögulegur atburður sem nú opnar nýjar víddir í þróun Evrópu. Þar með losnuðu Austur-Evrópuríkin undan járnhæl Sovétríkjanna og vilja fá inngöngu í ESB. Austur-Þýskaland fékk hana með sameiningu Þýsku ríkjanna 1990 og nýtur styrkja þaðan sem eins konar vanþróunarsvæði líkt og hlutar Skotlands, Írlands, Spánar, Portúgals, Suður-Ítalíu og Grikklands. Með aðildarsamningum Finna, Norðmanna og Svía við ESB 1994 voru norðursvæði þeirra einnig samþykkt sem styrkjasvæði í ESB.

En hvað vinnst með samvinnunni í ESB? Einn stærsti ávinningurinn, sem mjög var hafður í huga í upphafi, er líklega sá að að-




ESB hefur gefið út skipulagsritið *Europe 2000* sem fjallar um nánustu framtíðaráætlanir sambandsins. Kortið sýnir áætlunina um hraðlestakerfi Evrópu árið 2010. Rautt sýnir nýjar leiðir fyrir meira en 250 km hraða, brúnt leiðir fyrir 200 km hraða, en svart eru tengibútar. Upp á síðkastið hafa verið að koma fram hugmyndir um tengingu þessa nets til Austur-Evrópulanda t.d. til Pétursborgar og Helsinki.

ildarríki sambandsins tengjast svo náð hvert öðru, að líkurnar á styrjöld milli þeirra verða hverfandi. Annar aðalávinnungur er sameiginlegur innri markaður, sem með stöðluðum reglum, niðurfellingu landamæra og tolla og með frelsi í flutningi fjármagns og vinnuafis, opnar einstaklingum og öllum þjóðunum áður óþekktu möguleika og leiðir í framleiðslu og viðskiptum, auk þess sem vænst er mikils sparnaðar og hagræðingar á ýmsum sviðum atvinnulífs og stjórnsýslu.




Þegar ofurhraðlestin París-Lyon komst í gagnið 1981, tók hún þegar til sín 90% flugumferðar milli þessara staða. Hraðlestir eru öruggar og umhverfisvænar, auk þess sem þær eru rúmgóðar og losa menn úr óng ofsetinna flugleiða.


Hinn gamli byggðakjarni Vestur-Evrópu nær frá Skotlandi suður að Ölpunum. Nýi kjarninn nær hins vegar til Norðaustur-Spánar, Suður-Frakklands, Alpasvæðisins, Austurríkis og Norður-Ítalíu. Saman mynda þessir tveir kjarnar mikilvægasta byggðasvæði ESB.



Í gamla byggðakjarnanum mynda Benelúxlöndin og Rínarhéraðið þungamiðjuna. En með byggðabróun 9. áratugarins til austurs og suðurs hefur Suður-Þýskaland orðið þungamiðja Evrópu.



Með opnun landamæra og nýjum samskiptaleiðum til norðurs og austurs, verður Þýskaland líkt og á krossgötum viðskipta og samgangna og hlýtur að mynda þungamiðju ESB.



Eftir að landamærin falla burt, er unnið að því að endurskipuleggja allt flutningakerfi álfunnar, með hagsmuni heildarinnar í huga, svo að öll viðskipti gangi sem snurðulausast og hraðast. Allt frá byrjun þessarar aldar hefur verið nokkur samvinna um skipulag samgöngukerfa Evrópu. En nú vinnur ESB að því að koma á heildrænu samgöngukerfi þar sem hin ýmsu samgöngunet á fljótum, á sjó, í lofti, sem og lestakerfi og hraðbrautir á landi, komi saman í ákveðnum sameinandi tengipunktum. Með því verður auðveldara að senda vörur og farþega viðstöðulaust áfram með samgöngutækjum af ólíkum gerðum eftir því sem hagstæðast er hverju sinni. Og tölvur vaka yfir kerfinu og velja stystu og hraðfærustu leiðirnar í hverju tilfalli.

Evrópusambandið hefur þegar birt áætlanir af þessu tagi í ritinu *Europe 2000*, þar sem framtíðaráfangar í uppbyggingu Evrópu eru kynntir. Í mörgum tilfellum mun framkvæmdastjórn sambandsins leggja fram mikil fjármagn til að flýta framkvæmdum, einkum til að losa um hindranir, svokallaða flöskuhálsa. Einstök ríki ESB eru síðan farin að gefa út skipulagsrit sem sýna væntanlega stöðu þeirra sem „héraða“ innan hins stóra samskiptanets sem Evrópa er að verða. Þannig heitir danska ritið *Danmark på vej mod år 2018*.

Miklir hagsmunir tengjast uppbyggingu þeirra lífæða efnahagslífsins sem samgöngukerfin eru, svo að jafnvel er togast á um framkvæmdirnar. Þannig leggja t.d. Ítalir og Spánverjar mesta áherslu á samgöngutengslin suður á bóginn til þeirra, en Þjóðverjar frekar á tengingar til norðurs og austurs. Meiri áhersla verður lögð á leiðirnar til norðurs með inngöngu Svía og Finna í ESB, svo sem gerð brúa yfir dönsku sundin. Einnig munu austurleiðirnar auðvelda hagvöxt og opnun nýrra markaðssvæða í Austur-Evrópu. Þjóðverjar munu hagnast mest á þessum breytingum, því að þeir verða svo að segja í miðju samgöngukerfi Evrópu. En þetta nýja kerfi




Í langt svæði eða belti frá París til Moskvu mun hagnast af miðsóknaraflinu í byggðapróun Evrópu. Þó munu greiðari samskipti við Eystrasaltsríkin eftir fall kommúnismans, efla strandsvæðin þar. Eftirsókn eftir dvalarstöðum á sólarströndum hjálpar hins vegar strandsvæðum Suður-Evrópu.



mun einnig koma Íslendingum til góða, vegna þess að það mun auðvelda þeim eins og öðrum þjóðum, að tengjast sem best nýjum mörkuðum í Mið- og Austur-Evrópu.


Eins og kortin á blaðsíðu 60 sýna, stefnir byggðapróun Evrópu nú frá norðvesturhorninu, út við Norður-Atlantshaf, til suðurs og austurs inn til meginlandsins. Hafnirnar við Ermarsund eru að vísu enn mjög öflugar, en stöðugar umbætur á landsamgöngum leiða nú til svokallaðs miðsóknarafls í Evrópu. Gagnverkandi afl, miðflótraafl, birtist helst í suðurhluta álfunnar þar sem fólk sækir í þægilegra loftslag suðrænna stranda. Þó mun

Þar sem ólíkir menningarstraumar mætast, rís oft öflugur sköpunarkraftur, sem birtist á fjölmörgum sviðum.



Tvö megin tengisvæði álfunnar eru „Blái bananinn“ í V-Evrópu og „Nýi bananinn“ í A-Evrópu.

Á strandsvæðum þar sem land og haf mætast, verða oft mikil umsvif. Einkum gilti það fyrir á tíð vegna yfirgnæfandi mikilvægis samgangna á sjó, en nú dregur fremur úr því vegna byggðapróunar inn til landsins og bættra samgangna.



Hér sést eitt öflugasta vaxtarsvæði S-Evrópu. Hæðan berast áhrif og viðskipti inn til meginlandsins.

straumur fólks og fyrirtækja að ströndum Eystrasaltsins nokkuð aukast fyrst í stað, ekki vegna veðurfarsins, heldur vegna þess að járntjaldið hefur skyndilega fallið þar burt sem hindrun, og sjórinn verður þá einmitt auðveldasta flutningsleiðin fyrir lönd sem enn hafa lítt þróuð samgöngukerfi á landi.

Merkileg tegund af vaxtarsvæðum í heiminum eru svokölluð tengisvæði (interface) milli tveggja ólíkra svæða. Þekktasta svæði þeirrar tegundar í Evrópu eru mót rómönsku Evrópu og germönsku Evrópu, sem löngum hafa legið við fljótið Rín, sem jafnan nærði




Gamlar kjarnaborgir „Nýja bananans“ vakna eftir hrun járntjaldsins og munu mynda öflugt svæði.




Karlskróna verður eins konar „höfuðborg“ Eystrasalts og er skrifstofa Eystrasaltsráðsins þar.

þennan mikla mætingarstað menningar og viðskipta, með linnulausum flutningum. Átök hafa löngum verið um þetta dýrmæta svæði, en nú er friður kominn þar á, nema að öryggismál álfunnar allrar fari á ný úr skordum. Nú framlengjast þessi mót niður að Miðjarðarhafinu og kallast svæðið Blái bananinn vegna íbjúgrar lögunar.

Samsvarandi tengisvæði hefur verið frá fornu fari í austurhluta Evrópu þar sem germönsk og slavnesk menning mætast. Kjarnaborgir þess eru Berlín, Prag, Vínarborg og Búdapest, og ef hægt verður að varðveita þar



Mikilvægt er fyrir borgir að sérhæfa sig til að ná sterkri samkeppnisstöðu. Stærð merkjanna á kortinu táknar hve langt borgirnar hafa náð í sérhæfingu. Teningar sýna borgir þar sem alþjóðleg einkenni eru mest áberandi, hringir; borgir þar sem samskiptahlutverkið er mikilvægast og þríhyrningar; borgir þar sem menningareinkenni eru mikilvægust.



á næstunni pólitískan stöðugleika, má vænta þess að svæðið og þessar borgir rísi til forrnar frægðar og áhrifa á næstu áratugum.

Tengisvæði af þessu tagi eru athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Þar virðist komast á eins konar spennusvið líkt og milli tveggja rafskauta, þar sem ólík áhrif blandast saman og upp rís öflugri og margslungnari menning en á svæðunum til beggja handa. Nota má hugtakið gagnstyrkni (complementarity) til að útskýra hvað hér er að verki. Þegar andstæðum er teft saman, styrkja þær hvor aðra gagnkvæmt og gefa frá sér aukinn kraft, sem þó þarf að halda aftur af í fríðsamlegum sam-

skiptum og mynda þannig menningarlegt jafnvægi í heild á milli skautanna tveggja.

Bygðapróun Austur-Evrópu og þar með nýir viðskiptamöguleikar Íslendinga er auðvitað háð hinni pólitísku þróun. Þar vakna ýmsar spurningar:

— Er hætta á styrjöldum í Austur-Evrópu?

— Er mengunin þar lítt viðráðanleg?

— Er hætta á þjóðernisólgu og stjórnsýsi?

Mjög er á huldu um svörin við spurningum þessum og verður hér á eftir aðeins tæpt á nokkrum atriðum.

Ljóst er að í hinni pólitísku þróun eru ríkin í Mið- og Austur-Evrópu áköf að fá að tengjast vesturhluta álfunnar sem mest, helst af öllu með inngöngu í ESB. Þau sækjast eftir þessum vestur-evrópsku tengslum m.a. til að skapa sér þá aðstöðu, að Rússar þori ekki að hrófla við þeim. Þar eru Eystrasaltlöndin fremst í flokki og leita sér öryggis með því að styrkja söguleg tengsl sín við Norðurlöndin, Pólland reynir að tengjast Þýskalandi, Ungverjaland að tengjast Austurríki o.s.frv.

Helstu hindranir í vegi fyrir aðild Austur-Evrópuríkjanna að ESB stafa af því hve langt þau eiga enn í land með að líkjast ESB-ríkjunum í efnahagslegu og pólitísku tilliti. Líka er ótti við það í ESB að mikið af ódýrri vöru, einkum búvöru, frá þessum ríkjum, taki að flæða til vesturs og valdi efnahagsröskun. Margvíslegar hömlur eru nú í ESB á innflutningi frá Mið- og Austur-Evrópuríkjum. Breytingar í átt til aukins frelsis í viðskiptum við þau myndu verða sársaukafullar í vesturhluta álfunnar þar sem margir lifa enn af landbúnaði og sama gildir um ýmsar atvinnugreinar, svo sem þungaiðnað, sem byggir á ódýru vinnuafli, og gæti þannig gert þungaiðnaði Vestur-Evrópu mjög erfitt fyrir með illviðráðanlegri samkeppni.

Ýmsar hindranir gegn utanaðkomandi samkeppni geta falist í hinum nákvæmu, samræmdu kröfum um vörur og gæði, sem

löggiltar hafa verið fyrir innri markað ESB og EES. Önnur hlið á þessum reglum er að mörgum finnst að verið sé að kaupa efnahagslegan ávinning af þessum stöðluðu reglum of dýru verði, því þær leiða til minni fjölbreytileika. Menn óttast að stöðlunin muni smám saman færa flestan neysluvarning í Evrópu í sama mót og draga þannig úr menningarlegum sérkennum þjóða og svæða. Hér kemur að því sama og rakið var í 5. kafla að fólk gerir orðið meiri kröfur um menningarlegan fjölbreytileika.

Því er nú, þegar til kjarnans kemur, óvarlegt að láta efnishyggjuna ráða of miklu. Forræði hennar er löngum afsakað með því að Evrópumenn standi svo tæpt í verslunarsamkeppninni í heiminum að þeim sé nauðugur einn kostur að fella allt í sama mótið og svæðisbundin einkenni verði máð út t.d. með samræmdum evrópskum stöðlum. Nær væri að nýta hina menningarlegu fjölbreytni sem dýrmæta auðlind.

Þróun byggðar og samgangna í Evrópu og pólitískar forsendur þeirrar þróunar skipta miklu máli fyrir Íslendinga þegar horft er til framtíðar. Á nýju vaxtarsvæðunum í Evrópu eru mörg spennandi tækifæri fyrir íslenska útflytjendur til að selja vörur sínar við háu verði. En þá þurfa þeir að koma vörunni með sem allra hagkvæmustum og skjótustum hætti á markaðina og endurbætur á hinu evrópska samgöngukerfi gera þeim það auðveldara en ella.



Fall kommúnismans og þar með hrun Sovétríkjanna hefur haft byltingarkennd áhrif á þróun Evrópu á undanförunum árum. En það skýrist þó ekki fyrr en í byrjun næstu aldar, hve hratt frjáls viðskipti eflast austur um álfuna eða hve langt þau muni ná.

8 Ísland í nýrri heimsmynd

NÚ VERÐUR REYNT að draga saman nokkrar meginályktanir um stöðu Íslands og þar leiðir sem til greina koma til að halda fram íslenskum hagsmunum í framtíðinni á alþjóðlegum vettvangi.

Við stöndum nú á margan hátt á tíma-mótum í samskiptum okkar við umheiminn. Sú umbylting sem þar hefur orðið birtist einkum í öryggismálum, á viðskiptasviðinu, í samrunaþróuninni í Evrópu og breyttum viðhorfum í umhverfismálum.

Þrátt fyrir smæð þjóðarinnar höfum við nokkra möguleika á að hafa áhrif á framtíðarþróunina, af því að mótun alþjóðakerfisins er um margt hagstæð smárikjum og tryggir þeim viðurkenningu, veruleg réttindi og áhrif.

Umheimurinn býður nú smárikjum upp á fleiri tækifæri en áður vegna ýmissa tæknilegra og pólitískra ástæðna. Breytingarnar eru örar og hafa sífellt meiri og hraðari áhrif á smáriki eins og Ísland. Þeim mun nauðsynlegra er að við fylgjumst vel með þróuninni og skilgreinum skýrt hagsmuni okkar og markmið. — Þetta þarf að gera stöðugt og síendurtekið vegna hraða breytinganna.

Staðan sem blasir við heima fyrir er sú að afli hefur minnkað, en á sama tíma þarf að auka tekjurnar af fiskimiðunum, án þess þó að ganga frekar á auðlindina. Til þess þarf aukna hagræðingu í sjávarútvegi og tryggan og auðveldari aðgang að mörkuðum, einkum þar sem eftirspurn er eftir hreinum og ferskum afurðum. Aukin áhersla er nú lögð á þessi gildi og jákvæð umhverfismynd getur skapað mikla möguleika fyrir íslenskar útflutningsvörur, jafnframt því að hún getur einnig stuðlað að fjölgun erlendra ferðamanna.

Skóða verður stöðu Íslendinga í stóru, alþjóðlegu samhengi, því að möguleikarnir á að tryggja hagsmuni þjóðarinnar eru háðir þróun og atburðum í öðrum ríkjum, jafnvel í

fjarlægum heimshlutum. Og alþjóðasamskipti einkennast sífellt meira af því að „enginn er eyland“.


Því verður hagsmunagæsla þjóðarinnar enn flóknari og fjölbreytilegri en hún er nú, og útheimtir þátttöku í fjölda alþjóðastofnana og samtaka.

Aðstaða þjóðarinnar hefur breyst í hinni nýju heimsmynd alþjóðamálanna. Átakalín-an milli austurs og vesturs hefur horfið um stund, að minnsta kosti, og þar með líka þau áhrif Íslendinga eða það tillit sem tekið var til þeirra á alþjóðavettvangi, sem tengdist spennunni milli Austurs og Vesturs. Má jafnvel segja að í kalda stríðinu hafi Ísland gegnt lykilhlutverki á hernaðarlega mikilvægasta hafsvæði heimsins, Norður-Atlantshafinu.

Ný atakalína í heiminum er nú tekin að myndast og er hún einkum talin liggja á milli suðurs og norðurs, milli iðnríkja og þróunar-ríkja, og er Ísland fjarri þessu nýja atakasviði. Jafnframt þessu eru öryggisvandamál í Evrópu nú orðin annars eðlis en í kalda stríðinu og snerta því Ísland minna en áður.


En þó við séum langt frá hinum nýju atakalínunum, er efnahagsleg afköm þjóðarinnar undir því komin að friður haldist, jafnvel í fjarlægum heimshlutum, því öll ríki heims eru nú orðin svo háð hvert öðru. Átök á fjarlægum svæðum geta haft snögg áhrif á olíuverð, vexti, gengi hlutabréfa og gjaldmiðla o.s.frv. Allt slíkt snertir fljótt hagkerfi sem er svo háð umheiminum eins og hið íslenska.

Af því að alþjóðastjórnsmál, viðskipti, umhverfismál, tækni og menning hafa nú tekið að tvinnast saman í æ ríkarí mæli í heiminum á þennan hátt, verða Íslendingar sérstaklega að gæta að því, að stefna í einu máli stangist ekki á við hagsmuni á öðru sviði. Þannig er trúverðug umhverfisstefna undirstaða þess að tryggja megi auknar tekjur af útflutningi og




Staða þjóðar í nútímanum líkist helst mörgum sjálfvirkum tengipunktum í margföldu neti rafeindakerfa. Erfitt er að átta sig á áhrifum hinna mörgu tenginga, án sérþekkingar á hverju kerfi fyrir sig.


Eðlilegt er að ESB-ríkin komi sér nú upp eigin samtökum í öryggismálum. Þau kallast Vestur-Evrópusambandið (VES) og er Ísland aukaaðili í því. Þess verður þó vel að gæta að VES verði ekki til að veikja NATO.



ÖSE – Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (áður RÖSE) er í rauninni orðin fastastofnun með aðsetur í Vínarborg. Upp á borð hennar geta komið vandamál meira en 50 þjóðríkja.



ÖSE er alltof stór og þunglamaleg stofnun til þess að hún geti yfirtekið hlutverk NATO. Mikilvægast af öllu er að viðhalda NATO. Atlantshafsbandalagið er forsenda fyrir öryggi og friði í Evrópu eins og sagan sýnir.




ferðaðþjónustu í krafti sérstöðu Íslands í umhverfismálum. Þar þarf t.d. að gæta þess að barátta okkar fyrir hvalveiðum verði ekki til þess að umhverfisverndarsamtök nái höggstað á okkur til að skaða möguleika okkar.

Þó að við höfum með réttu getað bent á, að vísindarök séu okkar megin í hvalveiðimálinu, breytir það ekki því, að hvalveiðimálið hefur skemmt fyrir okkur á erlendum vettvangi, og er þar við ramman reip að draga í helstu nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Íslendingar geta því ekki að svo komnu máli hafði að nýju hvalveiðar, án mikillar áhættu. Þá ber þess að geta að ekki yrði unnt að flytja hvalafurðir út við núverandi ástand, jafnvel þó leyfi til nokkurra hvalveiða fengist.

Íslendingar verða þrátt fyrir þetta að berjast fyrir því sjónarmiði á alþjóðavettvangi, að ekki megi banna nýtingu neinna auðlinda hafsins nema með vísindalegum rökum. Að þessu verður augljóslega að vinna í samvinnu við önnur ríki. Í alþjóðahvalveiðiráðinu hafa hvalveiðiþjóðir vissulega átt erfitt uppdráttar í seinni tíð. En þess ber að geta að þar eru þó saman komin jafnt þau ríki sem eiga sameiginlega hagsmuni með okkur í málinu, sem og allir helstu andstæðingar hvalveiða. Þess vegna verður ekki hjá því komist að berjast á þeim vettvangi. Því ber að íhuga þann möguleika að Ísland gangi aftur í hvalveiðiráðið.

Þá má ekki gleyma að Íslendingar eiga í raun samleið með sumum þeim umhverfisverndarsamtökum sem við höfum átt í höggi við vegna hvalveiða. Barátta þeirra gegn mengun í höfunum er okkur afar mikilvæg. Samvinna við umhverfisverndarsamtök um slík mál koma vel til greina og skoðanaskipti á þeim vettvangi gætu haft áhrif á skoðanamyndun innan þeirra í ágreiningsmálum. Slík samvinna myndi einnig styrkja orðstír Íslendinga sem umhverfisverndarþjóðar. Mikil nauðsyn er á að umhverfismynd Íslendinga standi traustum fótum heima fyrir. Þetta mun þó útheimta kostnaðarsamar aðgerðir, til dæmis í frárennismálum.



Þótt ESB hafi upphaflega verið stofnað til að sinna afmörkuðum verkefnum, hafa umsvif þess stöðugt aukist og er stjórnkerfi þess orðið stórt og þunglamalegt. Með frekari stækkun bandalagsins er óhjákvæmilegt að endurskoða skipulagið, stofnanir þess og ákvarðanatöku, þar sem meirihlutaákvæðanir verða að ráða. Þó er líklegt að aðildarríki varðveiti neitunarvald ef um grundvallarhagsmuni þeirra er að ræða. Myndin sýnir aðeins efstu stig stjórnkerfis sambandsins.

Með þeirri tæknibyltingu sem orðin er í fjarskiptum og fjölmiðlun í heiminum má búast við því hvenær sem er, að kastljósi voldugra fjölmiðla verði beint að Íslandi, og þá kæmi sér illa, ef sjónvarpsmyndir sýndu til dæmis óþrifalegt umhverfi frystihúsa eða sláturhúsa.

Ný samskiptatækni leiðir og til þess að alþjóðleg menning mun halda áfram að sækja fram. Hana þarf að ummóta eftir íslenskum sérkennum, því að á tímum einhæfari heimsmenningar verður sérhæfð þjóðmenning auðlind sem nýtist til dæmis við að laða að erlenda ferðamenn.




Innganga Íslands í EFTA 1970 reyndist gæfuspor, og sama má segja um þátttöku í EES 1995. Átök urðu á Alþingi um bæði þessi mál, en sá ágreiningur hvarf fljótt.

Byggðastofnun ESB gefur út byggðaaætlanir fyrir hvert svæðanna á kortinu. Hér ráða mestu líkar aðstæður og atvinnuhættir en ekki landamæri þjóðríkja. Þannig er Bretlandi t.d. skipt á milli þriggja svæða. Hvaða svæði eða svæðum skyldi Ísland tilheyra ef við gengjum í ESB?



Bretland, Þýskaland og Frakkland eru öflugustu þjóðríki ESB. Í framtíðinni má búast við aukinni samblöndun, afnámi ríkja og landamæra og breyttum valdahlutföllum. Almenn er þó lítið svo á að þjóðverjar muni hafa mest áhrif í sambandinu.



Á svokallaðri Ríkjaráðstefnu ESB 1996 mun öll stjórnskipun sambandsins verða endurskoðuð. Þá er m.a. ætluin að leiðrétta að einhverju leyti núverandi atkvæðamísvægi milli stórra og smárra ríkja.




Sérkenni Íslands menningarlega er að landið er eins konar verndunarstaður fyrir fornar rætur germanskrar menningar og naut áður fyrir mikils velvilja Þjóðverja fyrir það, sérstaklega á níttjándu öld og fram á miðja þessa öld. Nasistar komu hins vegar óorði á ýmsa þætti germanskrar menningar, en nú eru Þjóðverjar aftur smám saman að efla tengsl við þessar fornu rætur. Margir erlendir ferðamenn koma hingað vegna fornþóknunntanna, þær gefa Íslandi jákvæða ímynd.

Þetta mun þegar á líður hafa aukin áhrif í hinn nýju Evrópu, því að þar liggur kjarnaland germanskrar menningar í miðjunni. Það er Þýskaland, sem búast má við að verði hið leiðandi afl álfunnar í framtíðinni.

Tengslin við Þýskaland eru einnig mikilvæg vegna viðskiptahagsmuna okkar í Evrópu. Vegna yfirgnæfandi mikilvægis Evrópumarkaðarins í íslenskum utanríkisviðskiptum þarf sérstaklega að tryggja íslensk áhrif og hagsmuni vegna samrunaþróunarinnar í ESB.

Aðild Íslands að ESB er auðvitað ekki útilokuð. En skilyrði Íslendinga fyrir aðild snúast um fullt forræði yfir íslenskum sjávarútvegi og stangast á við meginreglur og stefnu ESB í þeim efnum. Að óbreyttu kemur aðild því ekki til greina. Til lítils er fyrir Íslendinga að sækja um aðild fyrir en vísbendingar koma fram um að ESB gæti fallist á skilyrði Íslendinga. Hvort það er mögulegt þarf að kanna í viðræðum við ESB og helstu fiskveiðiríki þess.

Til að tryggja viðskiptahagsmuni í Evrópu geta Íslendingar áfram byggt á EES-samningnum. En auk þess hjálpa nán tengsl okkar við einstök ríki í ESB, einkum við Þýskaland en einnig Norðurlöndin og Bretland, sem og þátttaka Íslendinga í mörgum evrópskum stofnunum og samtökum með ESB-ríkjum. Íslendingar geta því með ýmsu móti ræktað áfram tengsl sín við Evrópu og og haft áhrif á hagsmuni sína þar enda þótt þeir standi utan ESB.



Staða þjóða tekur breytingum í tímans rás. Á síðustu áratugum hafa breytingarnar verið mjög örar. Myndin gefur til kynna hve margir stóratburðir hafa nýlega gerst á stuttum tíma á Íslandi.


Hér skiptir EES-samningurinn þó vissulega mestu. En þótt hann sé yfirgripsmikill er ekki unnt að útiloka að aðstæður breytist þannig að veikja mundi samkeppnisstöðu Íslendinga á einhverjum sviðum. Þótt sá vandi sé ekki brýnn, þarf stöðugt að hafa það í huga, því að við höfum svo mikilvægra hagsmuna að gæta í Evrópu. Þessa hagsmuni gæti þó reynst örðugt að tryggja til langframa utan sambandsins. Eftir sem áður ræðst hugsanleg aðild af því hvort ESB féllist á skilyrði Íslendinga í sjávarútvegsmálum.

Auk hinnar stærri samrunaþróunar í ESB eiga breytingar sér stað í þróun byggðar og samgangna í Evrópu. Þar þurfa Íslendingar

að fylgjast vel með. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því fyrirfram, hvar bestu markaðssvæðin í Evrópu eru að þróast og á hvern hátt vörum verður best komið til þeirra. Þar skiptir uppbygging hraðlestakerfis álfunnar miklu, af því að nýir markaðir verða í auknum mæli til inni á meginlandinu og einnig vegna þess að æ meiri kröfur verða gerðar um að fiskurinn komist þangað sem ferskastur.

Á sviði tækni og menningarmála skipta tengslin við Evrópu miklu máli. Tæknibreytingar eru nú orðnar svo örar að Íslendingum er mikið í mun að hafa aðgang að þeim miðstöðvum í Evrópu þar sem ný tækni verður til. Þau tengsl er þegar að finna í EES-samn-

Viðurkenning 200 mílna fiskveiðilögsögu hafði mikla þýðingu til að tryggja réttindi strandríkja til fiskstofna. „Þorskastríð“ nútímans snúast hins vegar um tilkall til veiða utan 200 mílna, á fiskstofnum sem eru bæði utan og innan markanna.



Harðar deilur standa um hvalveiðar í Norður-Atlantshafi. Þar er við ramm-an reip að draga. Íslendingar hafa orðið að hætta hvalveiðum og óvíst hvort þær geti hafist í nokkrum mæli á ný vegna alþjóðlegrar andstöðu. Frá ráðstefnu NAMMCO.



Vegna mikilvægis fiskveiða fyrir Ísland, óhjákvæmilegra sveiflna í afla á Íslandsmiðum og til að tryggja afkomu þjóðarinnar, þarf íslenski fiskiskipaflostin að geta sótt á úthafið. Unnið er nú að alþjóðlegum samþykktum um úthafsveiðar.




ingnum sem og í aðild Íslands að ýmsum samningum um þátttöku í vísindasamstarfi ESB-ríkja. Sama á við um aðgang að menntun og menningarstarfi í þessum ríkjum.

Þótt tengslin við Evrópu séu Íslendingum afar þýðingarmikil, má ekki gleyma því, að mikilvæg tækni- og markaðsþróun á sér einnig stað í öðrum heimshlutum. Í Asíu höfum við nú þegar fengið mikilvæga markaði fyrir íslenskar sjávarafurðir og virðast óþrjótandi möguleikar á því til lengri tíma litið að auka útflutning þangað. Jafnframt verður að efla önnur tengsl við Asíuríki. Vegna þess að þau hafa komist hvað lengst í heiminum á sviði hátækni, þurfa Íslendingar sérstaklega að koma á samvinnu við vísindastofnanir í þeim heimshluta. Náin pólitísk samskipti og menningartengsl eru almenn forsenda þess að komast í einhverjum verulegum mæli inn á markaði þessara ríkja og fá um leið aðgang að tæknisamstarfi við þau.

Norður-Ameríka skiptir Íslendinga þó mestu máli, næst á eftir Evrópu, menningarlega og viðskiptalega. Bandaríkin hafa um langt skeið verið einn af stærstu og arðbærstu útflutningsmörkuðum okkar og í síðari heimsstyrjöld réði samvinnan við Bandaríkin úrslitum um efnahagslegt og hernaðarlegt öryggi þjóðarinnar, og reyndar Evrópu allrar.

Sagan sýnir að hernaðarlegt öryggi Íslands er komið undir því að stöðugleiki ríki á meginlandi Evrópu. NATO er áfram afar mikilvægt fyrir öryggi Evrópu, vegna þátttöku Bandaríkjanna í því. Jafnframt sýnir sagan að varnir Íslands eru háðar samstarfi við Bandaríkin. NATO er áfram þýðingarmikið fyrir okkur því að aðeins þar tengjast öryggishagsmunir okkar beggja vegna Atlantshafsins.

Við þurfum því að leggja okkar af mörkum til að varðveita NATO bæði með þátttöku okkar í bandalaginu sjálfu og á öðrum vettvangi. Þar hefur aukaaðild Íslands að VES, sem eru öryggismálasamtök ESB, verulega þýðingu ef rétt er á haldið. Hún tryggir að rödd Íslands heyrst í samráði þjóðanna



Íslendingar gæta hagsmuna sinna í fjölda alþjóðlegra stofnana og samtaka. Starfssvið og viðfangsefni þeirra verða æ margbreytilegri með aukinni samtvinnun ólíkra málaflokka.

innan ESB um öryggismál og veitir þar með aukna möguleika á að halda fram mikilvægi tengslanna í NATO yfir hafið til Norður-Ameríku.

Varnarsamstarfið við Bandaríkin lýtur enn að varanlegum öryggishagsmunum Íslands og Bandaríkjanna og bandamanna í NATO. Það stafar af því að tryggja þarf hvenær sem er skjóta og örugga liðsflutninga yfir Norður-Atlantshaf til átakastaða í Evrópu eða utan hennar. Hér gegnir Keflavíkurstöðin því ennþá mikilvægu hlutverki.

Meðan flutningar fóru nær eingöngu fram á sjó, var Ísland í útjaðri byggðapróunar



heimsins. Nú skiptir það hins vegar æ meira máli að liggja vel við flugsamgöngum. Takist Íslendingum að framleiða nógu verðmæta vöru til að standa undir kostnaði við vöruflutninga í lofti, eflir lega landsins að mun möguleika á slíkum útflutningi, því að stystu flugleiðirnar milli Evrópu og Norður-Ameríku og milli Evrópu og Asíu liggja í námunda við landið.

Ýmislegt fleira í byggðapróun heimsins getur, þegar til lengri tíma er litið, haft mikil áhrif á stöðu Íslands. Á tæknisviðinu er þróun fjarskipta einnig að draga landið enn meira inn í rás alþjóðasamskipta en áður. Og sú þróun að vestræn og engilsaxnesk menning er að verða eins konar heimsmenning, leiðir líka til þess að staða Íslands styrkist, því að Ísland er hluti þeirrar menningar.

Umhverfisþróunin er Íslendingum einnig hagstæð og er styrkur í hvers kyns atvinnurekstri að landið telst félagslega öruggt svæði, gagnstætt mörgum öðrum svæðum heims.

Af því sem á undan er rakið má draga þá ályktun að staða Íslands við alдахvörf sé sterk og framtíðarhorfur góðar. Þjóðin hefur því allar ytri aðstæður til að mæta kröfum nútímaþjóðfélags. Aukin áhersla á lífsgildi hreinleika og heilbrigði skiptir þar miklu máli.

Í aðalatriðum eru Íslendingar auðug þjóð, sem á afkomu sína undir því að selja vörur og þjónustu, sem byggja á auðlindum jarðar. Pólitískar, menningarlegar og landfræðilegar forsendur fyrir því að þetta takist eru Íslendingum í vil á helstu mörkuðum þeirra. En hagsmunagæslan er að verða flóknari, einkum vegna samrunaþróunarinnar í Evrópu. Hún kann að valda því til lengri tíma litið, að við eigum eftir að standa frammi fyrir erfiðum ákvörðunum varðandi samskipti okkar við Evrópu og samkeppnisstöðuna þar.

Komi í ljós í framtíðinni að ESB geti ekki fallist á skilyrði Íslendinga fyrir aðild, og komi jafnframt upp óvænt vandamál um


framkvæmd EES-samningsins, getur farið svo að við verðum að grípa til sérstakra ráðstafana til að draga úr ráðandi stöðu Evrópumarkaðarins í útflutningnum. Til að tryggja okkar hag í þessu þurfum við að herða markaðssókn okkar í öðrum heimshlutum.

Íslendingar eiga vissulega mikla möguleika vegna hins nýja gildismats heilbrigðis og hreinleika í heiminum. Með því að auglýsa hreinleika landsins er hægt að ná fram hækku á vöruverði. Hér verður þó að fara varlega. Of mikil auglýsing á Íslandi út á umhverfisímyndina getur síðar gefið bakslag og gert okkur viðkvæmari fyrir mótmælaaðgerðum, t.d. vegna hvalveiða. Það er lýsandi dæmi um að hugsa verði lengra en eitt skref fram í tímann.

Þetta nýja gildismat hækkar einnig landið sjálft í verði, þannig að hér bjóðast lífsgildi sem eru mjög eftirsótt meðal nútímafélks. Hér er vatn og loft hreinna, fæðan heilnæmari, umhverfið fagurt og ferskt og hin fjölbreytta náttúra býður upp á óteljandi tækifæri til útivistar og náttúruskoðunar.

Það verður líka að teljast ávinningur að þjóðfélagið hefur opnast svo að samskipti við útlönd eru orðin auðveldari. Það er þrennt sem aðallega hefur stuðlað að þessu: Gerð alþjóðasamninga, fjarskiptabylting og ódýrari ferðir til útlanda vegna ferðamálaþróunar.

Möguleikar og tengsl innan landsins sjálfs hafa líka aukist vegna bættra samgagna. Áður bjuggu margir Íslendingar við einangrun og þjónustuleysi, en átak í samgöngum hefur bætt úr því. Hér er þó enn verk að vinna og búsetuhættir í landinu eru í raun í uppstokkun og endurskoðun vegna breyttra atvinnuhátta. Að þessu tvennu verður vikið í tveimur síðustu köflum bókarinnar.



John Naisbitt heldur því fram í þekktari bók sinni, að því umfangsmeiri sem heimsverslunin verði, muni tækifæri hinna smærra þjóða, ólíkt því sem halda mætti, aukast í framtíðinni.

9 Breytingar á byggðamynstri á Íslandi

EFTIR AÐ REYNT hefur verið með margvíslegum hætti að varpa ljósi á stöðu Íslands í breyttum heimi, verður sjónum nú beint að því, hvort viðbrögð og aðstæður á Íslandi séu í takt við þá þróun umheimsins, sem mestu máli skiptir í atvinnuuppbyggingu fyrir framtíðina. Eru t.d. möguleikar á sviði orkuvinnslu og ferðaþjónustu, sem oft er rætt um, raunhæfir? Til að gefa vel ígrundað svar við þessu, þarf fyrst að skoða ýmsar aðstæður í landinu, þar á meðal byggðamynstrið og samgöngurnar.

Verður því í þessum kafla byrjað á því að fjalla um hvernig byggðamynstrið varð til á sínum tíma vegna sérstæðra og tímabundinna þarfa, einkum á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs. Síðan verður hins vegar í lokakafla bókarinnar horft til framtíðar og m.a. vikið að því hvernig haganlegast væri að skipuleggja vegakerfi landsins í þágu ferðaðnaðarinnar.

Til að útskýra hvernig byggðamynstrið í landinu hefur stöðugt tekið breytingum í samræmi við atvinnuhætti, verður nú í þessum kafla stuttlega farið yfir þá sögu. Með sagnfræðilegu yfirliti sem þessu verður vonandi ljósara, hverjar atvinnulegar forsendur núverandi byggðamynsturs eru, hvernig mismunandi atvinnuhættir hafa breytt byggðamynstrinu og hvernig nýir möguleikar t.d. í samgöngum, hafa opnað nýja möguleika, ný tímabil.

Þegar landnám hófst á Íslandi á 9. öld fóru flutningar aðeins fram á sjó, því að bátar voru einu farartækin. Ferðir inn til landsins voru fátíðar því að þar hamlaði skógur og ókunnugleiki fór. Í fyrstu var einnig lítill áhugi á að halda þangað, því að við ströndina voru nægir bithagar, skógur, rekaviður og veiði, á meðan íbúarnir voru enn fremur fáir. Þess vegna var í upphafi um nær hreint mynstur strandbyggðar að ræða.

Þegar gekk á hlunnindin við ströndina jókst þörfin fyrir kvikfjárhald og þar með færðist byggðin innar í landið, því að þar voru stærstu bithagarnir og slægjulöndin. Varð þá til það byggðamynstur landbúnaðarhéraða inn til landsins, sem síðan var nærri allsráðandi hér á landi langt fram á síðustu öld.

Fiskveiðar voru að vísu stundaðar frá útvegsjörðum og frá verstöðvum, en þær voru árstíðabundnar og leiddu ekki til fasts byggðamynsturs sjávarþorpa fyrir en skúturnar komu til sögunnar undir lok 19. aldar og gerðu sjávarútveg að heilsársatvinnugrein. Þá fyrst tóku litlu húsaþyrpingarnar hjá dönsku selstöðuverzlunum að þróast upp í sjávarkaupþún.


Tvennt réði því að þessi þorp urðu ekki stór. Í fyrsta lagi að bátar og skútur voru það smá að þau gátu aðeins sótt stutt, sem þýddi að fiskveiðipláss þurfti nánast í hvern fjörð. En einnig réði því skortur landsamgangna, vega og farartækja, svo að útilokað var t.d. að flytja fisk á milli, til verkunar á stærri stöðum.

Einnig olli samgönguleysið því að ekki var hægt að flytja nægilegt nýmeti frá sveitunum til að halda uppi stórum plássum við sjávarsíðuna.

Enn má nefna að sagnfræðingar hafa bent á að stórbændaveldið hafi, af ótta við samkeppni um vinnuaflið, átt mikinn þátt í að koma í veg fyrir eða seinka því að Íslendingar tækju að nýta auðlindir hafsins í einhverjum mæli og þar með tafið fyrir þéttbýlismyndun við ströndina.


Þótt byggðamynstur innlanda væri þannig lengstum ráðandi hér á landi, voru landsamgöngur mjög vanþróaðar allt til síðustu aldamóta.

Þá loks komu vegir og hestvagnar og síðar bílar til sögunnar. Þar með var fengin sú




Á fyrstu 1000 árum Íslandsbyggðar dreifdist íbúafjöldinn nokkuð jafnt yfir allt land. Á 19. öld tóku fiskveiðar að kalla á myndun fiskiþorpa allt í kringum land, sem síðan stækkuðu smám saman í takt við veiðitæknina.

Stöðugar og miklar hreyfingar á byggðamynstrinu gerast þó ekki hraðar en svo, að án sagnfræðilegrar yfirsýnar tekur fólk ekki eftir breytingum á mynstrinu.



Fyrst flutti fólk úr sveitunum til þorpa við ströndina en eftir 1950 aðallega til stærri bæjanna . . .

Tvöföld búseta er orðin möguleg með betri tækni og auðveldari ferðalögum. Hún gerir fólki auðveldara að njóta bæði sveitar og borgar eða hins vegar Íslands og útlanda.




Ný þróun, tvöföld búseta, hófst um 1980. Með því mýkjast nokkuð skörp skil sveitar og þéttbýlis.

frumforsenda í samgöngum, sem þurfti til að koma á viðskiptum og þar með nauðsynlegri verkaskiptingu á milli sveita og bæja.


Á sama tíma hóf vélvæðingin einnig innreið sína í útgerð með vélbátum og kولاتogurum og þeim fylgdi nauðsynleg hafnargerð.

Þá fóru loks að rísa stærri bæir sem urðu grundvöllur fyrir frekari þróun iðnaðar, menntunar og þjónustu í landinu.

Þessir nýju bæir uxu hægt og sígandi þar til um 1930 þegar flestir þeirra stöðnuðu. Aðeins þrjár hinna fyrstu kaupstaða hafa vaxið




. . . helst þó til Suðvesturlands. Þar hefur íbúum fjölgað á hálfri öld úr 95 þús. í rúm 200 þús.



Búseta í tveimur löndun, hér heima og erlendis, mun einnig sækja mjög á í framtíðinni.

að ráði síðan: Reykjavík, Hafnarfjörður og Akureyri. Frá 1950 til 1990 hélt fólk hins vegar stöðugt áfram að flytja til Suðvesturhornsins frá öðrum landshlutum.

Þá tók byggðin á Suðurnesjum út af fyrir sig að vaxa vegna nálægðar við fiskimið og herstöðina á Keflavíkurvelli og á höfuðborgarsvæðinu risu upp ný sveitarfélög sem voru í fyrstu aðeins svefnhverfi Reykjavíkur. Íbúafjöldi höfuðborgarsvæðisins hefur frá 1950 vaxið úr 60 þús. í 150 þús. og á hinu stærra áhrifsvæði höfuðborgarinnar, á Suðvesturlandi frá Hvítársíðu að Markarfljóti, úr 95




Árið 1993 vann Bygðastofnun að verkefninu „Breyttar áherslur í byggðamálum“. Þar komu fram hugmyndir um vaxtarsvæði framtíðarinnar. Dökkir hringir sýna landshlutakjarna og ljósir hringir héraðskjarna á þessum vaxtarsvæðum.

þús. í meira en 200 þúsund, sem eru um 76% þjóðarinnar (1994).


Eftir seinna stríðið tók vélvæðing sveitanna mikinn kipp fyrst með jeppum og vörubílum, sem fengust á spottprís frá hernum í stríðslok, og síðan með dráttarvélum og skurðgröfum m.a. með stuðningi frá Marshall-hjálpinni. Leiddi það til byltingar í landbúnaði: mjólkuriðnaður jókst og þjónustuhorpu efldust í miðju sveitahéraða.

Velgengnin leiddi til mikils ofmats á möguleikum landbúnaðar og vegna skilningsleysis á landbúnaðarmörkuðum erlendis, ímynduðu menn sér að þar biðu stór tækifæri. Á grundvelli þess var ráðist í geysilegar framkvæmdir í sveitum, sem að verulegum hluta voru fjármagnaðar með ódýrum ríkislánum. Erlendi markaðurinn reyndist hins vegar ekki tilbúinn að greiða nauðsynlegt verð, svo að ríkið varð í meira en 20 ár að


Þegar unnið var að mynsturskipulagi fyrir Suðvesturland voru dregin upp kort af helstu landauðlindum svæðisins. Myndin sýnir þau svæði sem sérstaklega búa yfir „auðlindinni fegurð“.



Þríhyrnings-bygðamynstrið gefur kost á öflugum og samverkandi atvinnu- og þjónustusvæði. Með gerð Hvalfjardarganga verða álíka fjarlægðir til helstu þéttbýlisstaðanna utan höfuðborgarinnar.



Nú er mest þörf vegabóta með hringleiðum sem auka flæðið út um dreifbýlið. Granna línan sýnir Þingvalla-hringinn, sú svera nýja leið um Hvalfjörð og Leggjabrjót, en punktalínan hringleið um Uxahryggi.




greiða geysilegar útflutningsbætur til þess að bændur gætu losnað við offramleiðsluna. Og nú greiðir ríkið miklar fjárhæðir til að hjálpa bændum að draga aftur saman seglin.

Við þennan samdrátt hafa sum sveitaþorpin komist í vandræði. Undantekningar eru einkum þorp á bestu sumarbústaðasvæðunum í Borgarfirði og á Suðurlandi og einnig nokkur bæjarfélög sem liggja vel við auknum straumi ferðamanna, aðallega við hringveginn.

Sumarbústaðapróunin og ferðaþjónustan, sem bjargað hefur miklu í sveitum landsins, hófst að marki um 1980 með bættum efna- og aukinni bílæign og lagningu bundins slitlags á vegi. Flestir sumarbústaðirnir liggja innan 120 km fjarlægðar frá Reykjavík, eða um 3500 á Suðurlandi og um 1200 í Borgarfirði. Með farsímum, faxi og tölvutengingu um síma er nú að verða til nýtt búsetuform með sumarbústöðunum; tvöföld búseta, og ætla má að margir komi til með að setjast alveg að í „sumar“bústað sínum í ellinni, því það er miklu ódýrara. Með þessu mun mikið af þjónustu flytjast úr þéttbýlinu inn til landsins. Tvöfaldrar búsetu, þar sem fólk á sér annan bústað erlendis, er einnig tekin að gæta nokkuð.

Í byggðamræðunni hér á landi réði ferðinni sú fávíslega kennisetning „að koma í veg fyrir byggðaröskun“. Þar yfirsást mönnum að ekkert er eðlilegra en að breytingar verði á byggðamynstri eftir þörfum hvers tíma. Þessi kennisetning olli tvöföldum skaða: hún vann á móti því að byggðamynstrið aðlagði sig að þörfum breyttra tíma og svo hefur verulegur hluti af fjárfestingu þjóðarinnar farið í byggingu hálfnýtttra hafna, skólahúsa, heilsgæslustöðva o.s.frv., á stöðum þar sem fyrir löngu var ljóst orðið að byggð myndi dragast saman.

Sú gleðilega þróun hefur þó orðið að stjórnámálameðmönnum hafa nú loks ákveðið að styrkja fyrst og fremst vænleg vaxtarsvæði og miðlæga kjarna innan þeirra. Er það gert t.d.



Hugmynd að skipulagi Suðvesturlands. Grænt táknar kerfi opinna svæða, brúnt sumarbústaðasvæði, þverstrikun útivistarsvæði, grátt viðbótarsvæði við þéttbýli og gulir hringir útivistarmiðstöðvar.

með vegabótum og með tilstuðlun að sameiningu sveitarfélaga.

Til þess að geta ráðstafað fé skynsamlega í byggðamálum þurfa menn að þekkja frumstaðreyndir um byggðina í landinu og þróun hennar. Sú staðreynd sem nefnd var áður, að 76% þjóðarinnar búi þegar á Suðvesturlandi, og fari fjölgandi, opnar þar alveg nýja skipulagsmöguleika. Þannig væri hægt, með vegabótum, að gera þetta að einu samverkandi svæði, sem bæði tryggji framtíðarmöguleika sveitanna og auðveldi borgarþúum að finna nýja möguleika utan borgarmarkanna. Með slíku nánu samlífi, geta sveitin og þéttbýlið

styrkt hvort annað gagnkvæmt. Enn eru ýmsir möguleikar á að styrkja samvirknina, eins og t.d. vegakortið hér á síðunni sýnir.

Það er grunnstaðreynd í byggðamálum Íslands og í samræmi við þróunina, að langstærstur hluti Íslendinga mun lifa á þessu svæði á Suðvesturlandi í framtíðinni. Hugsanlega verða það vel yfir 80% eftir svo sem 20 ár. Og meirihluta fjárfestingar þjóðarinnar þarf að nýta í framkvæmdir á því svæði þar sem hún býr, en ekki á þeim svæðum, sem hún er að yfirgefa.

Eitt það athyglisverðasta við þá framtíðarsýn sem blasir við á Suðvesturlandi nú, er


Íbúafjöldi á SV-landi 1994

Reykjavík	103.036
Reykjaneskjördæmi	69.162
Borgarfjarðarsýsla	1.358
Borgarnes	1.744
Akranes	5.148
Mýrasýsla	790
Árnessýsla	4.407
Selfoss	4.136
Hveragerði	1.698
Þorlákshöfn	1.275
Stokkseyri/ Eyrarbakki	986
Vestmannaeyjar	4.888
Rangárvallasýsla	2.008
Hella	611
Hvolsvöllur	674

Samtals 201.921

sem voru 1994, 76% af íbúafjölda landsins.


Það dregur smám saman úr mikilvægi innanlandsflugs með bættum vegum. Myndin sýnir fjögur stig í hörfun flugs fyrir vegasamgöngum: 1. 1980, 2. 1990, 3. 2000 með Hvalfjarðargöngum og 4. með hálandisvegum.



Seilst hefur verið til að láta hringveginn liggja í gegnum bæi, en þar er umferðin tafir, t.d. með hraðatakörkunum og hringtorgum. Fyrir bragðið er brýnni þörf á nýjum hraðtengingum stystu leið yfir hálandið.



Í samgöngum geta ýmiskonar „þröskuldar“ ráðið úrslitum. Beinir hálandisvegir myndu valda byltingu í flutningum, því bíll kæmist til baka samdægurs hvar sem væri á landinu. Þar með drægi og úr þýðingu strandflutningar á sjó.




að með því mun gefast möguleiki á að opna þá „auðlind“ landsins sem nýtist til útivistar og ferðalaga fyrir þéttbýlisbúa og erlenda ferðamenn. Haustið 1993 var haldinn Þingvallafundur um þessa framtíðarsýn: „Land sem auðlind“ og gefið út rit með sama nafni. Stóra kortið hérna á opnunni sýnir þá tegund af skipulagi, þar sem þéttbýli og dreifbýli er skipulagt saman sem heild. Sams konar aðferð mætti beita til mikils gagns á fleiri svæðum á landinu.

Þegar horft er til framtíðar landsins í heild, skiptir mestu að meta réttilega hver sé skynsamlegasta stefnan í samgöngumálum. Grundvallareinkenni núverandi stefnu er, að verið er að byggja upp samhliða þrjú samgöngukerfi, þ.e. flug, strandsiglingar og landvegi. Með því að dreifa kröftunum í þetta þrennt, verða öll kerfin mjög vanburðug og er enn t.d. óralengt í það að sémilegt vegakerfi sé komið í landið. Hugsanlega verður það ekki fyrr en eftir 60 til 80 ár.

Til að gera sér betur grein fyrir skynsamlegri samgöngustefnu, er gott að skoða málið þróunarsögulega. Fyrst þróuðust samgöngur á sjó, vegna bátaeignar og hafnargerðar, sem þurfti hvort eð var vegna fiskveiðanna. Þá bættust við siglingar gufu-millilandaskipa sem hampalítið var hægt að láta fara á ströndina líka. En hinn mikli ókostur við strandsiglingar í nútímasamfélagi var og er, hve mikinn tíma þær taka. Þannig lögðust farþegaflutningar strandferðaskipanna niður 1969 af því að þá var orðið miklu fljótlegra að ferðast með bílum. Bæði Eimskip og Samskipum þætti það hampaminnna að flytja vöru landveg, ef til væru góðir vegir, en að þurfa að halda uppi dýrum strandsiglingum. Landleiðina þurfa flutningar landshorna á milli aðeins að taka einn dag.

Sú þörf að geta komist á milli landshluta á einum degi, leiddi til uppbyggingar mikils og dýrs flugkerfis í okkar veglausu landi. Talsmenn kjördæma komust upp með að krefjast flugvallar í nánast hverri sveit, sem sést m.a.



Með lagningu góðra hálendisvega myndi starfsemi eflast á þeim svæðum þar sem þeir liggja. Sérstaklega myndu tengipunktur þeirra við hringveginn eflast svo sem Varmahlíð, Akureyri, Skútustaðir, Kirkjubæjarklaustur og Selfoss.

af því að þrír flugvellir voru lagðir á norðanverðu Snæfellsnesi. Alls urðu áætlunarflugvellirnir 31, en danska ráðgjafarfirmið Kampsax benti á það 1969, að 9–10 væri hæfilegur fjöldi á Íslandi.

Slíkt var þá sambandsleysið og ábyrgðarleysið innan kjördæmanna, að nær ekkert var reynt til að fækka flugvöllum og höfnum, t.d. með því að flýta vegabótum, sem þó þurftu að koma og hefðu, með því að flýta þeim,

getað sparað margar hafnir og flugvelli. En hugsunarháttur heimamanna var: — Látum ríkið bara borga sem allra mest. Þessi hugsunarháttur hefur orðið til gífurlegs tjóns og er hliðstæða þess sem gerði færeyska þjóðarþúið nær gjaldþrota.

Eins og sýnt er með kortum hér í opnunni er ekki nema eðlilegt að innanlandsflug og strandflutningar hörfi smám saman fyrir bættum vegasamgöngum. Því þarf að halda

áfram og gera vegakerfið það öflugt að það geti tekið að mestu við þeim flutningum. Það mætti vel gera með því að leggja hraðakstursbrautir stystu leiðir milli landshlutanna, yfir hálendið. Helstu hálendisvegirnir myndu hugsanlega kosta um 5 milljarða, en á móti kæmi strax um 1 milljarðs sparnaður í rekstri og uppbyggingu flugvalla á ári, flutningur fólks og varnings yrði ódýrari með bilum en með flugi, og flutningur flestrar stykkjavöru hagkvæmari og fljótvirkari en með skipum.

Náttúruverndarmál hafa komið inn í umræðuna um hálendisvegi og er athyglisvert að reyndir náttúruverndarmenn eru hlynntir vegum yfir hálendið. Þeir benda réttilega á það, að mikil umferð um hálendið sé orðin óumflýjanleg staðreynd og að reynslan sýni að með vegagerð dragi mjög úr hinum skaðvænlega utanvegaakstri. Einnig er það réttlætismál að gefa öðrum en jeppaeigendum kost á að sjá og njóta þess helmings landsins sem miðhálendið er. Mikill ávinningur yrði jafnframt að nýjum og styttri hringakstursmöguleikum sem sköpuðust á þennan hátt, og samfara auðveldara aðgengi að nokkrum mestu náttúruperlum Evrópu sem finna má hér á landi, myndi það verða mjög til að efla ferðaiðnaðinn.


Snúum okkur nú aftur að byggðamynstri þéttbýlisstaðanna. Rakið hefur verið að framán hvernig byggðamynstur smástaða myndaðist snemma á öldinni með litlum bátahöfnum samfara ófullkomnum landsamgöngum. Hefði ríkið fyrir lagt áherslu á landsamgöngur í stað allra þessara smáhafna og flugvalla, hefðu í tæka tíð skipast forsendur fyrir öflugum þjónustukjarna í flestum landshlutum. Það var fyrir löngu orðið sýnilegt, að krafan um gott þjónustustig myndi sækja á og að hver landshluti þyrfti slíkan öflugan þjónustukjarna.

Ýmis fleiri atriði, svo sem mengunar- og skólamál, eru nær óleysanleg á viðunandi hátt í minnstu þorpunum, nema þau séu svo

nærri stórum stöðum að hægt sé að taka upp samvinnu við þá. Sameining sveitarfélaga auðveldar þetta og aukinn flutningur verkfna frá ríkinu heim í hérað skapar forsendur fyrir öflugum félagskjarna, sem síðan er líklegur til að geta orðið gróðurreitir fyrir ýmsa aðra starfsemi.

Hafa verður sérstaklega í huga, að atvinnustarfsemin, sem stunduð er í landinu, er forsenda byggðamynstursins hverju sinni. Við höfum t.d. séð hvernig síldar- og hvalveiðipláss urðu stórir bæir á skömmum tíma, en lögðust síðan næstum niður eftir að mestu uppgripum af þeim veiðum lauk. Á hinn bóginn hafa í seinni tíð risið ýmis smáþorp inn til landsins, mest vegna nýrrar atvinnugreinar, ferðaiðnaðarinnar.

Ekki er í sjálfu sér að vænta mikilla umskipta á grundvallaratvinnuvegum okkar Íslendinga alveg á næstunni, en sé til lengri tíma litið, sjáum við að í heiminum eiga sér nú stað miklar breytingar, t.d. í umhverfisviðhorfum, nýjum forsendum í viðskiptum og auknum ferðum milli landa. Þær gætu haft mikil áhrif ýmist til ills eða góðs á atvinnulíf þjóðarinnar. Því þurfum við stöðugt að fylgjast náið með þessum breytingum og vera reiðubúin að endurmeta framtíðamöguleika hvernar atvinnugreinar með reglulegu millibili.



Miðpunktur Íslands liggur á miðjum Sprengisandi. Gaman væri í tengslum við vegabætur að reisa þar táknræna glerbyggingu til að minnast árbúsundamótanna 2000. Í myrkrinu myndi hún birtast vegfarendum eins og töfrahöll.

10 Mat á leiðum til framtíðar

SAGA ÍSLENSKU ÞJÓÐARINNAR frá því hún fór að rétta úr kútnum fyrir um hundrað árum, er eitt ævintýralegasta dæmi úr sögu þjóðanna um stöðugan efnahagslegan viðgang og sköpun velferðarþjóðfélags, sem fá sambærileg dæmi finnast um í heiminum.

Nú sjást hins vegar blíkur á lofti. Náð er þeim mörkum sem fiskimiðin geta gefið af sér og reyndar hefur þurft að skera mjög niður afla mikilvægra tegunda af því að í aðgangshörku var farið yfir mörkin í veiðisókn á 8. og 9. áratugnum.

Önnur leið til aukningar þjóðartekna, leið orkuvinnslu, sem byggðist á sölu rafmagns til nýs, orkufreks iðnaðar hefur lokast um skeið, m.a. vegna lækkunar á álverði í hrúni kommúnismans og Sovétríkjanna.

Vegna framleiðslutakmarkana á áli og síðan efnahagsbata í heiminum, fer álverð nú aftur nokkuð hækkandi og gæti álver á Keilnesi því aftur komist á framkvæmdastig. Fyrri draumar um að orkufrekur iðnaður yrði meginstöð efnahagslífs þjóðarinnar með svo sem fimmtán stóriðjuverum, virðast hins vegar að engu orðnir, bæði vegna markaðsmála og þróunar umhverfismála.

Þessi vandræði í íslenskum sjávarútvegi og orkuviðnáði, sem hófust um 1990, leiddu til stöðnunar hagvaxtarins og samdráttar í opinberri þjónustu. Samdrátturinn stafaði að hluta til af kreppu í helstu markaðslöndum þjóðarinnar og af því að mjög kostnaðarsamar tilraunir til atvinnunýsköpunar á 9. áratugnum (loðdýrarækt, fiskeldi o.s.frv.) mistókust.

Síðustu ár hafa bankar, einstaklingar og fyrirtæki verið að vinna sig út úr þessum áföllum og á sama tíma hafa ríki, sveitarfélög og fyrirtæki unnið að mikilli hagræðingu. Þær aðgerðir, ásamt með úthafsveiðum, og aukningu í ferðaþjónustu, hafa bætt stöðuna, svo að árið 1994 fór að birta til.


En þegar lítið er lengra fram á við, er ljóst að þessar aðgerðir og núverandi hagræðingarverkefni duga ekki, heldur þarf að leita markvisst að nýjum möguleikum til tekjuöflunar. Áfram verður einnig að stefna að enn frekari aðgerðum í hagræðingu, því að hætt er við að töluverður dráttur verði á því að fiskstofnarnir taki við sér eða að ný orkusölutækifæri skapist.

Það er verulegt vandamál hve lítið fjárfestingarfé er til í landinu og hve erfiðlega gengur að vekja áhuga erlendra fjárfesta á verkefnum hér á landi. Hugsanleg skýring á því er, að ekki sé til nógu skýrt mótuð opinber stefna um á hvaða sviðum nýsköpun í atvinnulífinu skuli fara fram. En Íslendingum hafa í hinni gömlu forsjarhyggju stjórnvalda verið mislagðar hendur og tregðan í að móta opinbera atvinnustefnu þessvegna skiljanleg.

Í þessum kafla verður gerð lausleg athugun á nokkrum helstu leiðum sem Íslendingar virðast eiga um að velja í þróun til framtíðar. Verður bent á hvernig sumar þessara leiða geta stutt hver aðra, athugað verður hve mikilla fjárfestinga þær krefjast, hvernig núverandi fjárfesting og menntun í landinu gæti nýst, og hvernig byggðamynstrið mótadist af hverri þróunarleið.


Sérstök áhersla verður síðan lögð á að athuga möguleika á að skapa ný störf, því að mannaflapörf mun dragast saman í mörgum greinum vegna tæknivæðingar og ýmsrar annarrar hagræðingar, sem leiðir til þess að skapa þarf um 20 þúsund ný störf fyrir aldamót að mati Vinnuveitendasambandsins.

Leiðirnar sem hér verða ræddar eru: Sjávarútvegisleið, Orkuvinnsluleið, Verndunarleið, Hugvitsleið og Ferðaþjónustuleið. Það er nokkuð ljóst að þessir þættir munu hafa veruleg áhrif á þróun íslenskrar framtíðar. Við mat á þeim þarf stöðugt að taka mið af



VSÍ spáir því að störfum í hefðbundnum greinum fækki á næstu árum. Samtímis því komi nýir árgangar stöðugt á vinnuafllsmarkaðinn og því muni vanta um 14 þúsund ný störf fram til ársins 2000.


Ef sauðfjárbúskapur (grátt) minnkar enn, leggjast þessar byggðir af, en svæði kúabúskapar (brúnt), sem jafnframt njóta ferðaiðnaðar nálægt þéttbýli, munu eflast.



Grundvallarspurning í sambandi við þróun byggðar í landinu er, — hvar vill unga fólkid búa? Vill það setjast að í afskekktum sveitum, í þéttbýli og glaum borgarinnar, eða e.t.v. bæði í borg og úti á landi?



Á þessu línuritni var gert ráð fyrir að þjóðartekjurnar yxu vegna orkuviðnáðar eftir að náð væri hámarksaf-rakstri sjávarútvegs. Hvaða aðrar greinar gætu tekið við því hlutverki?




ytra umhverfi íslenskrar þjóðfélagsþróunar, sem fjallað var um í fyrstu átta köflunum.

Áður en athugun á þessum þróunarleiðum hefst, gæti verið gagnlegt að kanna nokkuð þær breytingar sem nú eru að verða á íslenskum landbúnaði, ekki vegna þess að þar sé að vænta margra nýrra starfa, heldur vegna þess að það var hinn hefðbundni landbúnaður sem ásamt smábátaúrgerð lagði, snemma á öldinni, grunninn að því byggðamynstri sveitavega og smástaða sem ríkir enn að mestu leyti hér á landi, enda þótt mikil fólksfækkun hafi orðið í hinum dreifðu byggðum.

Það er lykilatriði fyrir hin dreifðu sveitahéruð hvað gerist í sauðfjárræktinni. Sauðfé hefur fækkað um nær helming á skömmum tíma, eða um 500 þús. fjár. Það hefur gerst að hluta til vegna almenns samdráttar í kjötneyslu en einnig vegna aukinnar hlutdeildar nauta-, svína- og alifuglakjöts í neyslunni.

Flestir vona að botninum sé náð, en ýmis vandamál, t.d. hátt fituinnihald, linara kjöt úr heimahögum en af heiðum, viðkvæmni fjallbeitar fyrir mengun og mjög smáar og óhagkvæmar rekstrareiningar, gefa ekki tilfni til bjartsýni. Er fljótsagt að ef sauðfjárræktin dregst enn saman, munu flest sauðfjárbú fara niður fyrir hagkvæmnismörk og flest blönduð bú líka. Gætu það orðið endalok hinna fjarlægðu dreifðu sveitahéraða, en mjólkur-, svína-, hrossa- og fuglabú nálægt þéttbýlissvæðunum, myndu lifa af og líklega dafna betur en áður, því að þau myndu bæta við sig markaðshlutdeild af þeim 8 þúsundum tonna sem sauðfjárbú nú framleiða.

Vikjum nú að þeim breytingum sem hafa orðið og gætu hugsanlega orðið í sjávarútvegi, og hvaða breytinga á byggðamynstri yrði helst að vænta í kjölfarið. Frumorsakir þeirra breytinga sem nú eru að gerast í útgerð, eru tvær; minnkandi fiskur, sem leiðir til aflabrests á grunnslóð og þróun í átt til stórra frystiskipa, sem geta sótt fiskinn víðar og náð meiri afla í krafti stórtækra veiðarfæra og ódýrrar olíu.



Framtíðarleiðir og áhrif þeirra hvernar á aðra. Náttúruverndun til styrktar ferðaiðnaði myndi minnka möguleika á orkuvinnslu en uppbygging þekkingar styrkir bæði ferðaiðnað og sjávarútveg.


Þó gott sé að létta á sókninni innan landhelginnar með því að sækja á fjarlæg mið, er of mikil togaravæðing ekki góð þróun út frá umhverfissjónarmiðum því að frystur eða margra daga gamall ísaður fiskur er ekki eins verðmætur og ferskur fiskur dagróðrabáta. Þá verður mikil olíubrennsla stóru skipanna að teljast neikvæð vegna loftmengunar og eins vegna meiri áhættu ef olíuverð skyldi hækka.

Þegar svo lítið er orðið til af fiski, þarf að fá sem allra hæst verð fyrir fiskinn og nýta hann sem allra best og því er það neikvætt að


stóru frystitogararnir fleygja öllu öðru en flökunum. Fiskimjolsverksmiðjur um borð bæta lítt úr skák, því að arðsemi þeirra er lítil. Hvað nýtni varðar eru veiðar lítilla báta hagstæðari, en vegna aflabrests á grunnslóð er útgerð þeirra víða orðin óhagkvæm, sérstaklega frá þorpum inni í djúpum fjörðum.

Af því leiðir að eigendur lítilla báta selja kvóta sinn til stórútgerðanna og er hætt við að það muni síðar leiða til endaloka margra litlu sjávarþorpanna. En hafa þarf í huga, að staða margra þessara byggðarlaga hefur þegar

Fiskmarkaðirnir efla hlutverk klasa í byggðamynstrinu. Hámarkshagkvæmni í rekstri sjávarútvegs næðist með samtengingu byggðaklasanna um hálandisvegi.




Með samvirkni í sjávarútvegi styrkst byggð í klös-um og klasarnir verða meginbyggðasvæði landsins.



Til að ná fullkominni samvirkni í fiskiðnaði þarf að leggja hálandisvegi.


Þær leiðir sem valdar verða í orkunýtingu framtíðarinnar munu ráða miklu um það á hvaða svæðum byggð og atvinnustarfsemi nær að þróast.



Verði ekkert úr stórvirkjunum á Austurlandi munu frekari virkjanir verða á vestari hluta landsins.


veikst mikið vegna samdráttar í landbúnaði og af því að í fæstum þeirra næst það þjónustustig í verslun, skólum o.s.frv., sem flest nútímafólk óskar eftir.

Lítum nú stuttlega á orkuvinnsluleiðina. Vegna sóknar lítt þróaðra landa inn á lág-tæknisvið á bord við okkar málmblendis- og álframleiðslu, má tæplega búast við mikilli uppbyggingu stóriðju hér á landi í framtíðinni umfram það sem nú eru hugmyndir um. Kreppunni erlendis er nú að linna og eiga framleiðendur sem stendur örðugt með að anna eftirspurn t.d. á áli, svo það hefur hækkad verulega í verði. Ekki er víst að sú hækkun



Náttúrufríðun getur stórlega dregið úr möguleikum á frekari jarðhitavinnslu.

sé varanleg og er því rétt að grípa strax tækifæri sem gefast og koma framkvæmdum af stað, til að nýta núverandi meðbyr, ef verðið skyldi lækka aftur. Eftir nokkur ár má búast við mettun markaðanna á þessu sviði og þá verður erfiðara að fá álver byggð. Auk þess má búast við siðferdislegum hömlum á að byggja fleiri álver, m.a. vegna undirritunar okkar á alþjóðlegri viljayfirlýsingu um að stöðva aukningu koltvísýringsframleiðslu. Í heildarsýn út frá umhverfissjónarmiðum heimsins, var í því fólgin viss skammsýni stóru þjóðanna að setja á okkur sömu takmarkanir og lönd sem þegar hafa iðnvæðst,



Íslendingar hafa tilhneigingu til að nýta aðeins eina leið í einu til að ná markmiðum sínum. Þetta greiningartré efnahagslegra markmiða í sjávarútvegi sýnir að hægt er að fara margar leiðir samtímis til að auka tekjurnar.




einkum þar sem hér á landi má nota hreina orku til framleiðslunnar.

Útflutningur raforku um sæstreng er í athugun, en innstreymi ódýrrar orku til V-Evrópu eftir öðrum leiðum, gerir þann valkost ekki líklegan. Auk þessa gengu 1994 í gildi ströng umhverfismátslög á Íslandi sem gera virkjanakosti sem áður þóttu líklegastir norðan Vatnajökuls erfiðari í framkvæmd.


Sama er að segja um vetnisframleiðslu. Hún krefðist þess líka að nýttir væru hagkvæmustu virkjanakostir norðan Vatnajökuls. Hefur umhverfismálaþróunin því dregið úr möguleikum á byggingu hagkvæmustu orkuvera og þar með úr hugsanlegum umsvifum á Austurlandi á því sviði.

Aukning orkuvinnslu er því líklegust á Suðvesturlandi þar sem mestur hluti þjóðarinnar býr. Þær smávirkjanir sem þörf yrði á til innanlandsnota (bæði vatnsafls- og jarðhitavirkjanir), yrðu því nær eingöngu byggðar á vestari hluta landsins.

Í róttækri náttúruverndarleið verða ákveðin verndarsvæði fyrir valinu. Mynstur annarrar landnýtingar þyrfti síðan að laga sig að þeim hömlum sem þeim fylgdu.




Náttúruverndarleið krefðist stórra verndunarsvæða. Dökku reitirnir sýna núverandi þjóðgarða.



Ef verð á vatni hækkaði í heiminum, væri rétt að afmarka viðfæðm vatnsverndarsvæði.


Ferðaþjónustuna, sem meginatvinnugrein, mætti móta ýmist sem mynstur stuttra ferða út frá þéttbýli eða lengri ferða sem spanna landið allt.



Auðveldast er að byggja upp ferðaþjónustu nálægt flughöfnum fjórum.

Þessi sjónarmið hljóta þá jafnframt að ýta undir það að stærstu umhverfisverndarsvæði verði fyrst og fremst afmörkuð á austurhluta landsins. Það gæti fallið nokkuð vel saman við það að margir óbyggðafarðamenn koma einmitt með ferju til Seyðisfjarðar, en mest er um komu ferðamanna til skemmri dvalar og ráðstefnuferða um Keflavíkurflugvöll. Líkur eru helst á að sú heilsárs-ferðaþjónusta sem einkum tengist slíkum ferðum, muni þróast á Suðvesturlandi.


Hér var rætt um tvær afleiðingar verndunarstefnunnar, sem virðist hafa hljómgrunn í þjóðfélaginu. Önnur takmarkar möguleika



Hálendisvegir geta myndað margar stuttar hringleiðir og auðveldað flæði og tilbreytni í ferðaþjónustu.

á orkuvinnslu, en hin styrkir ferðaþjónustumöguleika sem byggjast á ósnortnu landi og eru aðallega á austurhluta landsins.

Þá er það nýlunda, sem tengist verndarstefnunni, að hægt verður að ná fram verðhækkun á landbúnaðarafurðum með því að stefna að verndun og hreinleika, a.m.k. á ákveðnum svæðum. Bændasamtökin áforma samkvæmt því að auglýsa íslenska búvöru erlendis undir slagorðinu „Iceland Going Organic.“ En til þess að það geti orðið trúverðugt, — og nýst einnig fyrir fiskafurðir og Íslandsferðir undir merkjum umhverfisverndar —, þyrfti að útfæra verndunarleiðina



Suðvesturland er aðeins um 100x100 km að stærð. Þetta svæði býr yfir meiri fjölbreytni en flestir þjóðgarðar erlendis. Með góðum hringleiðum og skipulegri uppbyggingu ferðapjónustu, væri hægt að gera þessi auðævi mun aðgengilegri en nú er. Skástríkun sýnir stærstu landslagseiningar, grænir ferhyrmingar mikilvægustu útivistarsvæðin og þeir rauðu háhitasvæðin.



af nákvæmni og kosta miklum fjárhæðum til að koma umhverfismálum á Íslandi í lag. Þetta væri vissulega mjög jákvætt og siðrænt og auðveldara í framkvæmd á Íslandi en í flestum öðrum löndum. En vegna skorts á fjármagni, einkum hjá minni sveitarfélögum, yrði þessu þó tæplega komið í kring á skömmum tíma.

Hitt er aftur áhyggjuefni að með slíkri áherslu á verndunarleiðina kæmumst við undir smásjá og þar með hertara eftirlit erlendra umhverfissinna. Enn bætist það við að núorðið geta erlendir fjölmiðlar fylgst með öllu sem er að gerast á Íslandi og ef við

skipum okkur þannig í fararbrodd náttúruverndar, er hætt við að þeir yrðu fljótir að ráðast á okkur, ef okkur yrðu á einhver mistök. Þannig myndi íslenskur atvinnurekstur og útflutningur lenda í meiri vandamálum en ella, t.d. vegna mótmæla gegn hval- og selveiðum. Jafnframt því megum við búast við aukinni gagnrýni út af ýmsum umdeildum veiðarfærum og ofveiði fiskstofna, bæði í eigin landhelgi og einnig á fiskislóðum utan við landhelgi annarra þjóða.

Fjórða leiðin, oft nefnd sem hugsanleg ný áhersluleið í íslenski þjóðmálafestefnu, er hugvits- eða þekkingarleið. Einmitt á því sviði er mesta byltingin að gerast úti í heimi. Það er lífsskilyrði fyrir hin stóru iðnríki að hasla sér þar völl, því að upp af þeim grunni sprettur öll hátækni framtíðarinnar.

Nokkur smárteki hafa jafnvel náð tókum á þessu, eins og Írland, sem er nú komið með um helming allrar flöguframleiðslu Evrópu í rafeindateki. Dálítill árangur hefur náðst á þessu sviði tæknilegrar nýsköpunar á Íslandi, t.d. í framleiðslu tölvuvoga, en fyrirtækin gera þó lítið meira en að standa undir sér, þrátt fyrir mikla opinbera styrki til hinnar nauðsynlegru þróunarvinnu.

Skynsamlegt er þó að styðja við þessar hugvitsgreinar, því að hátækni getur leitt til ávinnings í ýmsum greinum atvinnulífsins, t.d. í sérhæfðum greinum fiskvinnslu. Á hinu víðara sviði hafa evrópsk stórfyrirtæki yfirburði sem ekki þýðir að keppa við. Í sambandi við hugvitsleiðina má minnst þess, að öflugur kjarni tölvu- og hátæknimanna stuðlar að því að koma ýmsum öðrum ávinningi þekkingarbyltingarinnar á framfæri í þjóðfélaginu.

Hin almenna regla um alla uppbyggingu og fjárfestingu í þekkingu er, að hún sé hagnýt í þeim skilningi að hún skili arði. Á síðustu áratugum eða allt fram til um 1990 fór fram mikil uppbygging þekkingar í verkfræði- og raunvísindadeildum Háskólans til undirbúnings orkuvinnslu og orkufrekum

iðnaði. Einnig var komið á fót öflugum rannsóknarstofnunum fyrir þennan fyrirhugaða framtíðaratvinnuveg, eins og hjá Orkustofnun og Náttúrufræðistofnun.

Nú er ekki útlit fyrir að mikið verði úr þeim atvinnuvegi og þyrfti því að kanna, hvort hægt væri að nýta þessa þekkingu og skipulag þessara stofnana með einhverjum öðrum hætti. Hugsanlega mætti nú reyna að breyta starfseminni þannig að þekking þeirra á náttúru landsins mætti nýtast t.d. við skipulagningu á ferðaþjónustu, til að undirbúa útflutning á vatni eða til vinnslu og útflutnings steinefna í stórum stíl.

Það er annars merkilegt hve íslenskir framhaldsskólar og háskólar hafa lítið reynt að koma til liðs við atvinnulífið með því að þróa tækni og þekkingu sem gæti aukið nýsköpun, hagkvæmni og afköst. Það er ekki fyrir en nú á allra síðustu árum sem skólar eru farnir að gefa gaum sjávarútveginum, sjálfri undirstöðunni, og sáralítill áhugi virðist í háskólunum á rannsóknum á þeim ávinningi sem breytingar á þróun byggðar og samgangna geta leitt af sér.

Sama er að segja um nýjasta og vænlegasta vaxtarbroddinn, ferðaþjónustuna. Svo til engum fjármunum er veitt til rannsókna í þeirri grein og háskólar bjóða enga kennslu í ferðafræðum, þó þar sé helst að vænta flestra starfa í framtíðinni fyrir æsku landsins.

En ábyrgð stjórnálmámannanna er líka mikil. Þeir þurfa að komast að niðurstöðum og skilgreina betur hvaða atvinnugreinar eigi að bera uppi atvinnulífið í framtíðinni. Þeir verða einnig að beita sér fyrir því, að skólar og fyrirtækin byggji upp þá þekkingu og mennti það fólk sem þarf til þeirrar atvinnuuppbyggingar. Aðeins með mótun slíkrar atvinnustefnu til framtíðar verður þekkingaröflun og mótun byggðar- og þjónustukerfa í landinu hagkvæm og markviss og þannig tryggð þau lífsskjör og lífsgildi, sem þarf til að tryggja öfluga framtíðarúsetu í landinu.



Þörf er á mótun atvinnustefnu til framtíðar, til að ákveða að hverju Íslendingar eigi að snúa sér í framtíðinni. Síðan verður öll uppbygging þjónustukerfa landsins og menntun unga fólksins að taka mið af slíkri stefnu.

Kortaskrá

Sé annars ekki getið, eru kortin og myndirnar hannaðar af Trausta Valssyni með ráðgjöf frá Albert Jónssyni.


Ferjutenging Íslands við hraðlestarkerfi Evrópu	6	Járnbrautarleið milli Evrópu og Ameríku	37
Byggðir og siglingaleiðir víkinga	7	<i>J.V.Harrington</i>	
<i>Vikingarnir, AB 1967</i>		Alheims-rafkerfi	37
A. Stuðningur Bandaríkjanna við valdajafnvægi í Evrópu í fyrri heimsstyrjöld	10	<i>R.B.Fuller</i>	
B. Bandaríkin taka þátt í seinni heimsstyrjöldinni	10	Siglingaleið um Norður-Íshafið til Asíu	39
C. Loftflutningar á herafla yfir Atlantshafið	10	<i>The Arctic Searoute</i>	
Lega Íslands nálægt átakamiðjunni milli Austurs og Vesturs	11	Öflugustu tækniþróunarsvæði heims	44
Nýtt spennusvið milli Norðurs og Suðurs	11	Höfuðstöðvar hönnunar í heiminum	44
Stefna samrunaþróunar í Evrópu	13	Útbreiðsla vestrænnar og engilsaxneskrar menningar	45
Nýir svæðistengdir ríkjahópar sem eru í móton	15	Miðlæg staða Íslands á loftferðaöld	49
Lönd sem eru mjög háð utanríkisverslun	18	<i>Arctic Challenges. Nord 1993:31</i>	
<i>The World Bank Atlas 1994</i>		Sókn Evrópumanna til Vesturheims	50
Lönd mestu og minnstu landsframleiðslu	18	Siglingaleiðir víkinga til Bretlandseyja, Færeyja og Íslands	50
<i>The World Bank Atlas 1994</i>		<i>Vikingarnir, AB 1967</i>	
Út- og innflutningur Íslendinga	19	Fólksflutningar suður á bóginn	50
<i>Hagstofa Íslands</i>		Fólksflutningar til norðurs ef hlýnar	50
Miðlæg svæði innan viðskiptablokka heimsins	20	Stefna menningstrauma til vesturs	51
Mikilvæg vaxtarsvæði þar sem fjármagn og ódýrt vinnuafli mætist	20	Vaxtarsvæði vegna miðsóknarafls	52
Miðja kjarnasvæðis Evrópu færast til Suður-Þýskalands	21	Sókn fólks til hlýrra strandsvæða	52
Lönd mesta hagvaxtar 1985–92	22	Óróasvæði í framtíðinni	53
<i>The World Bank Atlas 1994</i>		Öruggustu svæði heims í framtíðinni	53
Lönd mestu fólksfjölgunar 1985–92	22	Friðunarsvæði hvala á Suðurhveli jarðar	55
<i>The World Bank Atlas 1994</i>		Íbúaféttleiki í Evrópu	58
Ástæða fyrir vali Brussel sem „höfuðborgar“ ESB	23	<i>Danmark på vej mod år 2018</i>	
Aðildarlönd RAMSAR-samþykktar um votlendis-svæði heimsins	26	Helstu styrkjiasvæði ESB	58
<i>Náttúran á sér engin landamæri. Ráðherranefnd Norðurlanda, 1990</i>		<i>Leader-stofnunin í Brussel</i>	
Aðildarlönd WASHINGTON-samþykktar um stjórnun verslunar með dýr	26	Hraðlestakerfi Evrópu árið 2010	59
<i>Náttúran á sér engin landamæri. Ráðherranefnd Norðurlanda, 1990</i>		<i>The European Highspeed Train Network. CEC XII, 1990</i>	
Svæði alþjóðlegra samninga um hafið	27	Gamli og nýi byggðakjarni Vestur-Evrópu	60
<i>Newsweek 1990</i>		<i>Urban networking in Europe – I. Ekistics, 1991</i>	
Útbreiðsla mengunar af brennisteinstvíldi	27	Hreyfing þróunar ESB til austurs og suðurs á 9. áratugnum	60
<i>World Environment Atlas</i>		Þýskaland á krossgötum viðskipta og samgangna	60
Miðhálandið–Svæðisskipulag	29	Verkun miðsóknar- og miðflottaafis í Evrópu	61
<i>Byggingarverkfræðiskor HI, 1991</i>		Tvö tengisvæði í Evrópu	62
Svæði alvarlegs umhverfisvanda í heiminum	35	„Nýi bananinn“ í Austur-Evrópu	62
<i>Atlas of the Environment</i>		Öflugt vaxtarsvæði í Suður-Evrópu	62
		Karlskróna sem „höfuðborg“ Eystrasaltsins	62
		<i>Nord Revy. 3/4 1993</i>	
		Sérhæfing borga í „Bláa banananum“	63
		<i>Danmark på vej mod 2018</i>	
		Aðildarlönd Vestur-Evrópusambandsins (VES)	66
		Aðildarlönd Öryggis og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE)	66
		Aðildarlönd Atlantshafsbandalagsins (NATO)	66
		Ný skipting Evrópu í þróunarsvæði	68


Skipting Evrópu í áhrifsvæði	68	Hitnun jarðar	26
Hafsvæði á N-Atlantshafi og „smugur“ á því svæði	70	<i>Bartolomeu. Environmental Atlas</i>	
<i>Morgunblaðið, Guðmundur O. Ingólfsson</i>		Fjölgun ferðamanna (línurit)	28
Flutningur úr sveitum til þorpa og bæja á Íslandi	74	<i>Ferðamálaráð Íslands</i>	
Flutningur til Suðvesturlands hefur verið ráðandi síðan um 1950	74	Sveiflur í umhverfisumræðu frá um 1800	31
Ný þróun, tvöföld búseta, hófst á Íslandi um 1980	74	Sveiflur í umhverfisumræðu frá um 1950	31
Búseta í tveimur löndum samtímis sækir á	74	Hringrásarskipulag í iðnaði	34
Vaxtarsvæði framtíðar á Íslandi	75	Gamla kerfið og nýja hringrásarkerfið, samanburður	35
<i>Frumtillaga að ritinu Breyttar áherslur í byggðamálum. Byggðastofnun 1993</i>		Aukning þjóðartekna (línurit)	36
Fegurstu svæði á Suðvesturlandi	76	<i>Aftur til framtíðar: Ísland 2000 Endurskoðað. Landsvirkjun 1990</i>	
<i>Ritið Land sem auðlind, 1993</i>		Áætlun um raforkuframleiðslu til 2015	36
Byggðaþríhyrningurinn á Suðvesturlandi	76	<i>Landsvirkjun 1995</i>	
<i>Ritið Framtíðarsýn — Ísland á 21. öld, 1991</i>		Víxlverkun áhrifavalda	43
Nýjar hringleiðir um Leggjabrjót og Uxahryggi	76	Flata heimsmýndin	54
<i>Ritið Land sem auðlind, 1993</i>		Heimsmýnd hnattarins	54
Hugmynd að skipulagi Suðvesturlands	77	Hvernig sínusbygja verður til	54
<i>Ritið Land sem auðlind, 1993</i>		Lífsferill framleiðsluvöru	54
Hörfun flugs fyrir vegasamgöngum	78	Stofnanir ESB	67
<i>Ritið Land sem auðlind, 1993</i>		<i>Evrópubandalagið. Háskólaútgáfan, 1990</i>	
Útskýring á „tíma-þröskuldum“ í samgöngum	78	Helstu atburðir á Íslandi á þessari öld	69
<i>Ritið Framtíðarsýn — Ísland á 21. öld, 1991</i>		Ísland og aðild að alþjóðastofnunum	71
Hugmynd að kerfi hálendisvega	79	Íbúafjöldi á Suðvesturlandi 1994	77
Svæði sauðfjár- og kúabúskapar	82	<i>Hagstofa Íslands, 1995</i>	
Þróun í sjávarútvegi eflir byggðaklasa á landinu	84	Vinumarkaður í ójafnvægi	81
Samvirkni byggðaklasa og fiskmarkaða myndi eflast með hálendisvegum	84	<i>Vinnuveitendasamband Íslands 1995</i>	
Vænlegustu virkjunarstaðir varnsafls á landinu	84	Nýir möguleikar í aukningu þjóðartekna	82
Vænlegustu virkjunarstaðir jarðhita á landinu	84	<i>Viðbót við línurit Agústar Valfells</i>	
Hugmynd um stór verndunarsvæði	84	Áhrif leiða framtíðar hver á aðra	83
Bestu neysluvatnssvæði á Íslandi	84	Markmið til aukningar tekna af sjávarútvegi	85
<i>Ritið Vatns er þörf</i>	86	Tímaásar framtíðarinnar. (Opna)	92–93
Nálægð við flughafnir gerir uppbyggingu ferðaþjónustu auðveldari	86		
Hálendisvegir auðvelda mótun stuttra hringleiða	86		
<i>Ritið Framtíðarsýn — Ísland á 21. öld, 1991</i>			
Fjölbreytni möguleika á Suðvesturlandi	87		
		Ljósmyndir	
		Grískt ljón	6
		<i>Úr Vikingarnir. AB, 1967</i>	
		Forn peningur	8
		<i>Úr Vikingarnir. AB, 1967</i>	
		Lenín fallinn	9
		<i>L'Express</i>	
	5	Fall Berlínarmúrins	12
	14	Forsætisráðherrar Eystrasaltslanda	12
	14	<i>Morgunblaðið</i>	
	14	Undirritun EES-samningsins	12
	14	<i>Morgunblaðið. Guðlaugur Tryggvi Karlsson</i>	
	27	Sokknir hvalbátar	16
		<i>Morgunblaðið</i>	

Skýringarmyndir

Myndrænt efnisyfirlit bókarinnar	5
A. Alþjóðakerfinu mátti áður líkja við billjarðspil	14
B. Alþjóðaáhrif sem nettenging hagsmuna	14
A. Þjóðríkið sem sterkasta stjórnsýslustig	14
B. Önnur stjórnsýslustig styrkjast	14
Á Ísland er hlutfall alþjóðaviðskipta hátt	27
<i>Hagstofa Íslands</i>	

Frá Sundahöfn <i>Trausti Valsson</i>	18	Svæði Reykjalundar <i>Reykjalundur. Jón K. Snorrason</i>	46
Verkakonur í þróunarlandi <i>Upplýsingarit ESB</i>	20	Hugmynd um hótél í Krýsuvík <i>Tourism in Iceland, 1975</i>	47
Brussel <i>Upplýsingarit ESB</i>	23	Bláa lónið <i>Kristinn Benediktsson</i>	47
ECU-peningur	24	Frá Listahátíð	48
Endimörk vaxtar <i>Forstíða bókarinnar</i>	25	<i>Skrifstofa Listahátíðar</i>	
Tré skemmd af súru regni <i>Eur-op News</i>	26	Skip Kólumbusar <i>Myndasafn Fjölva</i>	51
Hin hreina orka <i>Kristinn Benediktsson</i>	28	Táknmynd um samhygð í heiminum <i>Fritmerki S.P.</i>	55
Virkjun í Soginu <i>Landsvirkjun. Emil Þór Sigurðsson</i>	28	Táknmerki aðalstöðva Sameinuðu þjóðanna	56
Skíðaskálinn í Hveradölum <i>Myndasafn Fjölva</i>	30	Fáni ESB	57
Hitaveituleiðsla <i>Hitaveita Reykjavíkur</i>	30	Öxulþungi mældur á Íslandi <i>Vegagerðin. Sigurður Hauksson</i>	58
Rafmagnstilraunabíll háskólans <i>Gísli Jónsson</i>	30	Hraðlest <i>Bæklingur TGV í Frakklandi</i>	59
Áhrif varnargarða <i>Hreinn Haraldsson</i>	30	Frá sólarströnd <i>Úrval-Útsýn</i>	61
Táknmynd manns og tækni <i>Leonardo da Vinci</i>	30	Kehl-brúin yfir Rín <i>Eur-op News</i>	63
Flokkunarstöðin í Gufunesi <i>Sorpa b.s. Emil Þór Sigurðsson</i>	32	Austur-þýski herinn marsérar <i>Myndasafn Fjölva</i>	64
Hringir úr gúmmí <i>Gúmmívinnslan hf.</i>	33	Tengibox úr tölvu	65
Álverð í Straumsvík <i>ÍSAL. Ivar Magnússon</i>	34	Merki EFTA áður en ríkjum þess fækkaði	67
Fiskmarkaður <i>Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins</i>	34	Frá fundi í Evrópusambandinu <i>Upplýsingarit ESB</i>	68
Tölvuvog <i>Marel hf.</i>	34	Fundur í NAMMCO <i>Morgunblaðið</i>	70
Nýjar neyslupakkningar <i>Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins</i>	36	Togarar að veiðum <i>Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins</i>	70
Ígulker <i>Myndasafn Fjölva</i>	38	Höfuðstöðvar NATO í Brussel <i>Upplýsingarit frá NATO</i>	71
Tölva	38	Global Paradox	72
Jörðin séð frá tunglinu <i>Upplýsingarit ESB</i>	38	<i>Forstíða bókarinnar</i>	
Kvennalistakonur <i>Myndasafn Fjölva</i>	40	Gamall togari <i>Guðbjartur Ásgeirsson, Hafnarfirði</i>	73
Fáni Suður-Kóreu	40	Hringtorg í Mosfellsbæ <i>Trausti Valsson</i>	78
Frá tískusýningu <i>Unnur Arngrímsdóttir</i>	41	Hálendismiðstöð <i>Framtíðarsýn — Ísland á 21. öld</i>	80
Skólastofa — Vinnuherbergi <i>Trausti Valsson</i>	42	Uppvaxandi kynslóð <i>Trausti Valsson</i>	82
	42	Unnið í fiski <i>Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins</i>	85
	44	Ferðamenn <i>Safariferðir</i>	87
	46	Ungt fólk	88





Eftirmáli

ÖLLUM MÁ LJÓST VERA að gífurleg umbylting hefur orðið á örfáum árum í ytra umhverfi þjóðarinnar. Við heyrum í heimsfréttum hve skammt er stórra högga á milli á alþjóðasviðinu. Heimurinn hefur verið svo að segja að taka stakkaskiptum, og þar með verður margvísleg breyting á aðstöðu okkar í alþjóðasamstarfi. Í krafti nýrra sjónarmiða eru gerðar aðrar kröfur til okkar sem þjóðar en áður. Stærstu breytingarnar birtast m.a. í lokum kalda stríðsins, stórauðnum kröfum tengdum umhverfismálum, samrunaþróuninni í Evrópu, stækkun Evrópusambandsins og GATT-samningunum.

Þessir og fleiri atburðir munu snerta okkur á öllum sviðum alþjóðasamskipta, jafnt í öryggismálum sem markaðs- og efnahagsmálum. Þeir munu í framtíðinni hafa veruleg áhrif á stöðu Íslands, ekki síst á möguleika þjóðarinnar á markaðssetningu og þar með viðtæk áhrif á arvinulíf og allt þjóðlíf Íslendinga.

Fréttir af þessum atburðum dynja næstum daglega yfir okkur í fjölmiðlum, en þær eru sundurlausar og oft erfitt fyrir almenning að gera sér grein fyrir í heildarsýn, hvað er á seyði og hvernig þetta snertir okkur. Margar opinberar skýrslur hafa verið samdar um takmörkuð svið í stjórnsýslunni, svo sem hið mikla útgáfustarf, þýðingar og löggjöf í sambandi við Evrópska efnahagssvæðið og tengsl þess við Evrópusambandið, en það efni er bæði óaðgengilegt og of viðamikil til þess að veita heildarsýn.

Því er mikil þörf á að gera aðgengilega samantekt, á einum stað, á helstu þáttum þessara breytinga, þar sem jafnframt sé varpað ljósi á áhrif þeirra á framtíðarmöguleika Íslands.

Trausti Valsson skipulagsfræðingur setti saman frumhugmynd að slíku riti veturinn 1993–94 og hóf undirbúning verksins. Til undirbúnings tók Trausti sér ferð á hendur til að kynna sér störf og framtíðarhugmyndir ýmissa alþjóðastofnana og dvaldist m.a. um skeið í Brussel við rannsóknir, öflun heimilda og viðræður við ýmsa áhrifamenn og stjórnendur.

Þegar heim kom, fór hugmynd hans að taka á sig svip. Hann fékk þá að fá til liðs við sig Albert Jónsson deildarstjóra, þar sem nauðsynlegt virtist að lærdur stjórn málafræðingur kæmi líka að þessu viðamikla verki. Hefur samstarf þeirra Trausta og Alberts verið með ágætum og á það mikinn þátt í hve verkið hefur gengið vel. Þeir hófu að kynna þetta verk sitt fyrir innlendum stjórnvöldum og skrifuðu nokkurra blaðsíðna lýsingu á verkinu með drögum að efnistöfum og kaflaskiptingu. Leiddi það til þess að ríkisstjórnin samþykkti að styrkja útgáfuna.

Fjölvaútgáfan tók að sér verkið og undirbjó tæknilega og grafíska framsetningu á efninu. Notaður var hinn alþjóðlegi kortagrunnur Cartesia og Íslandsgrunnur Vegagerðar ríkisins. Kjartan Jónsson hönnuður sá um listræna útfærslu á kortum og myndum.

Höfundarnir Trausti og Albert skiptu í fyrstu nokkuð með sér verkum eftir sérfræðihlutverki sínu. Þannig ritaði Albert frumdrögin að 1., 2. og 8. kafla, en Trausti að öllum hinum. Allan tímann var hinsvegar náð samstarf með þeim um alla bókina og þeir unnu sameiginlega að úrvinnslu handrits upp úr frumdrögum allra kaflanna.

Þá var leitað til margra aðila um yfirlestur handritsins og má þar nefna fremsta þá Björn Bjarnason alþm. og formann utanríkismálanefndar og prófessor Ragnar Sigbjörnsson forstöðumann Verkfræðistofnunar háskólans. Báðir sýndu verkinu mikinn áhuga og gáfu fjölda góðra ábendinga. Að lokum féllst Björn góðfúslega á það að fylgja þessu verki úr hlaði með formála og eru honum færðar sérstakar þakkir fyrir það. Starfsmenn Fjölvaútgáfunnar hafa svo komið að verki um ýmiskonar tæknileg atriði, umbrot, málfar og samræmingu. Til verksins lagði Fjölvaútgáfan til fullkomnustu gerð Powermac-tölvu ásamt nauðsynlegum teikniforritum, svo sem PhotoShop. En Trausti annaðist endanlegan frágang handritsins til útgáfu. Það er nokkuð athyglisvert, hve margir hafa fengið sérstakan áhuga á vinnslu og ráðgjöf við þetta verk, sem kom m.a. fram í því að engir þeirra hafa óskað eftir greiðslu fyrir alla hjálpsemina. Svarið er bara, að þeirra sé ánægjan að mega taka þátt í þessu skemmtilega verkefni.

Þegar bók sem þessi er unnin, koma mörg sjónarmið til greina við gerð hennar, sem og í túlkun þeirra atburða og þróunar sem hún segir frá. Eðlilegt er að bókin mótist af skoðunum höfundanna og fræðum þeirra, en jafnan í hlutlægum anda. Albert er stjórn málafræðingur, var fyrst frétta- maður á Ríkisútvarpi og sjónvarpi, starfaði síðan lengi hjá Öryggismálanefnd og síðan 1991 deildarstjóri í forsætisráðuneytinu, þar sem hann sinnir alþjóðamálum. Trausti er skipulagsfræðingur og hefur doktorsgráðu í umhverfismálum. Hann vann m.a. í sex ár við skipulag Reykjavíkur. Báðir hafa þeir kennt faggreinar sínar við Háskóla Íslands um allan langt skeið. Margar hugmyndir sem fram koma í bókinni hafa mótast í samstarfi við nemendur og samkennara þar og eru þeim færðar bestu þakkir sem og öllum öðrum sem hafa lagt hönd að verki.

Reykjavík í janúar 1995.

English Summary

The book's title: At the Turn of the Century — Iceland's Position in a Changing World

Dramatic changes have taken place on the international scene in the last few years. Consequently, most nations are now in the process of assessing the impact of these changes, on their foreign and domestic policies.

It is the aim of this book to conduct a study of these changes from the viewpoint of Iceland and thereby clarify the possibilities and pitfalls facing the country in an emerging world.

The first part of the book describes, partly in a historic perspective, the changes that have occurred, or are occurring, in five main areas of international affairs: politics, trade, the environment, technology and culture.

In international politics the end of the Cold-War has had the most impact. During that period, Iceland, being in the middle of the North-Atlantic, benefited in many ways from its strategic position. The book finds that, in spite of lessened tensions between Russia and the West, the country will continue to be of strategic importance.

Foundations for enhancement of European integration were laid by the establishment of EC (EU) in 1957 and EFTA in 1960. In January 1994 these two blocks adopted an agreement on their merger (the EEA agreement). Since most of the other EFTA countries have since entered the EU, the EEA agreement must be adapted to the new situation.

In recent decades, environmental issues have been increasingly in focus, on the international scene as well as the domestic. International law, e.g. on the sea, has been of great importance for Iceland and there is a growing interest in environmentally clean products from Iceland. However environmental extremists have caused some worries, the whaling issue being a case in point.

The second part of the book presents visually, the most basic features of the new Europe and the World on maps and clarifies Iceland's position in respect of spatial developments, new infrastructures etc.

The third and final part of the book presents these same spatial features within Iceland itself and, for instance by demonstrating how the road infrastructure, originally built to serve farming areas and small fishing towns, could be adapted to serve other activities in the country and thus pave the way for promising new developments.

Atriðisorð

- Alþjóða-hvalveiðiráðið 66
- Atvinnustefna 80,88
- Búsetubreytingar í heiminum 49
- Búsetubreytingar á Íslandi 50, 74
- Byggyðamynstur á Íslandi 73, 80
- Byggyðapríhyrningur á Suðvesturlandi 76
- EES (Evrópska efnahagssvæðið) 6, 11, 16, 24, 32, 58, 64, 67, 72
- EFTA (Fríverslunarsamtök Evrópu) 16
- ESB (Evrópusambandið) 11, 24, 32, 57, 64, 72
- Fall Sovéttblokkarinnar 9, 56
- Ferðapjónusta 28, 86, 88
- GATT (Tolla- og viðskiptasamningur) 6, 17
- Græningjar 41
- Hagræðing 38,40
- Hálendisvegir 79
- Hugvit 33, 40, 43, 86
- Ímynd 48,67
- Íslenska skólakerfið 48,88
- Landhelgismál 25, 70, 82
- NAFTA (Fríverslunarsamningur N-Ameríku) 18
- NAMMCO 70
- NATO (Atlantshafsbandalagið) 10, 70
- Norðurlönd 57
- Orkuvinnsla 28, 34, 36, 81, 83
- Ríkjaráðstefna ESB 68
- Ríóráðstefnan 28
- Rómarsáttmálinn 22
- Sameinuðu þjóðirnar 56
- Sjálfbær þróun 26
- Sjávarútvegur 17, 31, 36, 49, 70, 81, 84
- Starfsháttabreyting 61
- Stokkhólmsráðstefnan 25
- Vaxtarsvæði í Evrópu 62
- Vaxtarsvæði í heiminum 49
- Vaxtarsvæði á Íslandi 76
- Verndunarleið 32, 34, 41, 72, 86
- VES (Vestur-Evrópu sambandið) 24, 66
- Víkingarnir 8
- WTO (World Trade Organisation) 16, 17, 24
- ÖSE (Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu) 66

Heimildaskrá

- Albert Jónsson: Ísland, Atlantshafsbandalagið og Keflavíkurstöðin. Öryggismálanefnd, 1990.
- Albert Jónsson og Kristinn Hrafnsson: Umhverfismál á alþjóðavettvangi og hagsmunir Íslendinga. Öryggismálanefnd, 1991.
- Atlas of the Environment. WWF. Arrow Books, 1990.
- Á leið til sjálfbærrar þróunar. Stefna og framkvæmdir ríkisstjórnar Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks í umhverfismálum. Umhverfisráðuneytið 1993.
- Ágúst Valfells: Aftur til framtíðar: Ísland 2000, endurskoðað. Rvk. 1990.
- Breyttar áherslur í byggðamálum. Byggðastofnun, 1993.
- Brown, Lester R. o.fl.: State of the World 1994. W.W.Norton & Co, 1994.
- Cole, John og Francis: The Geography of the European Community. Routledge, 1993.
- EC Research Funding. Þriðja rammaáætlunin, 1992.
- The Economist Atlas of the New Europe. The Economist Books, 1992.
- Energy Resources and Dams in Iceland. Rvk., 1989.
- Europe 2000. Outlook for the Development of the Communities Territory. ESB, 1991.
- Europe in Figures. ESB, 1992.
- Gardner, Richard N.: Negotiating Survival, Four Priorities after Rio. Council of Foreign Relations Press, 1992.
- Greinargerð með vísindastefnu ríkisstjórnarinnar, 1993.
- Gunnar G. Schram: Evrópubandalagið. Háskólaútgáfan, 1990.
- Ísland 2010. — Auðlindir um aldamót. Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun, 1987.
- Ísland 2010. — Gróandi þjóðlíf. Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun, 1987.
- Ísland. — Umhverfi og þróun. Umhverfisráðuneytið, 1992.
- Íslenskur söguatlas, 1., 2. og 3. AB 1989–93.
- Jón Torfi Jónsson: Menntun og skólastarf á Íslandi í 25 ár, 1985–2010. Rvk. 1990.
- Kennedy, Paul: Preparing for the twenty-first Century. Vintage Books, 1994.
- Mat OECD á stöðu og framkvæmd umhverfismála á Íslandi. Íslensk þýðing: Umhverfisráðuneytið, 1993.
- Málþing um þjóðarímynd. Skýrsla til forsætisráðherra, 1992.
- Naisbitt, John: Global Paradox. William Morrow & Co, 1994.
- Naisbitt, John: Megatrends. Ten New Directions Transforming our Lives. Warner Books, 1982.
- Nordens kommende indflydelse på EF's regionale struktur. Nord. Revy, 3/4 1993.
- Nýjar hugmyndir um langtímastefnumótun Íslendinga í Efnahagsmálum. Tillaga McKinsey & Co 3/6 1992. Stjórnunarfélagið.
- OECD Environmental Performance Review — Iceland. OECD, 1993.
- Rannsóknir við Háskóla Íslands 1989–1990. Ritstjóri Hellen M. Gunnarsdóttir. Háskólaútgáfan, 1991.
- Science, Technology and Innovation Policies. — Iceland. OECD, 1993.
- Sjálfbær þróun. Umhverfisráðuneytið, 1991.
- Skýrsla um samkeppnisstöðu Íslands. — Alþjóðlegur samburður. Aflvaki Reykjavíkur h.f., 1994.
- Stefna í náttúruvernd. Náttúruverndarráð. Útg. sem handrit, 1992.
- Stefnumótun í markaðsmálum til ársins 2000. Ferðamálaráð, 1992.
- Stuðningur stjórnvalda við nýsköpun í atvinnulífi. Iðnaðarráðuneytið, 1993.
- Tengsl Íslands við umheiminn. Áhrif alþjóðasamninga á samkeppnishæfni og lífskjör. VSÍ, VÍ, SÍ, 1994.
- Tomasson, Richard F.: Iceland. The First New Society. Iceland Review, 1980.
- Trausti Valsson: Framtíðarsýn — Ísland á 21. öld. Fjölvi, 1991.
- Trausti Valsson: Land sem auðlind. — Um mótun byggðamynsturs á Suðvesturlandi í fortíð, nútíð, framtíð. Fjölvi, 1993.
- Urban networking in Europe — I og II. Ekistics, 1991.
- Western Europe. A Systematic Human Geography. Oxford University Press, 1990.
- The World Almanac 1994. Funk and Wagnalls, 1993.
- The World Bank Atlas 1994. The World Bank. Washington D.C., 1993.
- World Development Report 1991. The World Bank, 1991.
- World Environmental Atlas. Bartholomew, 1991.